40. Áfallin lífeyrisskuldbinding A-hluta vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) nam 27.920 mkr í árslok 2015 en áfallin skuldbinding A- og B-hluta nam 28.488 mkr að teknu tilliti til hlutdeildar í hreinni eign lífeyrissjóðsins. Meginhluti réttinda í lífeyrissjóðnum fylgir launabreytingum og eru þau núvirt miðað við 2% vaxtaforsendu en að öðru leyti er núvirt miðað við 3,5% vexti. Við mat á lífeyrisskuldbindingu A-hluta vegna LsRb eru notaðar forsendur um dánar- og lífslíkur í samræmi við tillögu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga að breytingu dánar- og eftirlifendataflna frá 1. mars 2015. Við tryggingafræðilega athugun á fjárhag LsRb er hins vegar stuðst við gildandi dánar- og eftirlifendatöflur frá árinu 2012 sem miðast við reynslu árána 2007-2011. Breytingartillagan frá 1. mars 2015 felur í sér nýja aðferðafræði við mat á dánar- og lífslíkum á þann veg að gert er ráð fyrir að dánartíðni haldi áfram að lækka og meðalævi að lengjast næstu áratugina í stað þess að miða dánar- og lífslíkur við reynslu undangenginna ára. Það er mat stjórnenda Reykjavíkurborgar að þessi nýja aðferðafræði gefi gleggri mynd af lífeyrisskuldbindingu A-hluta í árslok 2015 og að Reykjavíkurborg beri að taka tillit til hennar með vísan til ársreikningalaga. Jafnvel þótt þessi aðferð hafi ekki tekið gildi samkvæmt reglum um tryggingafræðilega athugun lífeyrissjóða. Mat stjórnenda byggir m.a. á því að Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar er lokaður sjóður.

Áhrif af forsendum um lækkan dánartíðni á lífeyrisskuldbindingu A-hluta og A- og B-hluta eru til hækkunar um 6.509 mkr. Að mati stjórnenda Reykjavíkurborgar væri skuldbindingin vanmetin sem þessu nemur ef miðað væri við dánar- og lífslíkur samkvæmt reynslu árána 2007-2011 og ekki reiknað með vaxandi lífslíkum til framtíðar.

Við mat á skuldbindingu A-hluta hefur einnig verið tekið tillit til kjarasamninga sem samþykktir voru á síðasta ársfjórðungi 2015 en ekki er tekið tillit til í tryggingafræðilegrar athugunar á fjárhag lífeyrissjóðsins. Áhrif þessara breytinga á lífeyrisskuldbindingu A-hluta og A- og B-hluta eru til hækkunar um 1.580 mkr.

Mat á lífeyrisskuldbindingu A-hluta var unnin af tryggingastærðfræðingi LsRb á sama hátt og tryggingafræðileg athugun sjóðsins með framangreindum breytingum á forsendum. Breyting á lífeyrisskuldbindingu á tímabilinu janúar - júní 2016 er áætluð.

Skuldbindingin greinist þannig:

	A-hluti	A- og B-hluti
Lífeyrisskuldbinding 1.1.2016	27.920.028	28.487.689
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna á tímabilinu	(870.329)	(880.699)
Breyting á lífeyrisskuldbindingu á tímabilinu	2.755.985	2.811.336
Lífeyrisskuldbinding 30.06.2016	<u>29.805.684</u>	<u>30.418.326</u>
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar	2.068.400	2.093.400
Langtímahluti lífeyrisskuldbindingar	<u>27.737.284</u>	<u>28.324.926</u>
	<u>29.805.684</u>	<u>30.418.326</u>

Aðalsjóður greiddi á árinu 2007 inn á lífeyrisskuldbindingu sína hjá LSR með verðbréfum vegna sölu Landsvirkjunar.

Lífeyrissjóðurinn heldur þessari innborgun aðgreindri frá öðrum eignum lífeyrissjóðsins við útreikning á lífeyrisskuldbindingu borgarinnar.

41. Fyrir liggur tryggingafræðileg athugun tryggingastærðfræðings Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS) vegna ársins 2014 sem sýnir að mótframlag launagreiðanda þarf að hækka um 4,51 prósentustig til að standa undir lífeyrisskuldbindingum. Í samþykktum LSS segir að iðgjald sjóðfélaga skuli nema 4% af launum en iðgjald (mótframlag) launagreiðanda skal nema 12% en það skal endurskoða árlega í samræmi við niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar. Ef iðgjald launagreiðanda hefði verið hækkað af stjórn LSS í upphafi árs 2014 hefðu útgjöld A-hluta hækkað um 785 mkr á árinu. Samkvæmt athuginni námu heildareignir sjóðsins 140 mkr en skuldbindingar 160 mkr. Skuldbindingar umfram eignir eru því 20 mkr, eða 12,5% af skuldbindingum.

Skýringar, frh.

Langtímaskuldir

42. Langtímaskuldir greinast þannig:

	A-hluti	A- og B-hluti
Langtímaskuldir við erlendar lánastofnanir skiptast í þessa gjaldmiðla:		
Skuldir í bandaríkjadollurum	0	35.425.900
Skuldir í sterlingspundum	0	3.086.750
Skuldir í evrum	0	45.192.952
Skuldir í svissneskum frönkum	0	14.770.818
Skuldir í japönskum jenum	0	7.830.443
Skuldir í sænskum krónum	0	4.720.201
	<u>0</u>	<u>111.027.065</u>
Langtímaskuldir við innlenda aðila skiptast þannig:		
Skuldir í evrum	0	423.925
Innlend lán, verðtryggð	27.760.134	92.249.401
Innlend lán, óverðtryggð	3.002.000	6.340.176
	<u>30.762.134</u>	<u>99.013.503</u>
Langtímaskuldir við erlendar lánastofnanir og innlenda aðila samtals	30.762.134	210.040.568
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(1.354.711)	(16.848.100)
Langtímaskuldir samtals	<u>29.407.423</u>	<u>193.192.468</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig næstu ár:

	A-hluti	A- og B-hluti
Árið 2016 - 2017	1.354.711	16.848.100
Árið 2017 - 2018	1.334.108	16.842.005
Árið 2018 - 2019	1.353.631	16.654.927
Árið 2019 - 2020	876.344	14.293.851
Árið 2020 - 2021	738.114	13.847.845
Síðar	25.105.226	131.553.839
	<u>30.762.134</u>	<u>210.040.568</u>

43. Yfirlit yfir leiguskuldir:

Eignasjóður hefur gert leigusamninga um fasteignir sem færðir eru til skuldar sbr. skýr. 21. Leigusamningar eru verðtryggðir.

	A-hluti	A- og B-hluti
Leiguskuldir	12.758.193	12.758.193
Næsta árs afborgun	(748.335)	(748.335)
Langtímahluti leiguskulda	<u>12.009.858</u>	<u>12.009.858</u>

Afborganir af leiguskuldum greinast þannig næstu ár:

Árið 2016 - 2017	748.335	748.335
Árið 2017 - 2018	782.381	782.381
Árið 2018 - 2019	804.751	804.751
Árið 2019 - 2020	811.342	811.342
Árið 2020 - 2021	840.831	840.831
Síðar	8.770.553	8.770.553
	<u>12.758.193</u>	<u>12.758.193</u>

Aðrar skammtímaskuldir

44. Á meðal annarra skammtímaskulda A- og B-hluta eru færðir gjaldfallnir afleiðusamningar Orkuveitu Reykjavíkur. Samningarnir hafa ekki verið gerðir upp en málaferli eru í gangi vegna þeirra. Mikil óvissa ríkir um hvernig meðhöndla eigi uppgjör þeirra. Á fyrri tímabilum hafa verið skuldfærðar 740 mkr. vegna þessara samninga í bókum Orkuveitunnar. Með skuldfærslunni felst ekki viðurkenning á skuldinni af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur og getur fjárhæðin hækkað eða lækkað þegar samningarnir verða gerðir upp.

Skýringar, frh.

Skattamál

45. Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding.

Tekjuskattur þeirra B-hluta fyrirtækja sem eru tekjuskattsskyld er reiknaður og færður í árshlutareikninginn. Mismunur í skattalegu uppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar leiðir til þess að annað hvort myndast tekjuskattseign eða tekjuskattsskuldbinding.

Þau félög í B-hluta sem reikna tekjuskatt eru: Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Íþrótt- og sýningahöllin, Jörundur ehf. og Malbikunarstöðin Höfði.

Breyting reiknaðrar tekjuskattseignar (-skuldbindingar) greinist þannig:	Tekjuskatts- eign	Tekjuskatts- skuldbinding
Staða í ársbyrjun	5.499.678	7.773.713
Reiknaður tekjuskattur á árinu	(873.747)	588.957
Aðrar breytingar	0	(100.514)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu	0	(163.781)
Staða í árslok	<u>4.625.931</u>	<u>8.098.376</u>

Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahagsreiknings

46. Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahagsreiknings í lok tímabils eru áætlaðar út frá skuldbindingum í árslok 205.

	Heildar- skuldbinding A-hluti	Til greiðslu 2016 A- og B-hluti
Yfirlit um styrki, verksamninga, eigna- og rekstrarleigusamninga A-hluta	24.306.305	24.306.305
Ábyrgðarskuldbindingar A-hluta gagnvart þriðja aðila	2.964.858	2.964.858
Skuldbindingar A-hluta Reykjavíkurborgar vegna B-hluta fyrirtækja utan efnahags	143.174.576	0
Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahagsreiknings samtals	<u>170.445.738</u>	<u>27.271.163</u>

Önnur mál

47. Orkuveita Reykjavíkur hefur fylgt aðgerðaáætlun „Planinu“ sem unnið var í samstarfi við eigendur frá vormánuðum 2011. Í Planinu voru mjög metnaðarfull markmið um aðhald í rekstri og minnkun fjárfestinga auk samþykktra leiðréttinga á gjaldskrá, eignasölu og láns frá eigendum. Aðgerðaráætlunin hefur gengið eftir.

48. Fasteignamat Hörpu

Fyrir liggur að Hæstiréttur hefur ógilt úrskurð yfirfasteignanefndar frá árinu 2012, þar sem staðfest var ákvörðun Þjóðskrár um fasteignamat Hörpu frá árinu 2011. Þjóðskrá hefur í kjölfarið felld úr gildi fasteignamat áranna til dagsins í dag og tilkynnt að hún muni endurskoða fasteignamat Hörpu fyrir allt tímabilið. Mikil óvissa er um hvert hið nýja fasteignamat verður. Við þessar aðstæður er ekki unnt að meta hvort kröfur vegna vangreiddra fasteignagjalda Hörpu í fjárhagsbókhaldi sveitarfélagsins séu van- eða ofmetnar.

49. Virðisaukaskattskvöð

Bílastæðasjóður á í bílastæðahúsi Hörpu. Bílastæðahúsið er skráð með sérstakri skráningu samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Áhvílandi virðisaukaskattskvöð í árslok 2015 nam um 197 mkr.

50. Málaferli

Hinn 25. október 2013 undirrituðu innanríkisráðherra og borgarstjóri samkomulag um lokun NA/SV flugbrautar (flugbraut 06/24) á Reykjavíkurlflugvelli samhliða auglýsingu nýs deiliskipulags fyrir Reykjavíkurlflugvöll. Til að knýja á um efndir á samkomulaginu höfðaði Reykjavíkurborg mál gegn íslenska ríkinu og Isavia ohf. til réttargæslu með útgáfu réttarstefnu, sem birt var 1. febrúar 2016, en uppbygging á svonefndu Hlíðarendasvæði er háð því að flugbrautinni verði lokað. Hinn 22. mars 2016 kvað Héraðsdómur Reykjavíkur upp dóm í málinu þar sem fallist var á kröfu Reykjavíkurborgar um að innanríkisráðherra sé skylt að loka NA/SV flugbraut (flugbraut 06/24) á Reykjavíkurlflugvelli og endurskoða skipulagsreglur fyrir völlinn til samræmis við lokun flugbrautarinnar innan 16 vikna frá dómsuppkvaðningu að viðlagðri greiðslu dagsekta til Reykjavíkurborgar að fjárhæð 1 mkr. hvern dag. Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms þann 9. júní s.l.

Strætó bs. hefur verið stefnt fyrir héraðsdóm af tveimur aðilum sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010. Í fyrra málinu krafðist stefnandi viðurkenningar á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintrar ólögmætrar og saknæmrar háttsemi við framkvæmd útboðsins. Dómur í málinu var kveðinn upp hinn 31. mars s.l. Í dómi héraðsdóms var réttur stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar og kostnaðar vegna þátttöku í forvali viðurkenndur. Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar. Mat stjórnenda Strætó er að ekki sé ástæða til að færa skuldbindingu í ársreikninginn vegna þessa.

Í seinna málinu krafðist stefnandi skaðabóta að fjárhæð 530 milljóna króna vegna meints fjártjóns í formi missis hagnaðar og kostnaðar við þátttöku í útboðinu. Dómur var kveðinn upp hinn 16. júní s.l. Héraðsdómur taldi skilyrðum skaðabótaábyrgðar vera fullnægt í málinu, en taldi ætlað fjártjón stefnanda vegna missis hagnaðar nema 100 milljónum króna. Áfrýja má dóminum til Hæstaréttar innan þriggja mánaða frá dómsuppsögu í héraðsdómi. Mat stjórnenda Strætó er að ekki sé ástæða til að færa skuldbindingu í árshlutareikninginn vegna þessa.

Nokkrir rammasamningshafar um framkvæmd tilfallandi akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna hafa kært Strætó til Kæruneufndar útboðsmála. Í málinu var þess krafist að kærunefndin láti í ljós álit sitt á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintra brota gegn skilmálum rammasamnings við framkvæmd akstursþjónustunnar. Hinn 21. júní s.l. komst Kærunefnd útboðsmála að þeirri niðurstöðu að Strætó hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt rammasamningi við forgangsröðun rammasamningshafa við framkvæmd akstursþjónustunnar og kaup á akstursþjónustu af aðilum utan rammasamnings. Lét kærunefndin í ljós það álit að Strætó væri skaðabótaskyld gagnvart kærendum, en engin afstaða var tekin til umfangs hugsanlegs fjártjóns kærenda. Niðurstaða kæruneufndar er til skoðunar hjá Strætó.

Skýringar, frh.

Lykiltölur

51. Yfirlit um lykiltölur:

	A-hluti		A- og B-hluti	
	Árshlutareikningur jan.- júní 2016	Fjárhagsáætlun með viðaukum jan.- júní 2016	Árshlutareikningur jan.- júní 2016	Fjárhagsáætlun með viðaukum jan.- júní 2016
Í hlutfalli við rekstrartekjur:				
Útsvar	62,1%	62,1%	40,3%	39,8%
Fasteignaskattar	14,9%	15,4%	9,4%	9,5%
Skatttekjur samtals	77,0%	77,5%	49,7%	49,3%
Framlög Jöfnunarsjóðs	6,3%	6,4%	4,1%	4,1%
Aðrar tekjur	16,7%	16,1%	46,3%	46,7%
Rekstrartekjur samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	51,4%	51,8%	41,1%	41,3%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	5,6%	5,2%	3,7%	3,4%
Annar rekstrarkostnaður	36,8%	38,0%	31,9%	33,2%
Rekstrargjöld samtals	93,7%	94,9%	76,7%	77,9%
Framlegð (EBITDA)	6,3%	5,1%	23,3%	22,1%
Afskriftir	4,6%	4,5%	10,8%	10,4%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjárm.tekjur (-gjöld) ..	6,3%	5,1%	23,3%	22,1%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(0,7%)	(1,2%)	(3,3%)	(5,8%)
Tekjuskattur	0,0%	0,0%	(1,9%)	(1,4%)
Áhrif hlutdeildarféлага og dótturfélaga	0,0%	0,0%	(0,6%)	0,0%
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	1,0%	(0,6%)	13,8%	7,0%
Veltufé frá rekstri	10,2%	8,2%	22,0%	16,4%
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(7,2%)	(5,9%)	(13,9%)	(17,1%)
Heildarskuldir og skuldbindingar	170,3%	-	391,1%	-
Í þúsundum kr. á íbúa:				
Rekstur:				
Skatttekjur	312	307	310	305
Framlög Jöfnunarsjóðs	25	25	25	25
Aðrar tekjur	68	64	288	289
Rekstrartekjur samtals	405	396	623	619
Laun og launatengd gjöld	(230)	(226)	(279)	(277)
Annar rekstrarkostnaður og afskriftir	(167)	(168)	(267)	(270)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(3)	(5)	(21)	(36)
Tekjuskattur	0	0	(12)	(9)
Áhrif hlutdeildarféлага og dótturfélaga	0	0	(4)	0
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	4	(2)	86	43
Sjóðstreymi:				
Veltufé frá rekstri	41	32	137	102
Handbært fé frá rekstri	24	24	124	96
Efnahagur:				
	A-hluti		A- og B-hluti	
	Árshlutareikningur jan.- júní 2016	Ársreikningur 2015	Árshlutareikningur jan.- júní 2016	Ársreikningur 2015
Eignir	1.296	1.262	4.334	4.292
Eigið fé	607	603	1.896	1.829
Skuldir	689	659	2.438	2.463
Aðrar lykiltölur:				
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímask.	1,50	1,18	1,15	0,94
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	0,47	0,48	0,44	0,43
Íbúafjöldi, (heimild: Hagstofa Íslands):				
	2016	2015	2014	2013
Íbúafjöldi 1. desember	122.452	122.452	121.814	121.116
Breyting frá fyrra ári	-	638	698	1.484

Skýringar, frh.

52. Yfirlit um lykiltölur A-hluta síðustu fimm ár:

	Áætlun 2016 með viðaukum	2016	2015	Ársreikningar 2014	2013	2012
	jan. - júní	jan. - júní				
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga						
Rekstrarjöfnuður síðustu þriggja ára í millj. kr. ..	-	-	(13.297)	493	515	(1.182)
Skuldaviðmið.....	-	-	71%	65%	63%	60%
Aðrar lykiltölur:						
Langtímaskuldir og skuldbindingar						
í hlutfalli við veltufé frá rekstri (árafjöldi)	-	13,74	12,61	11,39	7,04	6,88
Eiginfjárlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	-	47%	48%	58%	58%	58%
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborg. skulda ..	3,99	4,27	2,73	1,28	3,76	2,06
Veltufjárlutfall - veltufjármunir/skammtímask.	-	1,50	1,18	1,31	1,40	1,86
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Skatttekjur	77,5%	77,0%	76,1%	77,3%	76,0%	77,9%
Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	6,4%	6,3%	6,8%	6,4%	6,6%	7,0%
Aðrar tekjur	16,1%	16,7%	17,1%	16,3%	17,3%	15,1%
Rekstrartekjur samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	51,8%	51,4%	54,0%	53,6%	50,3%	51,2%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	5,2%	5,6%	16,1%	4,0%	0,2%	4,0%
Annar rekstrarkostnaður	38,0%	36,8%	39,5%	41,3%	40,4%	40,0%
Afskriftir	4,5%	4,6%	4,6%	4,6%	4,5%	4,6%
Rekstrargjöld samtals	99,4%	98,3%	114,1%	103,5%	95,4%	99,8%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	0,6%	1,7%	(14,1%)	(3,5%)	4,6%	0,2%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(1,2%)	(0,7%)	(0,9%)	0,1%	(0,8%)	(0,3%)
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	(0,6%)	1,0%	(15,0%)	(3,4%)	3,8%	(0,1%)
Framlegð (EBITDA)	5,1%	6,3%	-9,6%	1,1%	9,1%	4,8%
Veltufé frá rekstri	8,2%	10,2%	5,7%	5,4%	8,6%	9,8%
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjámunum	(5,9%)	(7,2%)	(10,4%)	(9,8%)	(9,0%)	(9,3%)
Heildarskuldir og skuldbind. - skuldahlutfall	-	-	89%	77%	78%	83%
Í þúsundum kr. á íbúa:						
Rekstur:						
Skatttekjur	307	312	566	531	501	476
Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	25	25	51	44	44	43
Aðrar tekjur	64	68	127	112	114	92
Rekstrartekjur samtals	396	405	743	688	659	611
Laun og launatengd gjöld	(205)	(208)	(401)	(368)	(331)	(313)
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	(20)	(23)	(119)	(27)	(1)	(24)
Annar rekstrarkostnaður og afskriftir	(168)	(167)	(328)	(316)	(296)	(273)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(5)	(3)	(6)	1	(5)	(2)
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	(2)	4	(111)	(23)	25	(0)
Sjóðstreymi:						
Veltufé frá rekstri	32	41	43	37	56	60
Handbært fé frá rekstri	24	24	22	37	56	65
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjámunum	(23)	(29)	(77)	(67)	(59)	(57)
Efnahagur:						
Eignir	-	1.296	1.262	1.250	1.218	1.196
Eigið fé	-	607	603	719	704	688
Skuldir	-	689	659	530	514	508
Álagningarhlutföll:						
Útsvar	14,52%	14,52%	14,52%	14,52%	14,48%	14,48%
Fasteignaskattur, A-flokkur	0,200%	0,200%	0,200%	0,200%	0,200%	0,200%
Fasteignaskattur, B-flokkur	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%	1,32%
Fasteignaskattur, C-flokkur	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%	1,65%
Íbúafjöldi, (heimild: Hagstofa Íslands):						
Íbúafjöldi 1. desember	122.452	122.452	122.452	121.814	121.116	119.632

Skýringar, frh.

53. Yfirlit um lykiltölur A- og B-hluta síðustu fimm ár:

Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga	Áætlun 2016 með viðaukum		Ársreikningar			
	jan.- júní	2016 jan.- júní	2015	2014	2013	2012
Rekstrarjöfnuður síðustu þriggja ára í millj. kr. ..	-	-	(824)	8.061	-	-
Skuldaviðmið.....	-	-	97%	92%	92%	93%
Aðrar lykiltölur:						
Langtímaskuldir og skuldbindingar						
í hlutfalli við veltufé frá rekstri (árafjöldi)	-	15,10	8,16	9,34	8,29	9,33
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	-	44%	43%	43%	40%	31%
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborg. skulda ..	1,11	1,95	1,74	1,07	1,03	1,67
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímask.	-	1,15	0,94	0,93	0,92	0,87
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Skatttekjur	49,3%	49,7%	47,8%	48,3%	46,4%	46,9%
Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	4,1%	4,1%	4,3%	4,0%	4,1%	4,3%
Aðrar tekjur	46,7%	46,3%	47,9%	47,6%	49,5%	48,8%
Rekstrartekjur samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld	41,3%	41,1%	41,6%	40,7%	37,8%	38,0%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	3,4%	3,7%	10,2%	2,5%	0,2%	2,4%
Annar rekstrarkostnaður	33,2%	31,9%	33,7%	34,3%	33,1%	32,4%
Afskriftir	10,4%	10,8%	11,3%	10,7%	10,7%	13,0%
Rekstrargjöld samtals	88,3%	87,6%	96,8%	88,3%	81,8%	85,9%
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	11,7%	12,4%	3,2%	11,7%	18,2%	14,1%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(5,8%)	(3,3%)	(9,2%)	(4,7%)	(7,0%)	(17,7%)
Annað	1,1%	4,7%	2,5%	1,4%	(4,8%)	1,3%
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	7,0%	13,8%	(3,5%)	8,3%	6,5%	(2,2%)
Framlegð (EBITDA)	22,1%	23,3%	14,5%	22,4%	28,9%	27,1%
Veltufé frá rekstri	16,4%	22,0%	21,6%	19,7%	22,7%	24,5%
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjámunum	(15,3%)	(13,2%)	(16,3%)	(12,9%)	(9,4%)	(10,1%)
Heildarskuldir og skuldbind. - skuldahlutfall	-	-	210%	216%	221%	268%
Í þúsundum kr. á íbúa:						
Rekstur:						
Skatttekjur	305	310	562	525	491	461
Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	25	25	51	44	43	42
Aðrar tekjur	289	288	562	517	524	480
Rekstrartekjur samtals	619	623	1.175	1.087	1.058	983
Laun og launatengd gjöld	(256)	(256)	(489)	(442)	(400)	(373)
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	(21)	(23)	(120)	(28)	(2)	(24)
Annar rekstrarkostnaður og afskriftir	(270)	(267)	(529)	(490)	(464)	(446)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(36)	(21)	(108)	(51)	(74)	(174)
Rekstrarniðurstaða, (neikvæð)	37	41	(74)	54	52	(22)
Sjóðstreymi:						
Veltufé frá rekstri	102	137	254	215	243	246
Handbært fé frá rekstri	96	124	227	244	246	242
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjámunum	(95)	(82)	(191)	(141)	(101)	(102)
Efnahagur:						
Eignir	-	4.334	4.292	4.141	3.950	3.936
Eigið fé	-	1.896	1.829	1.783	1.585	1.237
Skuldir	-	2.438	2.463	2.357	2.364	2.699
Íbúafjöldi, (heimild: Hagstofa Íslands):						
Íbúafjöldi 1. desember	122.452	122.452	122.452	121.814	121.116	119.632



Skýrsla Fjármálaskrifstofu

Við framlagningu árshlutareiknings
Reykjavíkurborgar janúar - júní 2016

Lagt fram í borgarráði
25. ágúst 2016

Borgarráð

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar janúar-júní 2016 samanstendur af samstæðuuppgjöri, A- og B-hluta, og uppgjöri A-hluta sem samanstendur af Aðalsjóði, Eignasjóði og Bílastæðasjóði. Rekstur innan A-hluta er að hluta eða öllu leyti fjármagnaður með skatttekjum. Leiga fasteigna, gatna, áhalda, tækja og búnaðar er reiknuð í samræmi við reglur og leiðbeiningar um reikningsskil sveitarfélaga, þar sem eignir eru eignfærðar hjá Eignasjóði og leigðar til Aðalsjóðs. Til B-hluta teljast eftirtalin fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að minnsta kosti í helmingseigu borgarinnar: Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþrótt- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs, auk Aflvaka hf og Jörundar ehf. Rekstur Slökkviliðs og Strætó er að mestu fjármagnaður með framlögum eignaraðila og eru framlögin gjaldfærð hjá Aðalsjóði. Hluti af tekjum Íþrótt- og sýningahallarinnar og Sorpu koma frá Aðalsjóði. Að öðru leyti eru fyrirtæki B-hluta rekin á grundvelli almennra þjónustutekna.

Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A- og B-hluta, var jákvæð um 10.561 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að rekstur samstæðunnar yrði jákvæður um 5.300 mkr sem var 5.261 mkr eða 99% yfir áætlun. Afkoma samstæðunnar er 8.569 mkr betri í ár heldur en hún var á sama tíma í fyrra.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 490 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði neikvæð um 300 mkr. Niðurstaðan var því 790 mkr betri en gert var ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 844 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 281 mkr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 563 mkr betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 2.101 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 3.159 mkr og var niðurstaðan því um 1.058 mkr betri en áætlað var sem einkum má rekja til hærra útsvars í staðgreiðslu en það var 953 mkr yfir áætlun.

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 1.622 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 2.023 mkr og niðurstaðan því 401 mkr lakari en áætlað var.

Rekstrarniðurstaða Bílastæðasjóðs var jákvæð um 169 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 67 mkr og var niðurstaðan því 102 mkr betri en áætlað var. Frávikið má skýra með því að tekjur voru yfir áætlun og launakostnaður undir áætlun.

Í skýrslunni er viðauki sem lýsir árangri aðgerðaráætlunar A-hluta.

Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu árshlutareiknings Reykjavíkurborgar fyrir janúar til júní 2016 er unnin með svipuðum hætti og fyrri skýrslur með ársreikningum og árshlutareikningum. Tilgangurinn með skýrslunni er að gefa borgarráði glögga mynd af meginniðurstöðum uppgjörsins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

1. Samandregnar niðurstöður og helstu ábendingar	1
3. Samstæðan	4
3. A-hluti	6
3.1 Fjármagnsliður A-hluta	9
3.1.1 Skulda- og áhættustýring	10
Viðauki 1: Kennitölur	11
Viðauki 2. Aðgerðaráætlun A-hluta	14
Viðauki 3: Fjármálastjórn 2016	19

1. Samandregnar niðurstöður og helstu ábendingar

Samstæðan

Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 10,6 mkr. Áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu upp á 5,3 mkr. Rekstrarniðurstaða sama tímabils 2015 var jákvæð um 2 mkr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 9,5 mkr eða rúmum 0,6 mkr yfir áætlun.

Skatttekjur voru 37,9 mkr eða rúmum 0,6 mkr yfir áætlun.

Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga voru 3,1 mkr eða á pari við áætlun.

Aðrar tekjur voru 35,3 mkr eða á pari við áætlun.

Launakostnaður var 31,4 mkr eða tæpum 0,1 mkr yfir áætlun.

Hækkun lífeyrisskuldbindingar var 2,8 mkr eða 0,3 mkr yfir áætlun.

Annar rekstrarkostnaður nam 24,4 mkr og var um 0,8 mkr undir áætlun.

Afskriftir námu 8,3 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 7,8 mkr. Afskriftir janúar-júní 2015 námu 7,6 mkr.

Fjármagnsgjöld samstæðunnar að frádregnum fjármunatekjum námu 2,6 mkr. Fjármagnsgjöld samstæðunnar á sama tímabili 2015 námu 7,8 mkr. Viðsnúning á milli ára má að mestu rekja til áhrifa fjármagnsgjalda hjá OR sem námu 0,1 mkr og lækkuðu um 5,2 mkr frá sama tíma 2015. Það má einkum rekja til gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum.

Matsbreyting fjárfestingaeigna Félagsbústaða nam um 5,6 mkr sem rekja má til hækkunar á gangvirði fasteigna félagsins.

Heildareignir voru 530,8 mkr í lok tímabils en námu í ársbyrjun 525,6 mkr og hækkuðu um 5,2 mkr.

Eigið fé samstæðunnar nam 232,2 mkr í lok tímabils en í byrjun árs var eigið fé samstæðunnar 224 mkr. Þýðingarmunur¹ Orkuveitu Reykjavíkur lækkaði eigið fé samstæðunnar um 2,9 mkr og sérstakt endurmat fastafjármuna hækkaði eigið fé um 0,3 mkr.




Skuldbindingar samstæðunnar námu 36,7 mkr í lok tímabils en voru í byrjun árs 34,4 mkr. Lífeyrisskuldbindingin hækkaði um 1,9 mkr og tekjuskattskuldbinding hækkaði um 0,3 mkr.

Langtímaskuldir samstæðunnar lækkuðu frá áramótum um 2,8 mkr og stóðu í 217 mkr í lok tímabils en voru 219,7 mkr í ársbyrjun. Greidd voru upp langtímalán og leiguskuldir að fjárhæð 8,3 mkr sem var nokkru lægra en áætlað var en áætlun reiknaði með að greiðslur af langtímalánum og leiguskuldum næmu um 10,9 mkr. Lántaka var undir áætlun en tekin voru ný lán fyrir 5,5 mkr en áætlaðar lántökur námu 6,9 mkr. Afborganir langtímalána og leiguskulda sem gjaldfalla á næstu 12 mánuðum nema 17,6 mkr.

Skammtímaskuldir samstæðunnar námu 45 mkr en veltufjármunir námu 51,8 mkr og veltufé á móti skammtímaskuldum var 1,2.

Fjárfestingar samstæðunnar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 10,1 mkr en áætlað var að fjárfesta fyrir 11,6 mkr á tímabilinu.

Handbært fé samstæðunnar nam 21,3 mkr í árslok og var 0,3 mkr herra en áætlun gerði ráð fyrir.



¹ Þýðingarmunur vegna dótturfélags sem gerir upp í erlendri mynt. Þýðingarmunurinn myndast þar sem fjárhæðum í rekstrarreikningi félagsins er breytt í íslenskar krónur miðað við meðalgengi ársins en fjárhæðum í efnahagsreikningi félagsins er breytt í íslenskar krónur miðað við dagslokagengi 30.06.2016

A-hluti

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um tæpa 0,5 mkr. Áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um 0,3 mkr.

Skatttekjur A-hluta voru 38,2 mkr eða 0,6 mkr yfir áætlun.

Aðrar tekjur voru 8,3 mkr eða 0,5 mkr yfir áætlun.

Launakostnaður var 25,5 mkr og 0,3 mkr yfir áætlun.

Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar var 2,8 mkr og var 0,3 mkr yfir áætlun.


Annar rekstrarkostnaður nam 18,2 mkr og var 0,2 mkr undir áætlun.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 3,6 mkr og voru 0,7 mkr yfir áætlun. Tekjur af gatnagerðargjöldum og sala byggingaréttar námu 2,4 mkr og voru um 1,2 mkr yfir áætlun.


Helstu ábendingar

- Skatttekjur voru rúmum 0,6 mkr hærri en áætlað var sem einkum má rekja til hækkunar útsvarstekna vegna þess að launahækkunar á fyrri hluta ársins voru meiri en gert var ráð fyrir í áætlun.
- Samkvæmt bráðabirgðamati Sambands Íslenskra sveitarfélaga námu tapaðar brúttó útsvarstekjur Reykjavíkurborgar vegna ráðstöfunar iðgjalds séreignarsparnaðar til lækkunar húsnæðislána u.þ.b. 638 mkr vegna tekjuársins 2015. Ætla má að útsvarstekjutap borgarinnar vegna skattfrjálsrar greiðslu séreignarsparnaðar inn á fasteignalán nemi þannig alls u.þ.b. 1,9 mkr vegna tímabilsins 1. júlí 2014 til 30. júní 2017. Mikilvægt er að tryggja að Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum verði bætt það útsvarstekjutap sem hlýst af aðgerðum ríkisins í húsnæðismálum.
- Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar í 6 mánaða uppgjöri A-hluta var 2,75 mkr eða 0,25 mkr yfir áætlun. Við ákvörðun gjaldfærslu er tekið mið af væntinum um að lífeyrisskuldbinding hækki alls um 5,5 mkr á árinu 2016 í stað áður áætlaðra 5,0 mkr, annarsvegar vegna meiri launahækkana en gert var ráð fyrir í áætlun og hins vegar vegna lágrar verðbólgu og gengislækkana á hlutabréfamarkaði. Verði þróun helstu áhrifapátta enn óhagstæðari en hér er gert ráð fyrir getur hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu orðið í kringum 6-7 mkr eða um 1-2 mkr yfir upphaflegri áætlun.
- Veltufé frá rekstri A-hluta var 5 mkr sem var 1,7 mkr yfir áætlun. Það skýrist að mestu af hærri tekjum bæði skatttekjum og öðrum tekjum.
- Heildarárangur Plansins hjá OR er nú orðinn 57,2 mkr sem er 8,5 mkr yfir markmiði tímabilsins 2011-2016F2. Fyrirtækið hefur þegar náð 51,3 mkr heildarmarkmiði Plansins fyrir árin 2011-2016.
- Í lok tímabilsins átti OR 8,5 mkr í formi handbærs fjár, bundinna innlána og markaðsverðbréfa samanborið við 11,2 mkr fyrir ári síðan. Veltufjárlutfall var 0,88 í lok tímabilsins samanborið við 0,77 árið áður. Skv. áætlun OR er í lok árs gert ráð fyrir að handbært fé, bundin innlán og markaðsverðbréf nemi um 19 mkr og að veltufjárlutfall verði yfir 1,0 sbr. markmið arðgreiðsluskilyrða fyrirtækisins. Þessi áætlun er háð því að fyrirtækið nái markmiði um alls 15,7 mkr lánsfjármögnun á árinu 2016 og að greiðsla berist undir lok árs vegna skuldabréfs sem er í eigu OR og metið er á 8,6 mkr í uppgjörinu.
- Uppgjör Félagsbústaða ber vott um nokkuð gott jafnvægi í grunnrekstri og eru fjárhagslegir mælikvarðar eins og vaxtaþekja og skuldaþekja umfram lágmörk sem sett hafa verið. Hins vegar er ljóst að kostnaður við rekstur fasteigna félagsins, viðhaldsframkvæmdir og öflun nýrra eigna hefur aukist töluvert umfram tekjur undanfarin misseri og horfur er á að svo verði áfram vegna þenslu á fasteignamarkaði. Þessi þróun getur ógnað sjálfbærni félagsins, sérstaklega þar sem til stendur að fjölga eignum félagsins töluvert á næstu árum.
- Ástæða er fyrir borgarstjórn að fylgjast náið með þróun efnahagsmála og byggingamarkaðar á næstu misserum og meta hvort vaxandi þensla gefi tilefni til að endurskoða framkvæmdaáætlanir A-hluta og fyrirtækja. Nýsamþykkt lög um opinber fjármál gera ráð fyrir að opinberir aðilar rífi seglin þegar merki eru um uppgang í hagkerfinu og þenji þau í staðinn á samdráttartímum, enda styður það


Langtímaskuldir/eigið fé samstæðu




Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði A-hluti




Greiðslugeta A-hluti



Skuldir og skuldbindingar samstæðu






Greiðslugeta samstæðu




bæði við efnahagslegan stöðugleika og leiðir til minni framkvæmdakostnaðar þar sem samkeppni um vinnuafli er minni á samdráttartímum. Í tilviki Félagsbústaða hefur framkvæmdakostnaður t.a.m. bein áhrif á það leiguverð sem félagið getur boðið.

- Mikilvægt er að hagræðingartillögum hjá byggðasamlögum verði fylgt eftir.



3. Samstæðan



Samstæða (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	76.339	75.754	585	0,8%
Laun og launat..gj.	31.384	31.318	66	0,2%
Hækkun nettó lífeyrisskuldb.	2.811	2.540	271	10,7%
Annar rekstrark.	24.359	25.138	-779	-3,1%
Afskriftir	8.281	7.876	405	5,1%
Fjármagns.l.	-2.553	-4.404	1.851	-42,0%
Tekjuskattur	-1.463	-1.071	-391	36,5%
Matsbr. fjárf.eigna	5.554	1.893	3.661	193,4%
Hlutf. í afk. tengdra f.	-481	0	-481	
Rekstrarniðurstaða	10.561	5.300	5.261	99,3%

Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A- og B-hluta, var jákvæð um 10.561 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að rekstur samstæðunnar yrði jákvæður um 5.300 mkr sem var 5.261 mkr eða 99% yfir áætlun. Afkoma samstæðunnar er 8.569 mkr betri í ár heldur en hún var á sama tíma í fyrra.

Ef horft er framhjá matsbreytingum fjárfestingareigna var afkoma samstæðunnar jákvæð um 5.007 mkr.

Rekstrartekjur námu 76.339 mkr og voru 585 mkr hærri en áætlað var eða 0,8%. Rekstrartekjur hækkuðu um 6.034 mkr frá fyrra ári eða um 8,6%.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 58.555 mkr og voru 442 mkr undir áætlun eða 0,8%. Rekstrargjöld hækkuðu um 4.373 mkr milli ára eða 8,1%.

Fjármagnsgjöld samstæðunnar námu 2.553 mkr og voru 1.851 mkr undir áætlun eða 42%. Fjármagnsgjöld lækkuðu um 5.258 mkr milli ára eða 67,3%. Viðsnúning á milli ára má að mestu rekja til áhrifa fjármagnsgjalda hjá OR sem námu 931 mkr og lækkuðu um 5.181 mkr milli ára. Það má einkum rekja til gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum sem í ár var 2,3 mkr tekjufærsla en var á sama tíma á síðasta ári 4,2 mkr gjaldfærsla en þessi liður sveiflast með

breytingum á álverði.


Heildareignir voru 530.751 mkr, þar af í fastafjármunum 478.982 mkr og í veltufjármunum 51.769 mkr. Vakin er athygli á því að fastafjármunir eru metnir í samstæðuuppgjöri Reykjavíkurborgar skv. kostnaðarverðisreglu með þeirri undantekningu að Orkuveita Reykjavíkur og Félagsbústaðir hf. nota gangvirðisreglu skv. alþjóðlegum reikningsskilastaðli IFRS².

Heildarskuldir voru 298.599 mkr og eigið fé 232.152 mkr.

Veltufé frá rekstri nam 16.793 mkr samanborið við 11.815 mkr skv. fjárhagsáætlun. Handbært fé frá rekstri nam 15.229 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 11.102 mkr. Framlag vegna lífeyrisgreiðslna nam 881 mkr en áætlaðar lífeyrisgreiðslur námu 975 mkr.

Fjárfestingahreyfingar voru neikvæðar í heildina um 6.740 mkr. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum voru 10.093 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum næmu 11.599 mkr. Tekjur af gatnagerðargjöldum og sölu byggingarréttar námu 2.929 mkr, en áætlun gerði ráð fyrir 1.192 mkr.

Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 3.276 mkr, þar af voru ný langtímalán 5.511 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að lántökur næmu 6.943 mkr. Afborganir langtímalána voru 8.261 mkr en áætlaðar afborganir námu 10.893 mkr.




² International Financial Reporting Standards.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu samstæðu Reykjavíkurborgar miðað við 6 mánaða uppgjör síðastliðin 5 ár³.

Samstæða	2012	2013	2014	2015	2016
Eiginfjárlutfall	29,2%	35,3%	40,6%	42,9%	43,7%
Arðsemi eigin fjár	-6,3%	2,5%	3,9%	0,3%	9,4%
Veltufjárlutfall	0,78	0,98	1,07	0,98	1,15
Langtímaskuldir/eigið fé	194,4%	149,1%	117,4%	104,9%	93,4%
Uppgreiðslutími	11	10	11	10	7

³ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum árshlutareikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í árshlutareikningi sé breytt.

3. A-hluti



Árshlutareikningur A-hluta er samantekinn reikningur Aðalsjóðs (AS), Eignasjóðs (ES) og Bílastæðasjóðs (BS).


Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri A-hluta á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 í samanburði við fjárheimildir. Prósenthlutföll lýsa fráviki raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 490 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði neikvæð um 300 mkr. Niðurstaðan var því 790 mkr betri en gert var ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 844 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 281 mkr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 563 mkr betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Ósamþykktir reikningar A-hluta námu 308 mkr og þar af voru reikningar vegna fjárfestinga 150 mkr.

Rekstrartekjur voru 49.567 mkr eða 1.054 mkr yfir áætlun. Útsvar var 612 mkr yfir áætlun, framlög Jöfnunarsjóðs voru 21 mkr yfir áætlun, þjónustutekjur voru 594 mkr yfir áætlun.

Skatttekjur Skatttekjur námu 38.166 mkr og voru 553 mkr yfir áætlun. Útsvarstekjur nettó voru 30.762 mkr eða 612 mkr yfir áætlun eða 2%. Hækkun útsvarstekna má aðalega rekja til þess að launahækkar á fyrri hluta ársins



voru meiri en gert var ráð fyrir í áætlun, m.a. vegna breytinga á kjarasamningi ASÍ við SA frá 21. janúar sl.

Fasteignaskattar voru 7.404 mkr nettó eða 59 mkr undir áætlun.

Framlög Jöfnunarsjóðs voru 3.104 mkr eða 21 mkr yfir áætlun.

Aðrar tekjur voru 8.298 mkr og voru 479 mkr yfir áætlun. Aðrar tekjur Aðalsjóðs voru 373 mkr yfir áætlun og tekjur Eignasjóðs voru 203 mkr yfir áætlun og tekjur Bílastæðasjóðs voru 102 mkr yfir áætlun⁴.

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun tekna A-hluta:

Tekjur (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Útsvar, brúttó	33.478	32.525	953	2,9%
Framlag í Jöfnunarsjóð	-4.058	-3.942	-116	2,9%
Skattbr. niðurfærslur og eftirá álagt útsvar	1.342	1.567	-225	-14,4%
Útsvar, nettó	30.762	30.150	612	2,0%
Fasteignaskattur	6.827	6.859	-32	-0,5%
Lóðaleiga	577	604	-27	-4,5%
Fasteignaskattur, nettó	7.404	7.463	-59	-0,8%
Samtals skatttekjur	38.166	37.612	553	1,5%

⁴ Sjá nánar umfjöllun um Aðalsjóð í kafla 1, Eignasjóð í kafla 2 og Bílastæðasjóð í kafla 3 í heftinu Greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta.

Framlag v. þjónustu við fatlað fólk	2.266	2.200	66	3,0%
Jöfnunarsjóður sveitarf., önnur framlög	838	882	-44	-5,0%
Framlag jöfnunarsjóðs samtals	3.104	3.082	21	0,7%
Þjónustutekjur	4.506	3.911	594	15,2%
Eignatekjur	8.935	9.133	-198	-2,2%
Endurgreiðslur annarra	2.111	2.008	103	5,1%
Aðrar tekjur	3.217	3.125	92	2,9%
Söluhagnaður (tap) eigna	961	873	88	
Milliviðskipti tekin út	-11.431	-11.232	-200	1,8%
Samtals aðrar tekjur	8.298	7.819	479	6,1%
Tekjur alls	49.567	48.513	1.054	2,2%

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á greiðslum Reykjavíkurborgar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiðslur Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar á móti. Þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg fær 64 mkr minna en áætlað var en greiðir 116 mkr meira en áætlað var inn í sjóðinn⁵:

Greiðslur í Jöfnunarsjóð	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Hludt. Jöfnunarsj. í staðgreiðslu vegna grunnskóla	1.775	1.725	51	2,9%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr. v málefna fatlaðra	2.283	2.218	65	2,9%
Samtals greiðslur í Jöfnunarsjóð	4.058	3.942	116	2,9%

Greiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Framlag vegna málefna fatlaðs fólks	2.260	2.200	60	2,7%
Framlag vegna sérskóla	574	576	-2	-0,3%
Framlag vegna tónlistarskóla	253	265	-12	-4,6%
Annað	17	42	-25	-59,2%
Samtals greiðslur frá Jöfnunarsjóði	3.104	3.082	21	0,7%

Aðrar greiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Almennar húsaleigubætur - hlutur ríkisins	498	574	-76	-13,3%
Sérstakar húsaleigubætur - hlutur ríkisins	140	149	-9	-5,7%
Samtals aðrar greiðslur frá Jöfnunarsjóði	639	723	-85	-11,7%

Heildargreiðslur frá Jöfnunarsjóði	3.742	3.806	-64	-1,7%
---	--------------	--------------	------------	--------------

Nettó greiðslur í Jöfnunarsjóð	-316	-137	-179	130,9%
---------------------------------------	-------------	-------------	-------------	---------------

Rekstrargjöld voru án afskrifta 46.460 mkr eða um 398 mkr yfir fjárhagsáætlun. Helstu frávik frá rekstrargjöldum í A-hluta má rekja til launa og launatengdra gjalda (332 mkr yfir), reksturs gatna (297 mkr yfir), gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar (250 mkr yfir) og fjárhagsaðstoðar (307 mkr undir).

Launakostnaður nam 25.468 mkr og var 332 mkr yfir fjárheimildum eða 1,3%. Frávik voru mest á Velferðarsviði og Skóla- og frístundasviði í krónum talið.


Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar nam 2.756 mkr og var 250 mkr yfir fjárheimildum. Við ákvörðun gjaldfærslu er tekið mið af væntinum um að lífeyrisskuldbinding hækki alls um 5,5 mkr á árinu 2016 í stað áætlaðra 5,0 mkr. Er þarf horft til tveggja meginþátta: Annars vegar er útlit fyrir að launahækkunar reynist meiri en gert var ráð fyrir í áætlun, sem eykur skuldbindingu borgarsjóðs, og hins vegar að ávöxtun eigna verði lakari vegna lágrar verðbólgu og gengislækkana á hlutabréfamarkaði. Á móti hefur krafa HFF34-flokksins á markaði verið hærri á árinu en gert var ráð fyrir í áætlun og dregur sú þróun úr framangreindum áhrifum. Verði þróun helstu áhrifapátta enn óhagstæðari en hér er gert ráð fyrir getur hækkan lífeyrisskuldbindingar á árinu orðið í kringum 6-7 mkr eða um 1-2 mkr yfir upphaflegri áætlun.

Annar rekstrarkostnaður nam 18.236 mkr og var 183 mkr undir fjárheimildum.

Afskriftir námu 2.263 mkr og voru 93 mkr yfir áætlun.

Nettó fjármagnsgjöld voru 354 mkr eða 226 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Stærstu frávikin lágu í tekjum af eignarhlutum í félögum sem voru 131 mkr yfir áætlun.⁶

Heildareignir voru 158.682 mkr, þar af voru fastafjármunir 135.758 mkr og veltufjármunir 22.924 mkr. Skuldir og skuldbindingar voru 84.414 mkr og eigið fé 74.268 mkr.




⁵ Greiðslur Jöfnunarsjóðs vegna kostnaðarhlutdeilda ríkisins í húsaleigubótum færast undir aðrar tekjur.

⁶ Nánar er fjallað um fjármagnslið A-hluta í kafla 3.1.

Veltufé frá rekstri nam 5.033 mkr samanborið við áætlað 3.325 mkr. Handbært fé frá rekstri nam 2.918 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 2.350 mkr. Framlag vegna lífeyrisgreiðslna nam 870 mkr en áætlaðar lífeyrisgreiðslur námu 975 mkr. **Fjárfestingar** í varanlegum rekstrarfjármunum námu 3.586 mkr.

Fjármögnunarhreyfingar námu 999 mkr innstreymi, þar af voru tekin ný langtímalán 2.179 mkr en afborganir langtímalána námu 817 mkr. Hækkun á handbæru fé nam 3.392 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 2.720 mkr hækkun, sem að mestu má rekja til þess að lántaka vegna fjárfestinga var öll á fyrri hluta ársins.

Handbært fé í lok tímabils var 8.989 mkr.



Eftirfarandi kennitölur lýsa fjárhagslegri stöðu A-hluta miðað 6 mánaða uppgjör síðastliðin 3 ár:⁷

A-hluti	2014	2015	2016
Eiginfjárhlutfall	57,5%	55,0%	46,8%
Arðsemi eigin fjár	-5,5%	-6,9%	1,3%
Veltufjárhlutfall	1,23	1,20	1,50
Langtímaskuldir/eigið fé	41,8%	47,5%	55,8%
Uppgreiðslutími	20	34	4

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Staðgreiðsla útsvars var 953 mkr yfir áætlun sem aðalega má rekja til þess að launahækkanir á fyrri hluta ársins voru hærrí en gert var ráð fyrir í áætlun.
- Kostnaður við fjárhagsaðstoð var 307 mkr undir áætlun og notendum fækkaði um 614 frá sama tímabili 2015. Heildarkostnaður við fjárhagsaðstoð var 1.249 mkr tímabilið janúar-júní 2016 en var 1.579 mkr á sama tíma árið 2015.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Athygli er vakin á að álagning ríkisskattstjóra á tekjuskatti einstaklinga vegna tekjuársins 2015 var lokið mánuði fyrr en venja er. Af þessum sökum var eftirálagt útsvar tekjufært í júní nú en það nam 2.206 mkr. Samanburðarfjárhæðum í árshlutareikningi fyrir janúar-júní árið 2015 hefur verið breytt til samræmis. Eftirálagt útsvar, skattbreytingar, afskriftir og breyting á niðurfærslu námu samtals 1.342 mkr á tímabilinu janúar-júní sem er 225 mkr undir áætlun eða 14,4%.
- Samkvæmt bráðabirgðamati Sambands íslenskra sveitarfélaga námu tapaðar brúttó útsvarstekjur Reykjavíkurborgar vegna ráðstöfunar iðgjalds séreignarsparnaðar til lækunar húsnæðislaða u.þ.b. 638 mkr vegna tekjuársins 2015. Ætla má að útsvarstekjutap borgarinnar vegna skattfrjálstrar greiðslu séreignarsparnaðar inn á fasteignalán nemi þannig alls u.þ.b. 1,9 mkr vegna tímabilsins 1. júlí 2014 til 30. júní 2017. Mikilvægt er að tryggja að Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum verði bætt það útsvarstekjutap sem hlýst af aðgerðum ríkisins í húsnæðismálum.
- Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar í 6 mánaða uppgjöri A-hluta var 2,75 mkr eða 0,25 mkr yfir áætlun. Við ákvörðun gjaldfærslu er tekið mið af væntinum um að lífeyrisskuldbinding hækki alls um 5,5 mkr á árinu 2016 í stað áður áætlaðra 5,0 mkr, annarsvegar vegna meiri launahækkana en gert var ráð fyrir í áætlun og hins vegar vegna lágrar verðbólgu og gengislækkana á hlutabréfamarkaði. Verði þróun helstu áhrifapátta enn óhagstæðari en hér er gert ráð fyrir getur hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu orðið í kringum 6-7 mkr eða um 1-2 mkr yfir upphaflegri áætlun.
- Halli á rekstri málaflokks vegna fatlaðs fólks nam 973 mkr eða 33% af tekjum vegna málaflokksins. Er þá samantekin þjónusta Velferðarsviðs við fatlaða á grundvelli yfirfærslunnar, þjónusta Velferðarsviðs vegna notendastýrðar persónulegrar aðstoðar, þjónusta Skóla- og frístundasviðs vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna og þjónusta Íþrótt- og tómstundasviðs við fötluð ungmenni á vegum Hins hússins. Uppsafnaður halli Reykjavíkurborgar á rekstri málaflokki fatlaðs fólks frá flutningi árið 2011 er metinn um 3,9 mkr. Endurskoðun á fjármögunun málefna fatlaðs fólks lauk á árinu 2015 og eiga áhrif þess á árinu 2016 væntanlega eftir að draga úr halla á málaflokknum. Mikilvægt er að ljúka samningaviðræðum við ríkið um þá þætti í fjármögnum málefna fatlaðs fólks sem ekki var lokið í endurskoðuninni.
- Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs án bundinna liða var 300 mkr yfir fjárheimildum eða 1,4%. Frávik í rekstri Velferðarsviðs voru einkum vegna launakostnaðar 205 mkr yfir fjárheimildum sem einkum má rekja til 4 sambýla þar sem þjónustuþyngd er veruleg og vegna vistunarþjónustu barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir 100 mkr yfir fjárheimildum. Mikilvægt er að klára samninga við ríkið um þau atriði sem tengdust málefnum fatlaðs fólks en voru skilin eftir við endurskoðun á fjármögnun málaflokksins á síðasta ári, það er NPA, lengd viðvera og þjónusta við börn með alvarlegar þroska og geðraskanir.

⁷ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum árshlutareikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í árshlutareikningi sé breytt.

- Hallarekstur hjúkunarheimila nam 159 mkr á fyrrihluta ársins 2016. Mikilvægt er að tryggja fulla fjármögnun á rekstrinum eða að skila honum ella. Ríkisstjórnin samþykkti þann 18. mars 2016 að fela ráðherra heilbrigðis- og fjármála að ræða við rekstraraðila hjúkunarheimila um mögulega styrkingu á rekstrargrunni heimilanna.
- Vetrarþjónusta sem var 295 mkr yfir fjárheimildum. Mikilvægt er að endurskoða áætlunargerð vegna vetrarþjónustu í ljósi reynslu síðustu missera.
- Grunnskólahluti Skóla- og frístundasviðs var 176 mkr yfir fjárheimildum sem er meiri halli en allt síðasta ár. Sérkennsla var 90,6 mkr og langtímaveikindi voru 61,6 mkr yfir fjárheimildum en potturinn var lækkaður um 14,2 mkr í hagræðingartillögum sviðsins. Skólaakstur var 79 mkr yfir fjárheimildum einkum vegna aksturs fatlaðra barna. Alls voru 25 af 36 grunnskólum í halla á tímabilinu og samanlagður halli nam 252 mkr. Mikilvægt er að finna á síðari hluta ársins 2016 leiðir til þess að koma rekstri grunnskóla í jafnvægi.
- Leikskólahluti Skóla- og frístundasviðs var 121 mkr yfir fjárheimildum. Sérkennslan var 131 mkr og langtímaveikindi voru 74 mkr og sjálfstætt starfandi leikskólar 36 mkr yfir fjárheimildum en á móti kom m.a. að dagforeldrar voru 62 mkr undir fjárheimildum. Alls voru 47 leikskólar af 62 í halla, samtals að fjárhæð 216 mkr. Mikilvægt er að finna á síðari hluta ársins 2016 leiðir til þess að koma rekstri leikskóla í jafnvægi.

3.1 Fjármagnsliður A-hluta

Fjármagnsliður A-hluta 2016 (í mkr)	Raun	Áætlun	Frávik
Ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár	48	68	-19
Vaxtatekjur afskatttekjum	60	0	60
Aðrar vaxtatekjur	79	0	79
Vaxta- og verðb. tekjur frá B-hluta	429	454	-26
Dráttarvaxtatekjur	67	60	7
Tekjur af ábyrgðargjaldi	275	329	-54
Arður	326	195	131
Fjármunatekjur samtals	1.285	1.107	178
Vaxta og verðbóttagjöld	-1.501	-1.523	23
Dráttarvaxtagjöld	-1	0	-1
Gengismunur nettó	0	0	0
Fjármagnstekjuskattur	-112	-143	31
Lántökukostnaður	-25	-21	-4
Fjármagnsgjöld samtals	-1.639	-1.687	48
Samtals	-354	-581	226

Fjármagnsliður A-hluta samanstendur af fjármagnslið Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Bílastæðasjóðs.

Fjármagnsliður A-hluta var á fyrstu 6 mánuðum ársins 2016 neikvæður um 354 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hann yrði neikvæður um 581 mkr. Fjármagnsliður A-hluta var því 226 mkr betri en áætlunir gerðu ráð fyrir.

Lausafjárstaða (mkr)	30.6.2016	Meðaláv. á ársgrv.
Innlán í bönkum	5.286	4,45%
Skuldabréfasafn	3.503	4,69%
Innlán í erl. mynt	200	0,10%
Samtals	8.989	


Lausafjárstýring Handbært A-hluta í lok júní var 8.989 mkr. Hækkun á handbæru fé hefur verið heldur meiri en áætlun gerði ráð fyrir sem að hluta má rekja til þess að lántaka vegna fjárfestinga var öll á fyrri hluta ársins.

Eitt af markmiðum reglna um fjárstýringu hjá Reykjavíkurborg er fjárstýringin skal tryggja að Reykjavíkurborg hafi ávallt aðgengi að nægjanlegu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs, þar með talið ábyrgðarskuldbindingar vegna fyrirtækja í eigu borgarinnar. Fjárstýring skal auk þess lágmarka fjármagnskostnað og hámarka ávöxtun lausafjár í samræmi við fjárfestingarheimildir hverju sinni með virkri lána- og lausafjárstýringu. Fjárstýring borgarinnar hefur gert samninga um yfirdráttarheimildir og peningamarkaðsinnlán við lánastofnanir til þess að dagleg lausafjárstýring sé sem virkust.

Skuldabréfasafn Reykjavíkurborgar er í umsjón Íslenskra verðbréfa hf.

Heildarfjármunir í skuldabréfasafni borgarinnar hjá Íslenskum verðbréfum í árslok námu 3.503 mkr og nam ávöxtun á fyrstu 6 mánuðum 29 mkr eða 1.36% en ávöxtun safnsins getur verið mjög mismunandi á milli mánaða.

Markmið um ávöxtun á handbæru fé var 135 mkr á árinu 2016. Myndin hér til hliðar sýnir ávöxtun á handbæru fé (að fráðregnum kostnaði) í samanburði við markmið ársins. Markmiði um ávöxtun er skipt jafnt niður á hvern mánuð ársins. Ávöxtun handbærs fjár á fyrstu sex mánuðum ársins var rúmum 24 mkr yfir markmiðum tímabilsins.



Lán til B-hluta fyrirtækja eru sýnd í meðfylgjandi töflu. Greiðsla afborgana á eigendaláni til OR frá 2011 eru hafnar en ekki á láninu sem veitt var á árinu 2013.

Lánastýring Reykjavíkurborg getur gefið út skuldabréf í

verðtryggðum

skuldabréfaflokk RVK 53 1

og í óverðtryggðum

skuldabréfaflokknum RVKN

35 1 sem eru báðir skráðir í

kauphöll. Viðskiptavakt á

eftirmarkaði er á RVK 53 1

og tekin var upp viðskiptavakt á RVKN 35 1 í maí 2016. Að auki er viðskiptavakt með skuldbréfaflokkinn RVK 19 1 (sem er lokaður flokkur). Fjórar fjármálastofnanir annast viðskiptavaktina. Vextir verðtryggðar skuldar borgarinnar voru 3,86% fyrstu 6 mánuði ársins og vextir óverðtryggðar skuldar voru 6,68%.

Staða á kröfum gagnvart B-hluta (mkr)	30.6.2016	Vextir	Lokagjaldddagi
Eigendalán til OR 2011	8.749	4,25%	2026
Eigendalán til OR 2013	4.040	3,05%	2028
Samtals	12.789		

Staða innlendra lána (mkr)	Nafnvextir	Virkir vextir	30.6.2016	31.12.2015	Lokagjaldddagi	Ný lán	Áætlun
Skuldabréfútgæfin 1996 - RVK 96	5%	5%	1.313	1.499	2021		
Skuldabréfútgæfin 2009 - RVK 53 1	4,40%	3,86%	22.808	23.250	2053	797	
Skuldabréfútgæfin 2012 - RVK 19 1	1,95%	2,12%	1.374	1.573	2019		
Skuldabréfútgæfin 2015 - RVKN 35 1	6,72%*	6,68%	3.002	1.658	2035	1.424	
Lán frá Lánasjóði sveitarfélaga	3,30%	3,30%	455	513	2019		
Annað				511			
Samtals			28.952	29.002		2.221	2.246

Erlend lántaka borgarsjóðs Öll erlend lán A-hluta hafa verið greidd upp.

3.1.1 Skulda- og áhættustýring

Stærsta áhætta sem snýr að fjármagnslið A-hluta er **verðbólguáhætta**. Skuldir borgarinnar eru að mestu leyti verðtryggðar og hækka samhliða aukinni verðbólgu. Reykjavíkurborg á einnig verðtryggðar eignir, stærst er eigendalán til Orkuveitunnar frá árunum 2011 og 2013. Verðtryggðar skuldir eru hærri en verðtryggðar eignir og því ber Reykjavíkurborg kostnað vegna aukinnar verðbólgu. Hann hefur verið metinn á um 295 mkr fyrir hvert prósentustig sem verðbólga fer umfram áætlaða verðbólgu í fjárhagsáætlun.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Reykjavíkurborg gaf út nýjan óverðtryggðan skuldabréfaflokk RVKN 35 1 á árinu 2015. Kostir útgáfunnar eru einkum þekkt greiðsluflæði, hagstæð vaxtakjör auk þess sem borgin getur nú bæði boðið út verðtryggðan og óverðtryggðan flokk allt eftir markaðsaðstæðum.

Viðauki 1: Kennitölur

Ársreikningi er ætlað að veita upplýsingar um afkomu stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og um fjárhagslega stöðu þeirra.

Með framsetningu á kennitölum má á samþjappaðan og einfaldan hátt veita upplýsingar úr ársreikningi um arðsemi og fjárhagsstöðu. Kennitölur byggja á þeim reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru af viðkomandi aðila. Þetta býður upp á marga túlkunarmöguleika. Varhugavert er að draga of miklar ályktanir af einni kennitölu fyrir eitt tiltekið ár. Þær verður yfirleitt að skoða í samhengi við aðrar mikilvægar kennitölur og þróun þeirra yfir tímabil, a.m.k. þrjú ár. Kennitölur ætti líka að bera saman við kennitölur annarra aðila í skyldri starfsemi til að sjá þær í eðlilegu samhengi. Þá er ástæða til að vara við því að sumar kennitölur geta verið viðkvæmar fyrir breytingum á lágum fjárhæðum.

Í þessar skýrslu Fjármálaskrifstofu er stuðst við eftirfarandi kennitölur:

Eiginfjárhlutfall (Equity ratio)

Mælt sem hlutfall eigins fjár á móti heildarfjármagni. Hlutfallið sýnir fjárhagslegan styrk eða tapþol fyrirtækis. Það er ekki til faglega einhlítur mælikvarði á æskilegt eða nauðsynlegt eiginfjárhlutfall, hvorki hjá sveitarfélögum eða fyrirtækjum. Almennt hefur 50% eiginfjárhlutfall sveitarfélags talist ásættanlegt. Síðan má velta fyrir sér merkingu eiginfjárhlutfalls hjá sveitarfélagi gagnvart lánaðrottnum þar sem sveitarfélag getur almennt ekki selt eignir eins og skóla til að standa skil á skuldum. Öðru máli gegnir um fyrirtæki, enda fjármagna þau gjarnan stóran hluta af varanlegum rekstrarfjármunum með lánsfé. Eiginfjárhlutfall þeirra skiptir máli gagnvart lánveitendum en mikill munur er á hvað telst ásættanlegt í þeim efnum og fer það m.a. eftir atvinnugreinum og því hvort um fjármagnsfreka starfsemi er að ræða. Þannig geta fjármagnsfrek iðnfyrirtæki og fjármálastofnanir verið með eiginfjárhlutfall undir 20%. Líta má á OR sem fjármagnsfrekt orkuframleiðslufyrirtæki á uppbyggingarskeiði með mikla lánsfjárbörf sem hefur áhrif á hvernig túlka ber eiginfjárhlutfall samstæðunnar.

Arðsemi eigin fjár (Return on equity ratio)

Mælt sem hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs. Sýnir getu fyrirtækis til að ávaxta fjármuni sem eru bundnir í því. Það er spurning hvort þetta hlutfall er nothæft sem kennitala fyrir sveitarfélag. Það ber a.m.k. að túlka það varlega í því samhengi, sérstaklega vegna þess að eignir í A-hluta sveitarsjóðs eru metnar samkvæmt kostnaðarverðsreglu. Hér má hafa í huga að fjármagnsvextir á skuldabréfum í milliviðskiptum Aðalsjóðs og Eignasjóðs eru 4%. Arðsemiskrafa eigin fjár í einkageira er samsett úr áhættulausum vöxtum ásamt áhættuálagi markaðar. Arðsemi eiginfjár gefur vísbendingu um hvort jafnvægisregla skv. Sveitarstjórnarlögum sé uppfyllt.

Veltufjárhlutfall (Current ratio)

Mælt sem hlutfall veltufjármuna á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á næstu tólf mánuðum. Hlutfall innan við einn gefur vísbendingu um að rekstrareiningin hafi ekki getu til að standa við skammtímaskuldbindingar sínar á næstu mánuðum. Þegar horft er til A-hluta sveitarsjóðs sem er að stórum hluta fjármagnaður með lögbundnum skatttekjum, ætti að gera kröfu um hærra hlutfall en hjá fyrirtækjum, þ.e. að minnsta kosti 1,20 en sömu kröfu þarf ekki að gera til samstæðunnar.

Skuldsetningarhlutfall (Gearing ratio)

Mælt sem hlutfall langtímaskulda á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu skuldsettra fyrirtækja. A-hluti sveitarsjóðs tekur ekki lán til að fjármagna rekstur eða áhættufjárfestingar heldur til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu í varanlegum rekstrarfjármunum, s.s. skólum. Sú fjárfesting er ekki gerð í hagnaðarskyni. Þess vegna er mikilvægt að A-hluti hafi gott greiðsluhæfi og sterka eiginfjárstöðu vegna langtímalána. Langtímalán eru lykilatriði fyrir uppbyggingu varanlegra rekstrarfjármuna í fyrirtækjum og markmiðið er að þau hámarki arðsemi eigin fjár. Á uppbyggingarskeiði varanlegra rekstrarfjármuna í fjármagnsfrekum rekstri getur þessi kennitala orðið mjög há. Fyrirtæki með hátt skuldsetningarhlutfall eru viðkvæm fyrir hagsveiflum enda þurfa þau að greiða af skuldum sínum þótt tekjur lækki eða vextir hækki. Lág hlutfall eigin fjár í fyrirtæki og hátt hlutfall lánsfjár sýnir alltaf ákveðinn fjárhagslegan veikleika.

Skuldaviðmið samkvæmt reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga (nr. 502/2012)

Skuldaviðmið er mælt sem hlutfall heildarskulda og skuldbindinga af reglulegum tekjum að teknu tilliti til ákveðinna frádráttarliða sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 502/2012. Í tilviki Reykjavíkurborgar er dregið frá núvirði lífeyrisskuldbindinga sem

áætlað er að komi til greiðslu eftir 15 ár og síðar (sbr. skýringu 44 í ársreikningi) og einnig er hreint veltufé dregið frá ef það er jákvætt (veltufjármunir að fráðregnum skammtímaskuldum).

Með ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er sveitarfélögum almennt skylt að takmarka skuldir og skuldbindingar samstæðu A- og B-hluta við 150% af reglulegum tekjum skv. nánari skilgreiningu í reglugerð (nr. 502/2012). Samkvæmt bráðabirgðaákvæði III í lögnum getur sveitarstjórn ákveðið hvort hún nýtir sér heimild að undanskilja veitu- og orkufyrirtæki þegar kemur til mats á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins skv. 64. gr. á aðlögunartíma sem er 10 ár frá gildistöku laganna. Borgarráð hefur samþykkt að nýta sér þessa heimild. Við útreikning á skuldaviðmiði í greinargerðinni er því ekki gert ráð fyrir tekjum, skuldum eða skuldbindingum vegna Orkuveitu Reykjavíkur.

Framlegð (EBITDA) og veltufjárhlutföll

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga leggur einnig áherslu á kennitölurnar framlegð og veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum í samhengi við skuldareglu sveitarstjórnarlaga. Ef miðað er við 150% skuldir og skuldbindingar í hlutfalli af tekjum þá þarf veltufé frá rekstri að vera a.m.k. 7,5% af heildartekjum til að standa undir samningsbundnum afborgunum langtímalána með 20 ára greiðslutíma. Þá er í viðmiðum Eftirlitsnefndarinnar gert ráð fyrir að fjárfestingar nemi 5% af heildarskuldum og þær séu fjármagnaðar með lántöku, þannig að skuldir og skuldbindingar verði áfram 150% af tekjum.

Vaxtaþekja (Interest expence coverage ratio)

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT) – m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum er jafnvel talið að hlutfallið þurfi að vera um 2. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrirnefnd vaxtaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Skuldaþekja (Debt service coverage ratio)

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT) – m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins afborgunum og vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum þarf hærra hlutfall en ella. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR og Félagsbústöðum undanskildum er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrirnefnd skuldaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Uppgreiðslutími langtímaskulda (Downpayment of debt)

Uppgreiðslutími langtímaskulda er reiknaður sem hlutfall af langtímaskuldum og næsta árs afborgun langtímaskulda á móti veltufé frá rekstri. Kennitalan sýnir hvað fyrirtækið er lengi að greiða upp skuldir sínar m.v. að öllum fjárfestingum væri hætt og rekstur væri óbreyttur og ætti að standa undir skuldaskilum.

	A-hluti	Aflvaki	Faxafloðahafnir	Félagsgjaltastafir	Málbikunar- stöðin Höfði	Þróttta- og sýningahólinn	Jörundur ehf	Orkuveita Reykjavíkur	Slökkvillib höfuðsv.	Sorpa	Strætó	Samstaða A- og B- hluti
<i>Eignarhlutur Rvk</i>	-	95,70%	75,55%	100,00%	100,00%	50,00%	100%	93,53%	60,82%	66,70%	60,30%	-
Rekstrartekjur	49.567	0	1.564	1.625			0	20.955	1.253	1.567	3.618	76.339
Rekstrargjöld	48.723	0	1.334	854			1	13.518	1.081	1.427	3.665	66.835
Afskriftir	2.263	0	415	2			0	5.303	42	70	98	8.281
Fjármagnsliðir	-354	0	-5	-943			0	-931	-1	-7	4	-2.553
EBIT	844	0	230	771			-1	7.438	172	140	-47	9.504
EBITDA	3.107	0	645	773			-1	12.741	214	210	51	17.785
Hagnaður (- tap)	490	0	226	5.382			-1	5.029	164	133	-43	10.561
Fastaðjárnunir	135.758	2	11.639	59.632			0	281.353	2.008	1.518	1.557	478.982
Veltufjármunir	22.924	9	2.207	143	745	346	2	24.152	517	1.357	51.769	51.769
Heildareignir	158.682	11	13.846	59.775	1.399	2.831	2	305.505	2.526	2.874	2.618	530.751
Skammtímaskuldur	15.260	0	445	1.364	429	125	42	27.315	488	414	883	44.981
Langtímaskuldur	41.417	0	891	31.351	0	2.026	0	160.710	231	298	71	216.940
Skuldbindingar	27.737	0	0	0	21	115	0	588	0	255	0	36.678
Heildarskuldur	84.414	0	1.336	32.715	451	2.267	42	188.612	719	967	954	298.599
Eigið fé 1/1	73.778	11	12.595	21.678	1.034	585	-40	114.771	1.642	1.775	1.706	224.007
Eigið fé 30/6	74.268	11	12.510	27.060	948	564	-41	116.892	1.807	1.908	1.664	232.152
Skuldir og eigið fé	158.682	11	13.846	59.775	1.399	2.831	2	305.505	2.526	2.874	2.618	530.751
Handbært fé frá rekstri	2.918	0	510	148	-169	-47	8	11.774	6	106	254	15.229
Fjárfestingahreyfingar	-525	0	-312	-304	-90	-6	0	-5174	-19	-71	-56	-6.740
Ný langtímalán	2.179	0	0	2.311	0	0	0	1.038	0	0	0	5.511
Greiddar atborganir	-817	0	-4	-272	0	-16	0	-7.338	-5	-41	-53	-8.261
Nýtt framlag eigna	0	0	0	610	0	0	0	0	0	0	0	0
Greiddur arður	0	0	-310	0	-19	0	0	0	0	0	0	-76
Staða á handbæru fé 30.06.2016	8.989	0	1.619	4	1	247	1	7.049	415	890	658	21.314
Veltufé frá rekstri	5.033	0	643	276	-49	53	-1	10.617	216	203	56	16.793

Eiginfjárlutfall	46,8%		90,4%	45,3%	67,8%	19,9%		38,3%	71,5%	66,4%	63,5%	43,7%
Arðsemi eigin fjár	1,3%		3,6%	49,7%	-12,9%	-7,1%		9,1%	20,0%	15,0%	-5,0%	9,4%
Veltufjárlutfall	1,50		4,96	0,10	1,74	2,76		0,88	1,06	3,28	1,20	1,15
Skuldsetningarlutfall	55,8%		7,1%	115,9%	0,0%	359,0%		138%	12,8%	15,6%	4,3%	93,4%
Vaxtaþekja, EBIT/netto vextir				1,55				5,20				
Vaxtaþekja, EBITDA/netto vextir				1,55				8,91				
Skuldaþekja, EBIT/(gr. afb.-netto vextir)				1,00				1,03				
Skuldaþekja, EBITDA/(gr. afb.-netto vextir)				1,00				1,77				
Uppgreiðslutími	4,32		0,77	58,00				8,90	0,56	0,92	1,54	6,98
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	0,10							50,7				0,22
Framlegð/rekstrartekjur	0,06											0,23

Skýringar

Eiginfjárlutfall Eigið fé á móti heildarfjármagni. Sýnir fjárhagslegan styrk fyrirtækis (tapþol).

Arðsemi eigin fjár Hagnaður á móti eigið fé. Segir til um ávöxtun eigin fjár í fyrirtæki

Veltufjárlutfall Veltufjármunir á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis að inni af hendi skuldagreiðslur á næstu mánuðum.

Skuldsetningarlutfall Langtímaskuldur á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu af skuldsetningu fyrirtækis.

Vaxtaþekja, EBIT/netto fjárm. Rekstrarniðurstæða fyrir fjármagnsliði á móti vaxtagreiðslum

Vaxtaþekja, EBITDA/netto fjárm. Rekstrarniðurstæða fyrir fjármagnsliði, skatta, atborganir og afskriftir (EBITDA) á móti vaxtagreiðslum

Vaxtaþekja, EBIT/(gr. afb.-netto fjárm.) Rekstrarniðurstæða fyrir fjármagnsliði á móti atborgunum og vaxtagreiðslum

Vaxtaþekja, EBITDA/(gr. afb.-netto fjárm.) Rekstrarniðurstæða fyrir fjármagnsliði, skatta, atborganir og afskriftir (EBITDA) á móti atborgunum og vaxtagreiðslum

Uppgreiðslutími skulda (gr) Langtímaskuldur á móti veltufé frá rekstri.

Viðauki 2. Aðgerðaráætlun A-hluta

Yfirlit yfir stöðu hagræðingaraðgerða janúar-júní 2016.

Íþróttta- og tómstundasvið

Tillaga: Hagræðing ÍTR

Fjárhæð: 127 mkr.

Verkpáttur		EFTIRFYLGNI OG MAT Á ÁRANGRI						Hlutf. af heildar-markmiði	
		Fjárhagsleg markmið	31.mar		30.jún		Ekki lokið 2016	Hlutfalli náð	
			Markmið	Raun	Markmið	Raun		31.mar	30.jún
1	17. júní	5.000	0	0	5.000	5.000	0		
2	Fjölskyldu og húsdýragarðurinn	9.500	950	950	1.930	1.930	6.620	100%	100%
3	Hagræðing á miðlægum liðum ÍTR	20.099	2.910	0	4.263	0	20.099	0%	0%
4	Hitt Húsið	9.500	1.908	1.908	3.101	3.101	4.491	100%	100%
5	Lækkun á innri leigu	5.000	0	0	134	134	4.866		100%
6	Lækkun á styrkjum	56.500	15.325	15.325	20.175	20.175	21.000	100%	100%
7	Skiðasvæðin	5.500	0	0	5.500	5.500	0		100%
8	Sundlaugar	16.285	2.828	2.828	9.542	9.542	3.915	100%	100%
		127.384	23.922	21.011	49.645	45.382	60.991	88%	91%

Hagræðing ÍTR er í samræmi við áætlun, þó að hagræðing á miðlægum liðum hefu ekki náðst. Skýrist það af auknum langtíma veikindum.

Menningar- og ferðamálasvið

Tillaga: Hagræðing MOF

Fjárhæð: 72 mkr.

Verkpáttur		EFTIRFYLGNI OG MAT Á ÁRANGRI						Hlutf. af heildar-markmiði	
		Fjárhagsleg markmið	31.mar		30.jún		Ekki lokið 2016	Hlutfalli náð	
			Markmið	Raun	Markmið	Raun		31.mar	30.jún
1	Stöðugildi á skrifstofu	6.500	1.625	1.625	1.625	1.625	3.250	100%	100%
2	Sameiginlegt og ófyrirséð	4.911	600	600	600	600	3.711	100%	100%
3	Nýmiðlun	5.000	0	0	0	0	5.000		
4	Aðgerðir í menningarstefnu og barnamenningu	5.000	2.000	1.542	2.750	1.305	2.153	77%	47%
5	Aðgerðir í ferðamálastefnu	15.000	825	825	2.275	2.275	11.900	100%	100%
6	Styrkjapottur	12.000	1.500	0	1.500	0	12.000	0%	0%
7	Hækkun á tekjum v. aðgangseyri	2.500	625	625	625	625	1.250	100%	100%
8	Safnbúðir hækkun á framlegð	5.000	925	300	1.025	1.437	3.263	32%	140%
9	Dregið úr sýningum og viðburðum/hátíðum	5.000	150	150	3.450	3.009	1.841	100%	87%
10	Dregið saman í launakostnaði	11.950	2.988	2.988	2.988	2.988	5.974	100%	100%
		72.861	11.238	8.655	16.838	13.864	50.342	77%	82%

Aðgerðaáætlun vegna hagræðingar var skipt í tíu megin verkþætti. 100% árangri var náð á tímabilinu í átta af tíu verkþáttum. Tveir verkþættir voru á eftir áætlun; þ.e. styrkir sem voru með 47% árangur en ástæðan er að þeir greiðast hraðar en greiðsludreifing í áætlun gerði ráð fyrir, en þetta mun jafnast út yfir árið og markmið munu nást. Barnamenningarhátíð var aðeins undir áætlun eða um 87% og leitað verður leiða til að finna hagræðingu af öðrum liðum.

Skóla- og frístundavið

Tillaga: Hagræðing Skóla- og frístundarsviðs

Fjárhæð: 670 mkr.

Verkpáttur		Fjárhagsleg markmið	EFTIRFYLGNI OG MAT Á ÁRANGRI						Hlutf. af heildar- markmiði	
			31.mar		30.jún		Ekki lokið 2016	Hlutfalli náð		
			Markmið	Raun	Markmið	Raun		31.mar		30.jún
1	UTD kostnaður	40.000	0	0	0	0	40.000			
2	Yfirstjórn	80.500	49	49	1.289	1.289	79.162	100%	100%	2%
3	Mötuneytisþjónusta	70.000	0	0	16.640	0	70.000		0%	0%
4	Hagkvæmari innkaup	25.645	0	0	8.600	0	25.645		0%	0%
5	Orkusparnaður	20.000	2.000	0	6.000	0	20.000	0%	0%	0%
6	Breytt fyrirkomulag sundkennslu	25.000	0	0	0	0	25.000			0%
7	Frestun á lækun leikskólagjalda	80.000	8.000	8.000	24.000	24.000	48.000	100%	100%	40%
8	Viðverustefna	20.000	0	0	5.000	0	20.000		0%	0%
9	Samnýting	45.000	2.896	2.896	2.896	2.896	39.208	100%	100%	13%
10	Samlegð í rekstri	95.000	0	0	0	0	95.000			0%
11	Sérkennsla og stuðningur	80.000	0	0	26.667	0	80.000		0%	0%
12	Tónlistarskólar	70.000	0	0	70.000	70.000	0		100%	100%
13	Ýmis verkefni og styrkir	18.855	0	0	6.216	6.216	12.639		100%	33%
		670.000	12.945	10.945	167.308	104.401	554.654	85%	62%	

Á fyrstu sex mánuðum ársins var markmiðið að ná hagræðingu að fjárhæð 180 mkr. Hagræðing var komin í 115 mkr í lok júní sem er um 64% árangur af markmiðum. Á tímabilinu hefur verið lögð mikil vinna í hagræðingarverkefni, hluti hagræðingar er farinn að hafa áhrif á fyrri hluta ársins en megin þunginn kemur á seinni hluta ársins. Upphaflega var lagt upp með þrettán megin hagræðingarverkefni, sum hafa gengið vel en önnur ekki. Til viðbótar þessum þrettán verkefnum hafa verið lagðar fram tillögur um fleiri hagræðingarverkefni til að vega upp á móti þeim verkefnum sem ná ekki að skila hagræðingu að fullu.

Verkefni:	Staða og horfur:
1 UTD kostnaður	Gengur vel og horfur á að markmið náist.
2 Yfirstjórn	Gengur vel og horfur á að markmið náist
3 Mötuneytisþjónusta	Gengur ekki nægilega vel, vinna er í gangi til að innkaup verði hagkvæmari. Ekki horfur á að markmið náist.
4 Hagkvæmari innkaup	Gengur ekki nægilega vel, vinna er í gangi til að horfur á að markmið náist ekki.
5 Orkusparnaður	Gengur ekki nægilega vel, horfur á að markmið náist ekki.
6 Breytt fyrirkomulag sundkennslu	Ekki farið að reyna á breytt fyrirkomulag en horfur ágæt
7 Frestun á lækun leikskólagjalda	Gengur vel og horfur að markmið náist
8 Viðverustefna	Gengur ekki vel, kostnaður hefur aukist, markmið næst ekki
9 Samnýting húsnæðis	Gengur heldur hægar en til stóð, horfur á ágætum árangir en gæti dregist.
10 Samlegð í rekstri	Tillögur hafa verið lagðar fram en ekki fengist samþykktar, ekki horfur á að markmið náist.
11 Sérkennsla og stuðningur	Gengur ekki nægilega vel, kostnaður hefur lækkað, ekki horfur á að markmið náist nema að hluta.
12 Tónlistarskólar	Gengur vel markmið hafa náðst
13 Ýmis verkefni og styrkir	Gengur vel markmið hafa náðst

Umhverfis- og skipulagssvið

Tillaga: Hagræðing USK

Fjárhæð: 172 mkr.

Verkpáttur		Fjárhagsleg markmið	EFTIRFYLGNI OG MAT Á ÁRANGRI						Hlutf. af heildar- markmiði	
			31.mar		30.jún		Ekki lokið 2016	Hlutfalli náð		
			Markmið	Raun	Markmið	Raun		31.mar		30.jún
1	Auknar tekjur	60.000	14.316	14.316	15.228	15.228	30.456	100% 100%	49%	
2	Ekki ráðið í laus störf	37.000	7.251	3.000	9.251	12.551	21.449	41% 136%	42%	
3	Annar rekstrark. Miðlæg þjónust	10.500	2.625	2.625	2.625	2.625	5.250	100% 100%	50%	
4	Annar rekstrark. SBB	10.000	2.500	2.500	2.500	2.500	5.000	100% 100%	50%	
5	Annar rekstrark. SUG	13.100	1.524	1.524	1.524	1.524	10.052	100% 100%	23%	
6	Annar rekstrark. SRU	9.159	2.001	2.001	2.385	2.385	4.773	100% 100%	48%	
7	Rekstur gatna og opinna svæða	12.700	1.374	1.374	6.108	2.300	9.026	100% 38%	29%	
8	Viðhald gatna og opinna svæða	20.000	5.000	5.000	5.000	5.000	10.000	100% 100%	50%	
		172.459	36.591	32.340	44.621	44.113	96.006	88% 99%	44%	

Hagræðingarverkefni Umhverfis- og skipulagssviðs hafa flest gengið eftir á fyrstu 6 mánuðum ársins fyrir utan tvo liði sem eru eftirfarandi:

- Ekki ráðið í laus störf: Staða lögfræðings hjá byggingafulltrúa sem átti að koma til hagræðingar síðustu 8 mánuði ársins var jafndreift á árið og því myndast frávik í líð 2. Gert er ráð fyrir að hagræðing náist á árinu.
- Rekstur gatna og opinna svæða: Frávik er vegna þess að hætt var við að hagræða vegna hreinsunar í húsgötum að fjárhæð 3,5 mkr og mun sú hagræðing ekki nást á árinu.

Velferðarsvið

Tillaga: Fjárhagsaðstoð, endurskipulagning á þjónustu og hagræðing í rekstri

Fjárhæð: 412 mkr.

Verkpáttur		Fjárhagsleg markmið	EFTIRFYLGNI OG MAT Á ÁRANGRI						Hlutf. af heildar-markmiði	
			31.mar		30.jún		Ekki lokið 2016	Hlutfalli náð		
			Markmið	Raun	Markmið	Raun		31.mar		30.jún
1	Fjárhagsaðstoð	200.000	50.000	179.000	50.000	157.000	-136.000	358%	314%	168%
2	Hagræðing í rekstri	122.000	20.591	32.091	24.865	81.865	8.044	156%	329%	93%
3	Sambætting MH og Vesturgarðs	40.000	0	0	0	0	40.000			
4	Seljahlíð	50.000	0	0	0	0	50.000			
		412.000								

Framvinda hagræðinga velferðarsviðs eftir tvo fyrstu ársfjórðunga 2016 eru að mestu í takt við áætlanir, áætluð hagræðing var 146 mkr. Árangur var umtalsvert meiri eða um 450 mkr þar af var mesta hagræðingin vegna fjárhagsaðstoðar.

RHS skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu

	Fjárhagsleg markmið	31.mar		30.jún		Ekki lokið 2016	Hlutfalli náð	
		Allt árið	Markmið	Raun	Markmið	Raun		
Tillaga: FMS fjármálaskrifstofa	15.009		6.294	6.294	1.302	1.302	7.413	100%
Tillaga: SBS Skrifstofa borgarstjórnar	13.700		5.735	5.735	2.115	1.460	6.505	100%
Tillaga: MAR Mannréttindaskrifstofa	4.838		1.470	1.470	2.456	2.456	912	100%
Tillaga: SBB Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	36.600		6.534	4.631	9.022	10.925	21.044	71%
Tillaga: SPR Skrifstofa þjónustu og rekstrurs	60.000		7.711	534	7.947	-3.667	63.133	7%
Tillaga: ÖNN sameiginlegu kostnaður	277.768		77.451	62.332	66.171	46.552	168.884	80%
	407.915		105.195	80.996	89.013	59.028	59.028	77%

Verkefni:	Staða og horfur:
1 Fjármálaskrifstofa	Markmiðum náð.
2 Skrifstofa borgarstjórnar	7 af 8 markmiðum náð. Haggræðing vegna 50% stöðugildis verður seinna á árinu enn var áætlað.
3 Mannréttindaskrifstofa	Markmiðum náð.
4 Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	Markmiðum náð.
5 Skrifstofa þjónustu og rekstrurs	7 af 10 markmiðum náð. Fækkun stöðugilda í þjónustuveri og upplýsingatæknideild ekki náð. Haggræðing vegna skil á húsnæði ekki náð.
6 Sameiginlegur kostnaður	4 af 5 markmiðum náð. Markmiðum ekki náð í atvinnumálapotti. Vantar heimildir vegna skuldbindinga 2015 sem koma til framkvæmda 2016.

RHS skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu

Tillaga: FMS fjármálaskrifstofa

Fjárhæð: 10 mkr RHS og 5 mkr ÖNN. Samtals 15 mkr.

Verkpáttur		Fjárhagsleg markmið	EFTIRFYLGNI OG MAT Á ÁRANGRI						Hlutf. af heildar-markmiði	
			31.mar		30.jún		Ekki lokið 2016	Hlutfalli náð		
			Markmið	Raun	Markmið	Raun		31.mar		30.jún
1	0,5 stöðugildi bókhaldsfulltrúa	0	0		0		0			
2	og 0,2 stöðugildi sérfræðings	5.200	1.294	1.294	1.302	1.302	2.604	100%	100%	50%
3	Húsaleiga fyrir 10-12 rými	4.809	0	0	0	0	4.809			0%
4	Agressó bókhaldskerfi	5.000	5.000	5.000	0	0	0	100%		100%
		15.009	6.294	6.294	1.302	1.302	7.413	100%	100%	

RHS skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu

Tillaga: SBS Skrifstofa borgarstjórnar

Fjárhæð: 13 mkr.

EFTIRFYLGNI OG MAT Á ÁRANGRI										
Verkbáttur		Fjárhagsleg markmið	31.mar		30.jún		Ekki lokið 2016	Hlutfalli náð		Hlutf. af heildar-markmiði
			Markmið	Raun	Markmið	Raun		31.mar	30.jún	
1	Óvissa v. laun borgarfulltrúa lækkað	2.280	570	570	570	570	1.140	100%	100%	50%
2	Fækkun bílastæða borgarfulltrúa	1.000	250	250	250	250	500	100%	100%	50%
3	Sagt upp áskrift	200	47	47	51	51	102	100%	100%	49%
3	Lækkun á símkostnaði	160	40	40	40	40	80	100%	100%	50%
3	Ipod ekki keyptir	1.500	750	750	0	0	750	100%		50%
3	Keypt minna v. fundargjalda	300	100	100	0	0	200	100%		33%
3	Áætlaður óskiptur kostnaður	515	65	65	150	150	300	100%	100%	42%
4	Aðrar nefndir	1.500	375	375	375	375	750	100%	100%	50%
5	Hagrætt um 50% stg	2.635	0	0	655	0	2.635		0%	0%
6	Ýmis starfsmannakostnaður	96	24	24	24	24	48	100%	100%	50%
7	Fækka ferðum	1.000	1.000	1.000	0	0	0	100%		100%
8	Sérfræðiaðstoð lækkuð	2.514	2.514	2.514	0	0	0	100%		100%
		13.700	5.735	5.735	2.115	1.460	6.505			

RHS skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu

Tillaga: MAR Mannréttindaskrifstofa

Fjárhæð: 36 mkr.

EFTIRFYLGNI OG MAT Á ÁRANGRI										
Verkbáttur		Fjárhagsleg markmið	31.mar		30.jún		Ekki lokið 2016	Hlutfalli náð		Hlutf. af heildar-markmiði
			Markmið	Raun	Markmið	Raun		31.mar	30.jún	
1	Lækkun fundarkostnaður	180	45	45	45	45	90	100%	100%	50%
2	Óskiptur kostnaður	146	38	38	36	36	72	100%	100%	51%
3	Styrkur notendaráð	1.500	375	375	375	375	750	100%	100%	50%
4	Lækkun prentkostnaðar	33	33	33	0	0	0	100%		100%
5	Lækkun styrkja	2.000	0	0	2.000	2.000	0		100%	100%
6	Lækkun styrkja	296	296	296	0	0	0	100%		100%
7	Lækkun kostnaðar	683	683	683	0	0	0	100%		100%
		4.838	1.470	1.470	2.456	2.456	912			

RHS skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu

Tillaga: SBB Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Fjárhæð: 36 mkr.

EFTIRFYLGNI OG MAT Á ÁRANGRI										
Verkbáttur		Fjárhagsleg markmið	31.mar		30.jún		Ekki lokið 2016	Hlutfalli náð		Hlutf. af heildar-markmiði
			Markmið	Raun	Markmið	Raun		31.mar	30.jún	
1	Niðurlagning erindreka	10.500	2.625	2.625	2.625	2.625	5.250	100%	100%	50%
2	Niðurlagning tímabund 1 stg	5.000	0	0	1.250	1.250	3.750		100%	25%
3	Starfsmat flutt	500	0	0	0	0	500			0%
4	Niðurlagnin 1 stg	5.000	0	0	1.250	1.250	3.750		100%	25%
5	Frestun ráðningar	7.600	1.903	0	1.899	3.802	3.798	0%	200%	50%
6	Frestun ráðningar	8.000	2.006	2.006	1.998	1.998	3.996	100%	100%	50%
		36.600	6.534	4.631	9.022	10.925	21.044	71%	121%	

RHS skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu

Tillaga: SÞR Skrifstofa þjónustu og rekstrurs

Fjárhæð: 59 mkr RHS og 0,5 mkr ÖNN. Samtals 60 mkr.

EFTIRFYLGNI OG MAT Á ÁRANGRI									
Verkbáttur	Fjárhagsleg markmið	31.mar		30.jún		Ekki lokið 2016	Hlutfalli náð		Hlutf. af heildar-markmiði
		Markmið	Raun	Markmið	Raun		31.mar	30.jún	
1 Tímabundin fækkun	5.281	1.284	1.284	1.333	1.333	2.664	100%	100%	50%
2 Breyting á húsvörslu	5.313	0	0	759	0	5.313		0%	0%
3 Tímabundin fækkun	5.595	0	0	0	0	5.595			0%
4 Fækkun stg	46.366	3.953	0	6.631	0	46.366	0%	0%	0%
5 Lækkun viðhaldsgjalda	4.000	0	0	1.000	1.000	3.000		100%	25%
6 Skil á húsnæði	16.896	4.224	0	4.224	0	16.896	0%	0%	0%
7 Hækkun kostnaðar	-18.000	-1.000	0	-4.000	-4.000	-14.000	0%	100%	22%
8 Hækkun kostnaðar	-4.000	-500	-500	-1.250	-1.250	-2.250	100%	100%	44%
9 Hækkun kostnaðar	-2.000	-250	-250	-750	-750	-1.000	100%	100%	50%
10 Lækkun kostnaðar	549	0	0	0	0	549			0%
	60.000	7.711	534	7.947	-3.667	63.133	7%	-46%	

ÖNN Sameiginlegur kostnaður

Tillaga: ÖNN sameiginlegu kostnaður

Fjárhæð: 0,2 mkr.

EFTIRFYLGNI OG MAT Á ÁRANGRI									
Verkbáttur	Fjárhagsleg markmið	31.mar		30.jún		Ekki lokið 2016	Hlutfalli náð		Hlutf. af heildar-markmiði
		Markmið	Raun	Markmið	Raun		31.mar	30.jún	
1 Atvinnumálapottur	75.000	15.119	0	19.619	0	75.000	0%	0%	0%
2 Atvinnuþróunaráttak	10.000	3.000	3.000	2.000	2.000	5.000	100%	100%	50%
3 Sumarhús Úlfjótuvatni	3.000	750	750	750	750	1.500	100%	100%	50%
4 Launa- og starfsmannakostnaður	174.768	43.692	43.692	43.692	43.692	87.384	100%	100%	50%
5 Styrkir borgarráðs	5.000	5.000	5.000	0	0	0	100%		100%
6 Kirkjubýggjarsjóður	10.000	9.890	9.890	110	110	0	100%	100%	100%
	277.768	77.451	62.332	66.171	46.552	168.884	80%	70%	

Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Tillaga: Hagræðing SEA

Fjárhæð: 614 mkr.

EFTIRFYLGNI OG MAT Á ÁRANGRI									
Verkbáttur	Fjárhagsleg markmið	31.mar		30.jún		Ekki lokið 2016	Hlutfalli náð		Hlutf. af heildar-markmiði
		Markmið	Raun	Markmið	Raun		31.mar	30.jún	
1 Sölu fasteigna flýtt	87.704	73.735	24.301	5.405	-121.893	185.296	33%	-2255%	-111%
2 Uppsögn leigusamninga	24.962	5.801	5.801	6.387	-3.517	22.679	100%	-55%	9%
3 Hagræðing í rekstri skrifstofunnar	1.693	0	0	0	-717	2.410		0%	-42%
4 Viðbót við áformaða sölu	500.000	0	0	150.000	237.623	262.377		158%	48%
	614.359	79.536	30.102	161.792	111.496	472.761	38%	69%	

Sá árangur sem náðst hefur í viðbót við áformaða sölu umfram áætlun skýrist af því að sala lóða hefur gengið fyrr í gegn en áætlað hafði verið. Á móti kemur að ekki hefur gengið eftir að flýta sölu fasteigna vegna skipulagsmála auk þess sem fasteignagjöld voru að hluta vanáætluð og kostnaður við rekstur fasteigna því umfram áætlun.

Viðauki 3: Fjármálastjórn 2016

Hér að neðan er listi í tímaröð yfir mikilvægar fjárhagsákvæðanir borgarráðs og borgarstjórnar á fyrri hluta árs 2016

1. Tillaga að endurskoðun viðauka 2 við reglur um fjárstýringu samþykkt í borgarráði 21.1.2016.
2. Tillaga um samþykkt á samkomulagi við Vogabyggð ehf, Hömlur ehf og Gámakó ehf um skipulag, uppbyggingu og þróun á lóðum fyrirtækjanna á svæði 2 í Vogabyggð í borgarráði 28.1.2016
3. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna hagræðingaraðgerða 2016 samþykkt í borgarstjórn 2.2.2016
4. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna kjarasamninga Eflingar, Starfsmannafélags Rvk, Samiðnar/Rafiðn, Verkstjórásambands, Leikskólakennara og stjórnenda í leikskólum samþykkt í borgarstjórn 2.2.2016
5. Tillaga um 240 mkr lántöku borgarsjóðs í skuldabréfaútboði RVKN 53 1 samþykkt í borgarráði 11.2.2016
6. Tillaga að breytingu á samþykkt nr. 725/2007 um gatnagerðargjald varðandi heimild til að lána gatnagerðargjöld samþykkt í borgarstjórn 16.2.2016
7. Tillaga um lágmarksverð á byggingarrétti á Úlfarsárdal og Reynisvatnsáasi samþykkt í borgarstjórn 16.2.2016
8. Tillaga um breytingu á greiðslukjörum lögaðila við kaup á byggingarrétti á lóðum fyrir íbúðarhús samþykkt í borgarstjórn 16.2.2016
9. Tillaga um breytingu á greiðsluskilmálum við sölu atvinnulóða samþykkt í borgarstjórn 16.2.2016
10. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna kjarasamninga við Skólastjórufélag Íslands, BHM félög, Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Sjúkraliðafélag Íslands og vegna kjaranefndar og borgarfulltrúa samþykkt í borgarstjórn 1.3.2016
11. Tillaga um 290 mkr lántöku borgarsjóðs í skuldabréfaútboði RVKN 53 1 samþykkt í borgarráði 10.3.2016
12. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna aukaframlags til tónlistarskóla samþykkt í borgarstjórn 15.3.2016
13. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna kjarasamninga tækni-, verk- og tölvunarfræðinga samþykkt í borgarstjórn 15.3.2016
14. Tillaga um veðheimild Félagsbústaða í útsvarstekjum borgarsjóðs vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga samþykkt í borgarstjórn 15.3.2016
15. Tillaga um endurgreiðsluhlutfall launagreiðenda hjá LsRb samþykkt í borgarráði 18.3.2016
16. Tillaga um samkomulag, milli Reykjavíkurborgar annars vegar og Háskóla Íslands og Vísindagarða Háskóla Íslands hins vegar, um úthlutun lóða á háskólasvæðinu undir stúdentaíbúðir. Samkomulagið tekur jafnframt til lóðar Reykjavíkurborgar að Eggertsgötu 35 og ráðstöfun hennar í framtíðinni samþykkt í borgarráði 18.3.2016
17. Tillaga um endurskoðun á fjárfestingaráætlun vegna Varmahlíðar 1 samþykkt í borgarstjórn 5.4.2016
18. Tillaga um ábyrgðargjald OR 2016 samþykkt í borgarráði 7.4.2016
19. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna kjarasamnings FÍH, leikskólakennara vegna einkarek. leikskóla og kjaranefndar samþykkt í borgarstjórn 19.4.2016
20. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna kjaraákvæðana, starfsmats, Vinnuskóla, tilfærslu verkefna ofl. samþykkt í borgarstjórn 3.5.2016
21. Tillaga um að samþykkja 1.200 mkr tilboð á kröfunni 6,42 í skuldabréfaflokk RVKN 35 1 samþykkt í borgarráði 28.4.2016
22. Tillaga um gjaldskrá og endurskoðun reglna um bílastæði samþykkt í borgarstjórn 3.5.2016
23. Ársreikningur Reykjavíkurborgar 2015 samþykktur í borgarstjórn 3.5.2016
24. Tillaga um reglur um innritanir nemenda samþykktar í borgarstjórn 17.5.2016
25. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna aukaframlags til Sinfóníuhljómsveitar Íslands samþykkt í borgarstjórn 17.5.2016
26. Tillaga að rammaúthlutun 2017 vegna fjárhagsáætlunar 2017 samþykkt í borgarráði 26.5.2016
27. Tillaga um aðalmiðlarasamningar í tengslum við skuldabréfaútgáfu, þar sem m.a. tekin var upp viðskiptavakt á óverðtryggða skuldabréfaflokkinn RVK 35 1, var samþykkt í borgarráði 26.5.2016
28. Tillaga að endurskoðun styrkjareglna samþykkt í borgarráði 26.5.2016
29. Þriggja mánaða uppgjör A-hluta jan-mars 2016 staðfest í borgarráði 2.6.2016
30. Tillaga að reglum vegna úthlutunar fjármagns vegna stuðnings við börn á leikskólum samþykkt í borgarstjórn 7.6.2016
31. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna 5 ára barna í Landakostskóla samþykkt í borgarstjórn 7.6.2016

32. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna kjarasamninga þroskajálfa og hjúkrunarfræðinga samþykkt í borgarstjórn 7.6.2016
33. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna samnings við Leikfélag Reykjavíkur samþykkt í borgarstjórn 7.6.2016
34. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna tónlistarskóla samþykkt í borgarstjórn 7.6.2016
35. Tillaga um 260 mkr lántöku borgarsjóðs í skuldabréfaútboði í skuldabréfaflokk RVKN 35 1 samþykkt í borgarráði 9.6.2016
36. Tillaga að endurskoðuðum viðauka 2 við reglur um fjárstýringu samþykkt í borgarráði 9.6.2016
37. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2016 um aukaframlag til tónlistarskóla vegna veikinda starfsmanna samþykkt í borgarstjórn 16.6.2016
38. Tillaga um stækkun skuldabréfaflokks vegna viðskiptavaka samþykkt í borgarstjórn 16.6.2016
39. Tillaga um viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna fjárhagsstöðu tónlistarskólanna samþykkt í borgarstjórn
40. Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2016 vegna landaþreifa í Skerjafirði samþykkt í borgarstjórn 21.6.2016



Greinargerð B-hluta fyrirtækja

Við framlagningu árshlutareiknings
Reykjavíkurborgar janúar – júní 2016

Lagt fram íborgarráði
25. ágúst 2016

B-hluti 1

 Faxaflóahafnir 1

 Félagsbústaðir 3

 Orkuveita Reykjavíkur 5

 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs 8

 SORPA bs 9

 Strætó bs 10

Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki 12

B-hluti

Í eftirfarandi greinargerð er fjallað um rekstrarniðurstöðu og árangur einstakra fyrirtækja í B-hluta samstæðuuppgjors Reykjavíkurborgar.

Vert er að benda á að lykiltölur fyrirtækja eru ekki fullkomlega samanburðarhæfar vegna mismunandi rekstrarforma fyrirtækjanna.

Faxaflóahafnir

Faxaflóahafnir sf. (mkr)	Raun jan-jún 2016	Raun jan-jún 2015	Frávik	%
Rekstrartekjur	1.564	1.425	140	9,8%
Rekstrargjöld	-1.334	-1.324	-11	0,8%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-5	-21	16	-77,4%
Rekstrarniðurstaða	226	80	146	182,1%

Rekstrarhagnaður fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2016 nam 225,5 mkr en til samanburðar var rekstrarhagnaður 79,9 mkr fyrir sama tíma árið 2015.

Rekstrartekjur námu 1.564,3 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 1.451,2 mkr. Fyrir

sama tímabil 2015 voru tekjur 1.424,5 mkr og hafa því hækkað um 9,8% á milli ára. Tekjur stefna í að verða eitthvað hærri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Vörugjöld verða væntanlega hærri en reiknað var með í áætlun en aflagjöld lægri.

Að svo stöddu er þó of snemmt að spá um þróun vöruflutninga til og frá landinu. Miðað við sama tíma á árinu 2015 þá voru magntölur í innflutningi nánast þær sömu, en magn í útflutningi aðeins meira m.v. sömu viðmiðun. Því verður að sjá til hvernig tekjur skila sér seinni hluta ársins, en ekkert bendir til annars en að niðurstaðan verði jákvæð.

Rekstrargjöld námu 1.334,0 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 1.420,5 mkr. Fyrir sama tímabil árið 2015 voru þau 1.323,5 mkr þannig að þau hækka um 1% á milli ára. Útgjöldin ráðast ekki eingöngu af verðlagi heldur einnig af sérgreindum viðhaldsverkefnum sem falla undir rekstur og geta verið mismunandi á milli ára. Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur voru í samræmi við áætlun. Rekstrarafgangur fyrstu sex mánuðina var hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Heildareignir námu 13.846,1 mkr og voru nánast óbreyttar frá áramótum. Þar af námu **fastafjármunir** 11.638,6 mkr og **veltufjármunir** 2.207,5 mkr.

Heildarskuldir voru 1.335,6 mkr og **langtímaskuldir** eru svipaðar og um síðustu áramót.

Eigið fé nam 12.510,5 mkr. Greiddur var út **arður** til eigenda sem nam 310,0 mkr.

Handbært fé frá rekstri var 509,9 mkr. **Fjárfestingar** námu 693,1 mkr á fyrstu sex mánuði ársins og ekki verður annað séð en að fjárfestingar ársins verði í meginatriðum í takt við fjárhagsáætlun, sem gerir ráð fyrir liðlega 2,0 mkr til fjárfestinga. Meginframkvæmd ársins er bygging hafnarbakka við **Kleppsbakka** og er það verkefni komið vel af stað. Ekki liggur fyrir nú hvenær framkvæmdir á **Grundartanga** fara af stað en það ræðst af endanlegum samningum Sillicor Materials um fyrirhugað verkefni félagsins á Grundartanga. Önnur verkefni samkvæmt fjárhagsáætlun eru eins og ráð er fyrir gert. **Handbært fé** var 1.618,6 mkr í lok tímabils en gæti lækkað þegar líður á árið m.a. vegna fjárfestinga.

Útlit er fyrir að niðurstaða ársins 2016 verði mögulega **eitthvað hagstæðari** en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins. Helstu óvissuþættir þar að lútandi ráðast af þróun vöruflutninga og úthlutun lóða, en aðrir liðir ættu almennt að vera í samræmi við fjárhagsáætlun ársins.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Faxaflóahafna fyrir 6 mánaða uppgjör árin 2012-2016:

Faxaflóahafnir	2012	2013	2014	2015	2016
Eiginfjárhlutfall	83,2%	83,6%	86,3%	89,3%	90,4%
Arðsemi eigin fjár	-0,5%	2,7%	2,3%	1,4%	3,6%
Veltufjárhlutfall	12,64	1,73	1,73	3,60	4,96
Langtímaskuldir/eigið fé	18,8%	13,2%	9,8%	8,1%	7,1%
Uppgreiðslutími	2	2	1	1	1

- Rekstarniðurstaða er um 200 mkr betri en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir og um 145,5 mkr betri en fyrir sama tímabil í fyrra.
- Staða á handbæru fé er mjög góð og sýnir sterka stöðu fyrirtækisins. Veltufjárhlutfall er mjög gott.
- Kennitölur félagsins lýsa miklum fjárhagslegum styrk. Með tilliti til þess hefur félagið alla burði til þess að greiða eigendum sínum arðgreiðslur í framtíðinni.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Vakin er athygli á háu eiginfjár- og veltuhlufalli en lágri arðsemi eigin fjár sem bendir til að fjárbinding í félaginu sé hærri en félagið getur ávaxtað með góðu móti.
- Mikilvægt er að móta eigendastefnu, áhættu- og arðgreiðslustefnu fyrir félagið.

Félagsbústaðir

Félagsbústaðir hf. (mkr)	Raun jan-jún 2016	Raun jan-jún 2015	Frávik	%
Rekstrartekjur	1.625	1.543	81	5,3%
Rekstrargjöld	-854	-816	-38	4,6%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-943	-972	29	-3,0%
Áhrif fjárfestingaegna	5.554	1.406	4.149	295,1%
Rekstrarniðurstaða	5.382	1.161	4.221	363,6%

Hálfsársuppgjör Félagsbústaða er gert samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum IFRS í samræmi við 90. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga mega félög, sem eru með

starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingaeignum, meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Með fjárfestinga eign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félagsins.

Í hálfsársuppgjöri Félagsbústaða og Reykjavíkurborgar fyrir árið 2016 eru fjárfestingareignir metnar til gangvirðis.

Hagnaður nam 5.382 mkr á fyrri helmingi árs 2016 en var 1.161 mkr fyrir sama tímabil árið 2015.

Rekstrarhagnaður fyrir vaxtagjöld, verðbætur lána og matsbreytingu fjárfestingaegna jókst um 6,0% milli ára, var 771 mkr á fyrri hluta ársins 2016 en var 727 mkr á fyrri hluta ársins 2015. Hrein vaxtagjöld námu 502 mkr og hækkuðu um 4,8% milli ára. Fyrri hluta árs 2016 nam **vaxtaþekja rekstrarhagnaðar 1,55** miðað við 1,52 fyrir sama tímabil árið á undan.

Rekstrarafkoma fyrir verðlagsbreytingar lána og matsbreytingu eigna nam 269 mkr á fyrri hluta ársins 2016 miðað við 248 mkr fyrir sama tímabil árið á undan sem er 8,3% aukning milli ára. Verðbreyting lána nam samtals 441 mkr en á tímabilinu hækkaði vísitala neysluverðs til verðtryggingar um 1,4%. Við mat á eignum Félagsbústaða til útleigu er stuðst við fasteignamat sem Þjóðskrá Íslands reiknar og tekur gildi í upphafi árs 2017 (verðmæti m.v. feb 2016), að teknu tilliti til 4,8% hækkunar á vísitölu íbúðaverðs í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu frá febrúar 2016 til loka tímabilsins. Matsbreyting fjárfestingaegna félagsins nam 5.554 mkr á fyrri hluta árs 2016 en var 1.399 mkr fyrir sama tímabil árið 2015.

Rekstrartekjur Félagsbústaða hf. á fyrri hluta ársins 2016 námu 1.625 mkr, sem er 5,3% aukning tekna frá sama tímabil árið á undan, aðallega vegna verðlagshækkunar leigu og stækkunar eignasafnsins.

Rekstrargjöld námu samtals 854 mkr á fyrri hluta árs 2016 og hækkuðu um 4,6% milli ára. Af einstökum rekstrarþáttum hækkaði rekstrarkostnaður fasteigna um 11,6% og gjaldfært viðhald fasteigna minnkaði um 5,5% en það er á tímabilinu 20,2% af heildartekjum. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður á fyrri hluta árs hækkaði um 13,7% milli ára.

Heildareignir Félagsbústaða hf. um mitt ár 2016 námu 59,6 mkr og hafa aukist um 6,1 mkr frá áramótum (11,3%) aðallega vegna matsbreytinga fjárfestingaegna félagsins. Eigið fé félagsins nam 27 mkr um mitt ár 2016 og jókst um tæplega 5,4 mkr frá áramótum, eða um 24,8%. Eiginfjárhlutfall er 45,3% um mitt ár 2016 en var 40,2% um áramót.

Heildarskuldir fyrirtækisins um mitt ár 2016 eru 32,7 mkr en voru 32,2 mkr í árslok 2015.

Handbært fé frá rekstri er 148 mkr fyrir hluta árs 2016 en var 182 mkr fyrir sama tímabil árið á undan. Lækkunin skýrist aðallega af breytingum á rekstartengdum skammtímakröfum og skuldum. Fjárfestingar á fyrri hluta árs 2016 námu 304 mkr miðað við 463 mkr fyrir sama tímabil árið áður. Fjármögnunarahreyfingar fyrir hluta árs 2016 nema 157 mkr, samanborið við 278 mkr árið áður. Fyrri hluta árs 2016 keypti félagið 8 íbúðir en engin íbúð var seld.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Félagsbústaða fyrir hálfsársuppgjör 2014-2016 skv. gangvirðisuppgjöri:

Félagsbústaðir - gangvirðisuppgjör	2014	2015	2016
Vaxtaþekja (EBIT/nettó gr. vextir)	1,59	1,52	1,55
Skuldaþekja (EBIT/(afb. + nettó gr. vextir))	1,03	0,99	1,00
Eiginfjárhlutfall	33,6%	37,9%	45,3%
Veltufjárhlutfall	0,20	0,10	0,10
Langtímaskuldir/eigið fé	191,3%	156,2%	115,9%
Uppgreiðslutími	53	60	58

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Á tímabilinu jukust heildareignir félagsins mikið, eða um 11,3%, aðallega vegna matsbreytingar fjárfestingaeigna. Við mat á verðmæti fjárfestingaeigna félagsins er stuðst við nýútgefið fasteignamat, sem miðast við verðlag í febrúar, og verðþróun frá febrúar til loka tímabilsins er áætluð miðað við þróun vísitölu íbúðaverðs í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu. Þessi matsaðferð getur skapað skekkju sem kallar á leiðréttingu þegar nýtt fasteignamat kemur út vegna þess að aðferðin gerir ráð fyrir að verðmæti fasteigna félagsins þróist innan ársins í samræmi við meðalverðþróun á höfuðborgarsvæðinu. Í nýútgefnu fasteignamati reynist verðmæti eigna Félagsbústaða töluvert meira en gert hafði verið ráð fyrir í ársuppgjöri félagsins og skýrir það að hluta mikla hækkun á metnum eignum félagsins í uppgjörinu nú. Matsbreyting fjárfestingaeigna skýrist að öðru leyti af hækkun vísitölu íbúðaverðs um 4,8% frá febrúar til júní. Óvíst er hversu vel þessi hækkun endurspeglar raunaukningu á verðmæti eigna félagsins á tímabilinu og getur hún kallað á leiðréttingu við útgáfu fasteignamats á næsta ári, til hækkunar eða lækkunar.
- Hagnað félagsins á fyrstu sex mánuðum ársins má að mestu leyti rekja til 5,6 mkr matsbreytingar fjárfestingaeigna. Mikilvægt er að hafa í huga að hagnaður sem rekja má til hækkunar fasteignaverðs verður aðeins innleystur með sölu eigna og því hefur hann lítið að segja um grunnrekstur félagsins meðan ekki eru áform um að minnka framboð leiguíbúða. Hækkun fasteignaverðs hefur raunar neikvæð áhrif á grunnrekstur félagsins þar sem hún leiðir til hærri kostnaðar við rekstur fasteigna, viðhaldsframkvæmdir og öflun nýrra eigna. Tekjur félagsins hafa ekki haldið í við verðþróun þessara kostnaðarliða þar sem tekjur fylgja vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sem hækkaði aðeins um 1,4% á tímabilinu.
- Kostnaður við rekstur fasteigna (þ.m.t. skattar og gjöld) hækkuðu um 11,5% milli ára, aðallega vegna hækkunar húsfélagsgjalda og hækkunar fasteignamats. Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 18,6% vegna kjarasamninga og ráðningar nýs fjármálastjóra hjá fyrirtækinu. Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkaði um 31,1% en þessi liður er lítill hluti heildarrekstrarkostnaðar. Gjaldfærður viðhaldskostnaður lækkaði hins vegar um 5,5% og var 20,2% af tekjum en fyrir árið í heild gert ráð fyrir því að kostnaðurinn verði 21,3% af tekjum.
- Á tímabilinu var gengið frá langtímafjármögnun á stórum hluta skammtímaskulda við lánastofnanir og skulda vegna fasteignakaupa sem voru útistandandi í lok síðasta árs. Annars vegar var tekið 500 mkr lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga með veði í útsvarstekjum borgarinnar og hins vegar voru tekin félagsleg lán hjá Íbúðalánasjóði. Í lok júní stóðu eftir 549 mkr í skammtímaskuldir og skuldir vegna fasteignakaupa og er gert ráð fyrir að þessar skuldir verði fjármagnaðar með langtímalánum frá Íbúðalánasjóði á síðari hluta ársins.
- Vaxtaþekja (1,55) og skuldaþekja (1,00) félagsins eru yfir lágmörkum (1,4 og 0,9) sem voru skilyrði fyrir veitingu veðheimildar borgarsjóðs vegna endurfjármögnunar á FEL97 skuldabréfaflokki hjá Lánasjóði sveitarfélaga árið 2013. Vakin er athygli á því að íbúðakaup félagsins á síðasta ári voru að mestu fjármögnuð með skammtímalánum en vextir af þessum lánum eru taldir sem hluti fjárfestingakostnaðar (þeir eru eignfærðir en ekki gjaldfærðir) og ekki eru greiddar afborganir af þeim. Þegar skammtímalánin hafa að fullu verið endurfjármögnuð með langtímalánum verða vaxtaþekja og skuldaþekja lakari sem nemur greiddum afborgunum og vöxtum af þessum lánum.
- Í júní voru samþykkt á Alþingi lög um almennar íbúðir sem marka nýja umgjörð um stuðning hins opinbera við uppbyggingu eða kaup á leiguhúsnæði fyrir tekjulága. Gert er ráð fyrir að fyrstu verkefni í nýja kerfinu fari af stað á haustmánuðum.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Uppgjörð ber vott um nokkuð gott jafnvægi í grunnrekstri Félagsbústaða og eru fjárhagslegir mælikvarðar eins og vaxtaþekja og skuldaþekja umfram lágmörk sem sett hafa verið. Hins vegar er ljóst að kostnaður við rekstur fasteigna félagsins, viðhaldsframkvæmdir og öflun nýrra eigna hefur aukist töluvert umfram tekjur undanfarin misseri og horfur er á að svo verði áfram vegna þenslu á fasteignamarkaði. Þessi þróun getur ógnað sjálfbærni félagsins, sérstaklega þar sem til stendur að fjölga eignum félagsins töluvert á næstu árum. Hafin er greining af hálfu félagsins á viðhaldsþörf fasteigna til lengri og skemmri tíma og unnið er að nýju gjaldskrárlíkani. Mikilvægt er að leitað verði allra leiða til að tryggja hagkvæmni viðhalds- og nýframkvæmda, m.a. með útboðum og virku kostnaðareftirliti, og að metin verði þörf á endurskoðun gjaldskráa félagsins í ljósi vaxandi kostnaðar.
- Að mati fjármálaskrifstofu er ástæða til að fylgjast náið með þróun efnahagsmála og byggingamarkaðar á næstu misserum og meta hvort vaxandi þensla gefi tilefni til að endurskoða áfangaskiptingu á stækkunaráformum félagsins. Nýsamþykkt lög um opinber fjármál gera ráð fyrir að opinberir aðilar rífi seglin þegar merki eru um uppgang í hagkerfinu og þenji þau í staðinn á samdráttartímum, enda styður það bæði við efnahagslegan stöðugleika og leiðir til minni framkvæmdakostnaðar þar sem samkeppni um vinnuafli er minni á samdráttartímum. Í tilviki Félagsbústaða hefur framkvæmdakostnaður bein áhrif á það leiguverð sem félagið getur boðið.
- Lög um almennar íbúðir voru samþykkt á Alþingi í júní. Mikilvægt er að félagið vinni að því á næstu mánuðum að greina áhrif laganna á framkvæmdaáform félagsins næstu árin og að tryggja fjármögnun framkvæmdanna í þessu nýja umhverfi.

Orkuveita Reykjavíkur (mkr)	Raun jan-jún 2016	Raun jan-jún 2015	Frávik	%
Rekstrartekjur	20.955	20.479	476	2,3%
Rekstrargjöld	-13.518	-12.242	-1.275	10,4%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-935	-6.109	5.174	-84,7%
Tekjuskattur	-1.474	133	-1.607	-1211,5%
Rekstrarniðurstaða	5.029	2.260	2.769	122,5%

Rekstrarniðurstaða samstæðunnar

var jákvæð um 5.029 mkr samanborið við hagnað á sama tíma árið áður að fjárhæð 2.260 mkr.

Hagnaður fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA)

var 12.741 mkr samanborið við 13.036 mkr 2015. EBITDA er því 2,3% lægri en á síðasta ári.

Rekstrartekjur tímabilsins námu 20.955 mkr en voru 20.479 mkr á sama tímabili 2015 sem er 2,3% hækkun. Tekjuaukning varð í öllum miðlum á árinu sem meðal annars má rekja til verðlagstengingar gjaldskráa. Tekjur af rafmagnssölu hækkuðu um 109 mkr, sala á heitu vatni hækkaði um 101 mkr milli ára vegna aukinnar notkunar.

Tekjur skiptast á þrjá starfshætti: Orku náttúrunnar, Veitur og aðra starfsemi. Framleiðsla raforku, sala hennar og gagnaveita eru samkeppnisrekstur og nema tekjur þeirra 33,0% af heildartekjum samstæðu OR.

Rekstrargjöld tímabilsins námu 13.518 mkr að meðtöldum afskriftum en voru 12.242 mkr á sama tímabili 2015 sem er 10,4% hækkun.

Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 626 mkr milli ára og má það rekja til fjölgunar starfsmanna vegna nýrra verkefna og kjarasamninga.

Rekstrarhagnaður (EBIT) nam 7.438 mkr en var 8.237 mkr á sama tímabili í fyrra og lækkaði um 9,7% milli ára.

Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 931 mkr á tímabilinu en voru neikvæðir um 6.113 mkr fyrir ári síðan.

Heildareignir voru 305.505 mkr í lok tímabilsins en voru 310.990 mkr í lok árs 2015.

Eigið fé í lok tímabils var 116.892 mkr en var 114.771 mkr í lok árs 2015.

Heildarskuldir fyrirtækisins í lok tímabils voru 188.612 mkr en voru 196.218 mkr í árslok 2015 og hafa því lækkað um 7.606 mkr frá árslokum 2015. Vaxtaberandi skuldir hafa lækkað um 7.560 mkr frá árslokum. Skuldir vegna innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum hafa lækkað um 2.342 mkr.

Handbært fé frá rekstri nam 11.774 mkr á tímabilinu og hækkaði um 6,6% miðað við fyrra ár. Hækkunina má einna helst rekja til lægri vaxtagreiðslna og tekna af varnarsamningum.

Fjárfestingarhreyfingar námu 5.174 mkr fyrstu 6 mánuði ársins samanber 1.600 mkr á sama tíma 2015. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nam 5.569 mkr en var 3.320 mkr á sama tímabili 2015.

Fjármögnunarhreyfingar tímabilsins nettó voru útstreymi að fjárhæð 4.746 mkr en voru útstreymi upp á 8.627 mkr á sama tíma 2015.

Orkuveita Reykjavíkur hefur fylgt aðgerðaáætlun „Planinu“ sem unnið var í samstarfi við eigendur frá vormánuðum 2011. Í Planinu voru sett mjög metnaðarfull markmið um aðhald í rekstri og minnkun fjárfestinga auk samþykktar leiðréttinga á gjaldskrá, eignasölu og láns frá eigendum.

Árangur Plansins á fyrri helmingi ársins var 303 mkr betri en gert var ráð fyrir sem rekja má fyrst og fremst til lækkunar annarra fjárfestinga um 214 mkr umfram áætlun og tekna vegna leiðréttingar gjaldskrár umfram markmið um 188 mkr. Á árunum 2011 til 2016H1 er heildarárangur Plansins um 8.487 mkr umfram markmið tímabilsins.

Þrátt fyrir að markmið Plansins hafi hingað til gengið eftir eru skuldir Orkuveitunnar verulegar og áhrif vaxta, álverðs og gengis geta verið mikil á rekstur og efnahag fyrirtækisins. Álverð, sem hefur verið í sögulegu lágmarki undanfarið, hefur neikvæð áhrif á tekjur en á móti hefur gengisstyrking og lágir vextir haft jákvæð áhrif. Orkuveitan hefur haldið áfram að styrkja lausafjárstöðu sína og aukið töku áhættuvarnarsamninga til þess að verja sjóðstreymið.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Orkuveitu Reykjavíkur janúar – júní 2012-2016:

Orkuveita Reykjavíkur	2012	2013	2014	2015	2016
Eiginfjárlutfall	20,9%	22,2%	29,5%	34,0%	38,3%
Arðsemi eigin fjár	-3,0%	12,9%	9,8%	4,6%	9,1%
Veltufjárlutfall	0,29	0,67	0,87	0,77	0,88
Skuldsetningarlutfall	332,5%	306,3%	212,0%	170,7%	138,0%
Skuldaþekja (EBIT /gr afb + Nettó gr. vextir)	0,64	0,46	0,53	0,77	1,03
Skuldaþekja (EBITDA /gr afb + Nettó gr. vextir)	0,99	0,69	0,84	1,21	1,77
Vaxtaþekja (EBIT/(n.greiddir vextir)	2,87	2,85	3,47	3,85	5,20
Vaxtaþekja (EBITDA/(n.greiddir vextir)	4,49	4,29	5,47	6,09	8,91
Uppgreiðslutími lána (skuldir/veltuf.frá rekstri)	11,4	9,7	10,5	9,6	8,9
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	52,2%	55,6%	50,6%	51,3%	50,7%
Framlegð	66,0%	66,8%	63,0%	63,7%	60,8%

Í eftirfarandi töflu eru sýndir **fjárhagslegir mælikvarðar til arðgreiðslu** og arðgreiðsluskilyrði fyrirtækisins fyrir árin 2016-2018:

	2012*	2013*	2014*	2015*	2016F2	Skilyrði
Veltufjárlutfall	0,5	0,6	0,7	0,8	0,9	>1,0
Eiginfjárlutfall	20,4%	28,6%	33,2%	36,9%	38,3%	>35%
FFO vaxtaþekja	3,5x	4,0x	5,6x	5,5x	5,2x	>3,5x
RCF / nettó skuldir	8,3%	10,6%	12,8%	13,8%	14,3%	>11%
FFO / nettó skuldir	8,3%	10,6%	12,8%	13,8%	14,3%	>13%


* Gildi í lok árs

Fyrirtækið er eins og áður viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs, en verulega bættur rekstur og áhættuvarnir styrkja fjárhagsstöðu þess.

Í júní 2016 samdi OR um endurfjármögnun á láni að fjárhæð 4,6 mkr. Lánið var kúlulán sem koma átti til greiðslu í desember 2016. Samið var um greiðslu á 1,9 mkr með fjórum afborgunum á sex mánaða fresti og lokaggjalddaga 14. desember 2018. Afgangurinn, 2,7 mkr, var endurfjármagnaður með útgáfu bréfa í skuldabréfaflokknum OR090546.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Heildarárangur Plansins er nú orðinn 57,2 mkr sem er 8,5 mkr yfir markmiði tímabilsins 2011-2016F2. Fyrirtækið hefur þegar náð 51,3 mkr heildarmarkmiði Plansins fyrir árin 2011-2016.
- Vaxterandi skuldir og greidd vaxtagjöld halda áfram að lækka. Frá miðju síðasta ári hafa vaxterandi skuldir lækkað um 19,5 mkr eða 11,0% og greidd vaxtagjöld hafa lækkað úr 2,2 mkr í 1,9 mkr eða um 14,6%.
- Töluverður viðsnúningur er á fjármagnsliðum samanborið við fyrra ár. Á tímabilinu voru tekjufærðir 2,3 mkr vegna gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum, samanborið við 4,2 mkr gjaldfærslu fyrir ári síðan. Álverð hækkaði um 8,6% á tímabilinu sem leiddi til hækkunar á framvirkum álverðsferlum á markaði og um leið hækkuðu væntar tekjur OR af raforkusölu til stóriðju út líftíma raforkusölusamninga. Frá lokum uppgjörstímabilsins hefur álverð staðið nokkurn veginn í stað og því er líklegt að aftur verði tekjufærsla vegna innbyggðra afleiða í níu mánaða uppgjöri.
- Horfur eru á að meðalálverð á árinu 2016 verði nokkuð í samræmi við forsendur áætlunar fyrirtækisins fyrir árið 2016. Í fimm ára áætlun er gert ráð fyrir að álverð hækki jafnt og þétt næstu árin og verði fjórðungi hærra að jafnaði árið 2021 en það var í lok árs 2015.



- Gengismunur hefur tiltölulega lítil áhrif á rekstrarreikning þar sem vegast á sveiflur í gengi krónu gagnvart evru (3,3% styrking krónu sem hefur jákvæð áhrif), Bandaríkjadal (5,7% styrking krónu sem hefur neikvæð áhrif), japönsku jeni (9,7% veiking krónu sem hefur neikvæð áhrif) og svissneskum franka (3,9% styrking krónu sem hefur jákvæð áhrif). Veikingu krónu gagnvart jeni má m.a. rekja til ásóknar í gjaldmiðilinn á alþjóðamörkuðum vegna niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu um útgöngu Bretu úr Evrópusambandinu.
- Gengispróun hefur þó neikvæð áhrif á eigið fé. Hagnaður tímabilsins var 5,0 mkr en eigið fé hækkaði aðeins um 2,1 mkr vegna neikvæðra áhrifa gengisstyrkingar krónu gagnvart dollar á eigið fé Orku náttúrunnar.
- Það sem af er árs hefur fyrirtækið tekið langtímalán sem nemur 1,0 mkr í tveimur nýjum skuldabréfaflokkum, annars vegar til 8 ára (OR090524) og hins vegar til 30 ára (OR090546). Flokkarnir eru án ábyrgðar eigenda og stefnt er að frekari útgáfu í þeim á næstu misserum. Í júní samdi OR um endurfjármögnun á láni að fjárhæð 4,6 mkr sem var kúlulán og átti að koma til greiðslu í desember 2016 sbr. nánari upplýsingar hér að framan. Fyrirtækið á nú í viðræðum við Evrópska fjárfestingabankann (EIB) um lántöku að fjárhæð 70 milljónir evra, sem jafngildir rúmum 9 mkr á núverandi gengi, þar sem gert er ráð fyrir ábyrgð eigenda.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Tekjur fyrirtækisins jukust um 2,3% frá fyrra ári meðan rekstrarkostnaður jókst um 10,4% og afskriftir um 10,5%. Framlegð fyrirtækisins (EBITDA) dróst því saman um 2,3% milli ára og rekstrarhagnaður (EBIT) dróst saman um 9,7%. Framlegð sem hlutfall af rekstrartekjum minnkaði úr 63,7% í 60,8% og hefur minnkað úr 66,8% frá árinu 2013.
- Í lok tímabilsins átti fyrirtækið 8,5 mkr í formi handbærs fjár, bundinna innlána og markaðsverðbréfa samanborið við 11,2 mkr fyrir ári síðan. Veltufjárhlutfall var 0,88 í lok tímabilsins samanborið við 0,77 árið áður. Skv. áætlun OR er í lok árs gert ráð fyrir að handbært fé, bundin innlán og markaðsverðbréf nemi um 19 mkr og að veltufjárhlutfall verði yfir 1,0 sbr. markmið arðgreiðsluskilyrða fyrirtækisins. Þessi áætlun er háð því að fyrirtækið nái markmiði um alls 15,7 mkr lánsfjármögnun á árinu 2016 og að greiðsla berist undir lok árs vegna skuldabréfs sem er í eigu OR og metið er á 8,6 mkr í uppgjörinu.
- Fjárhagslegir mælikvarðar OR eru enn yfir mörkum arðgreiðsluskilyrða, að frátöldu veltufjárhlutfalli. Fjármálaskrifstofa tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í umsögn rýnihóps eigenda að beitt verði varfærni við greiðslu arðs og að lögð verði áhersla á hækkun lánsþæfiseinkunnar fyrirtækisins. Til þess þarf OR m.a. að sýna fram á getu til að ná áfram markmiðum sínum á næstu árum ásamt því að draga úr áhættum í rekstri.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (mkr)	Raun jan-jún 2016	Raun jan-jún 2015	Frávik	%
Rekstrartekjur	1.253	1.200	53	4,4%
Rekstrargjöld	-1.081	-930	-151	16,3%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-1	-7	5	-80,4%
Tekjuskattur	-6	-5	-2	35,4%
Rekstrarniðurstaða	164	259	-94	-36,5%

Sex mánaða uppgjör félagsins inniheldur samstæðu SHS (móðurfélag), SHS fasteignir ehf. og Almennavarnir höfuðborgarsvæðisins.

Rekstrarniðurstaða fyrstu sex mánuði ársins 2016 var jákvæð um 164 mkr, fyrir sama tímabilið árið 2015 var

rekstrarniðurstaðan jákvæð um 259 mkr. Í áætlun ársins var gert ráð fyrir hagnaði upp á rúmar 28 mkr. Í útkomspá er gert ráð fyrir að áætlun ársins standist þar sem seinni helmingur ársins er þyngri. Talið er líklegt að launaliðurinn fari fram úr áætlun en á móti hækka tekjur vegna sjúkraflutninga meira en gert var ráð fyrir.

Rekstrartekjur námu 1.253 mkr sem eru 4,5% hærri tekjur en fyrir sama tímabil árið 2015. Framlag eigenda nam 694 mkr og hækkar ekki milli ára. Tekjur vegna sjúkraflutninga eru 483,5 mkr sem er hækkun um 51 mkr , aðrar sértekjur voru 27 mkr sem er svipað og á sama tímabili í fyrra. Tekjur dótturfélagana voru um 49 mkr sem er hækkun um 4. mkr milli ára.

Rekstrargjöld án afskrifta námu 1.039 mkr sem er um 17% hækkun milli ára. Launakostnaður hækkaði um 22,4% á milli ára og fer úr 716 mkr í 877 mkr. Gera má ráð fyrir að launakostnaður hækki enn meira á seinni hluta ársins vegna endurmats á starfsmati frá árinu 2013 sem gildir afturvirktil til 1. maí 2014.

Heildareignir námu 2.526 mkr og þar af námu fastafjármunir 2.008 mkr Heildarskuldir voru 719 mkr og hafa lækkað um 136 mkr frá sama tímabili í fyrra. Ástæðan fyrir þessari lækkun er að þeir peningar sem fengust út út dómsmálinu við Lánasjóð sveitarfélaga voru notaðir til að greiða upp lán við Íslandsbanka.

Eigið fé nam 1.806 mkr og hefur hækkað um 245 mkr frá því í fyrra.

Fjárfestingahreyfingar námu 19 mkr en í fyrra voru fjárfestingahreyfingar 48 mkr.

SHS fasteignir

Undir SHS heyrir dótturfélagið SHS fasteignir, sem á og rekur þau mannvirki sem hýsa starfsemina.

Rekstrarhagnaður SHS fasteigna fyrstu sex mánuði ársins var 25 mkr en rekstrarhagnaður á sama tímabili í fyrra var 19 mkr.

Rekstrartekjur félagsins voru 82 mkr, rekstrargjöld án afskrifta voru 30 mkr og fjármagnsliðurinn var neikvæður um 9 mkr.

Heildareignir námu 1.020 mkr sem er svipað og á sama tímabili í fyrra. Heildarskuldir voru 742 mkr og hafa lækkað um 55 mkr á milli ára.

Fjárfestingahreyfingar voru engar á tímabilinu.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SHS samstæðunnar fyrir 6 mánaða uppgjör árin 2012-2016:

SHS - samtæða	2012	2013	2014	2015	2016
Eiginfjárlutfall	32,5%	56,0%	53,4%	64,6%	71,5%
Arðsemi eigin fjár	115,3%	14,4%	21,1%	39,8%	20,0%
Veltufjárlutfall	2,11	1,27	1,63	0,68	1,06
Langtímaskuldir/eigið fé	164,1%	46,9%	53,7%	20,0%	12,8%
Uppgreiðslutími	2	2	2	1	1

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- SHS gerði upp lán við Glitni á árinu 2008 með fyrirvara um leiðréttingu á uppgjöri ef niðurstaða dómstóla í gengislánamálum sýndi að um ofgreiðslu hafi verið að ræða. Krafa SHS hljóðar upp á rúmar 213 mkr. SHS tapaði málinu fyrir héraðsdómi nú í apríl sl. en hefur áfrýjað þeim úrskurði til Hæstaréttar. Niðurstöðu Hæstaréttar er að vænta á árinu 2017.
- Skuldahlutföll eru mjög viðunandi. Eiginfjárhlutfall hefur hækkað verulega undanfarin ár og er orðið mjög ásættanlegt.
- Rekstrarúttekt á SHS á vegum félagsins og stjórnar SSH stendur yfir og er niðurstöðu og tillagna að vænta á næstu vikum.

Sorpa bs. (mkr)	Raun jan-jún 2016	Raun jan-jún 2015	Frávik	%
Rekstrartekjur	1.567	1.317	250	19,0%
Rekstrargjöld	-1.427	-1.100	-327	29,7%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-7	-7	0	2,5%
Rekstrarniðurstaða	133	210	-77	-36,6%

Rekstrarniðurstaða fyrstu sex mánuði ársins 2016 var jákvæð um tæpar 133 mkr en var jákvæð um tæpar 210 mkr á sama tíma árið 2015.

Rekstrartekjur voru 1.567 mkr og hækkuðu milli ára um 250 mkr eða um

19,0%. Tekjur voru 50,3% af áætluðum heildartekjum ársins 2016. Helstu skýringar á frávikum milli ára voru þær að móttökugjöld hækkuðu vegna aukins magns og verðlagsbreytinga, tekjur *Góða hirðisins* jukust um 15,4% og sala endurvinnslufurða jókst um 13,2%. Rekstrartekjur endurvinnslustöðvanna hækkuðu um 31,1%.

Rekstrargjöld voru 1.427 mkr og hækkuðu milli ára um 327 mkr eða um 29,7%. Rekstrargjöld voru 50,9% af áætluðum útgjöldum ársins 2016. Brúttókostnaður endurvinnslustöðvanna hækkaði um 31,1% milli ára og var 58,5% af áætluðum heildarútgjöldum endurvinnslustöðvanna (og grenndargámanna). Skýrist sú breyting m.a. vegna verulega aukins magns og umferðar, vegna nýs starfsmats og kjarasamninga. Rekstrarkostnaður grenndargámakerfisins hækkaði einnig vegna breytts fyrirkomulags og aukinnar þjónustu.

Heildareignir við lok tímabilsins námu 2.874 og hækkuðu um 11,5% frá fyrra ári, þar af námu fastafjármunir 1.518 mkr og veltufjármunir 1.357 mkr.

Heildarskuldur voru 967 mkr í lok tímabils en voru 1.009 mkr árið áður og lækkuðu því um 4,2% frá fyrra ári. Langtímaskuldir voru 298 mkr og lækkuðu um 18,6% á milli ára og skammtímaskuldir voru 414 mkr í lok tímabils, lækkuðu um 1,7% á milli ára.

Eigið fé nam 1.908 mkr við lok tímabils og hækkaði um 21,7% milli ára.

Fjárfestingahreyfingar voru í heildina 71 mkr og lækkuðu um 40,4% á milli ára en á sama tíma fyrir ári námu fjárfestingarhreyfingar 120 mkr. **Fjárfestingar** í varanlegum rekstrarfjármunum námu 71,5 mkr, þar af voru fjárfestingar á endurvinnslustöðvunum 17,7 mkr. Fjárfestingar í Gufunesi námu 7,1 mkr en fjárfesting í Álfsnesi og svæðisáætlun var 47,8 mkr. Bygging gas- og jarðgerðarstöðvar sem fyrirhuguð var á árinu hefur tafist af ýmsum sökum og því voru fjárfestingar nokkru minni en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Fjármögnunarhreyfingar Greiddar afborganir **langtímalána** námu 82 mkr en engin ný lán voru tekin á tímabilinu.

Handbært fé frá rekstri í lok tímabils nam 106 mkr, en var 319 mkr fyrir ári og lækkar því um 213 mkr milli tímabila. Skýringar á þessari breytingu er að meginhluta sú að rekstarhagnaður minnkaði milli tímabila um 77 mkr, og skammtímakröfur hækkuðu um 100 milljónir milli tímabila. Megin skýringin er sú að eigendur SORPU hafa ekki gert upp rekstrarhalla af rekstri endurvinnslustöðvanna árið 2015. **Handbært fé** í lok tímabils nam 890 mkr, en var 812 mkr fyrir árið síðan og hefur því hækkað um 78 mkr á milli ára eða um 9,6%.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SORPU bs. fyrir 6 mánaða uppgjör árin 2012-2016:

Sorpa	2012	2013	2014	2015*	2016
Eiginfjárlutfall	68,8%	68,6%	64,5%	60,8%	66,4%
Arðsemi eigin fjár	-4,1%	2,5%	8,7%	30,9%	15,0%
Veltufjárlutfall	1,37	1,64	2,31	2,65	3,28
Langtímaskuldir/eigið fé	18,8%	19,7%	29,5%	23,3%	15,6%
Uppgreiðslutími	3	2	2	1	1

*Á síðari hluta ársins 2014 var breytt um reikningsskilaaðferð við reikningsfærslu endurvinnslustöðva sem hefur áhrif á eiginfjárlutfall, arðsemi eiginfjár og hlutfallið langtímaskuldir/eigið fé. Kennitölum fyrri ára hefur ekki verið breytt til samræmis.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaðan er ásættanleg og staða handbærs fjár sterk.
- Helstu áhættur í rekstri SORPU tengjast ytra efnahagsumhverfi og eftirspurn eftir þjónustu fyrirtækisins.
- Fyrirhugaðar eru miklar fjárfestingar vegna hertra reglna um meðferð og urðun úrgangs. Mikilvægt er að greina valkosti og hagkvæmni þeirra, fjármögnun og áhrif á notendur þjónustunnar og eigendur SORPU.
- Rekstrarúttekt á SORPU á vegum félagsins og stjórnar SSH stendur yfir og er niðurstöðu og tillagna að vænta á næstu vikum.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Eigendur SORPU hafa ekki gert upp rekstrarhalla af rekstri endurvinnslustöðvanna árið 2015 sem nam 50,8 mkr.

Strætó bs

Strætó bs. (mkr)	Raun jan-jún 2016	Raun jan-jún 2015	Frávik	%
Rekstrartekjur	3.618	3.288	330	10,0%
Rekstrargjöld	-3.665	-3.306	-359	10,8%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	4	1	3	265,2%
Rekstrarniðurstaða	-43	-17	-26	150,3%

Rekstrarniðurstaða fyrstu sex mánuði ársins 2016 var neikvæð um 43 mkr, sem er betri afkoma en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir en þar var gert ráð fyrir 121 mkr tapi fyrstu sex mánuði ársins.

Rekstrartekjur Strætó voru um 3.618

mkr sem er um 147 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir. **Fargjaldatekjur** voru 812 mkr sem er nokkur vegin í takt við áætlun tímabilsins. **Framlög frá eigendum** voru 1.491 mkr og eru í takt við áætlun. **Tekjur vegna aksturs fyrir fatlaða** voru um 88 mkr hærri en áætlað var, þar vegur þyngst að kostnaður vegna skólaaksturs fatlaðra barna á höfuðborgarsvæðinu er hærri en áætlun gerði ráð fyrir. **Framlag ríkissjóðs** var um 45 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir. **Aðrar tekjur** voru mjög sambærilegar og á sama tíma í fyrra eða um 93 mkr sem er í takt við áætlun.

Rekstrargjöld Strætó án afskrifta námu 3.567 mkr sem er um 99 mkr hærri en áætlað var, þar vegur þyngst aukinn aksturskostnaður vegna fatlaðra skólabarna. Kostnaður **almenningsvagna og leiðakerfis** nam samtals 2.602 mkr sem er í takt við áætlun. **Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður** var 188 mkr og er um 11% hærri en áætlun gerði ráð fyrir, þar vegur þyngst aukinn kostnaður við umsýslu akstursþjónustu fyrir fatlaða og lögfræðikostnaður vegna yfirstandandi dóms- og kærumála.

Heildareignir Strætó voru í lok tímabils 2.618 mkr, þar af voru fastafjármunir 1.557 mkr og veltufjármunir 1.061 mkr. Heildarskuldir voru 954 mkr þar af voru langtímaskuldir 71 mkr og viðskipta- og aðrar skammtímaskuldir 883 mkr. Vaxtaberandi skuldir í júnílok námu 174 mkr. Engin ný **langtímalán** voru tekin á tímabilinu og gert er ráð fyrir að langtímaskuldir Strætó verði greiddar upp á næstu 2 árum.

Eigið fé í lok júní var um 1.664 mkr en var um 1.706 mkr í ársbyrjun sem skýrist af rekstrartapi tímabilsins.

Á fyrstu sex mánuðum 2016 var **fjárfest** fyrir um 58 mkr þar af var greiðsla fyrir einn strætisvagna að fjárhæð 35 mkr sem var hluti af fjárfestingu 2015 og 23 mkr fjárfesting í upplýsingatækni.

Gert er ráð fyrir að á síðari hluta ársins verði gengið frá fjárfestingu í nýjum vögnum fyrir allt að 320 mkr og að fjárfest verði fyrir um 40 mkr í nýjum farþegatalningarbúnaði. Jafnframt er gert ráð fyrir að fjárfest verði fyrir allt að 27 mkr til viðbótar í upplýsingatækni, þ.e. áframhaldandi þróun á rafrænum greiðslumöguleikum og nýrri heimasíðu.

Handbært fé frá rekstri í lok tímabils nam 254 mkr samanborið við 198 mkr á samátímabili árið 2015. **Handbært fé** var 658 mkr í lok júní og lækkaði um 59 mkr frá áramótum eða um rúmlega 8%.

Málaferli og kærur Höfðuð hafa verið tvö mál á hendur Strætó bs. fyrir héraðsdómi af aðilum sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010.

Í fyrra málinu krafðist stefnandi viðurkenningar á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintrar ólögmatrar og saknæmrar háttsemi við framkvæmd útboðsins. Dómur í málinu var kveðinn upp hinn 31. mars sl. Í dómi héraðsdóms var réttur stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar og kostnaðar vegna þátttöku í forvali viðurkenndur. Málinu hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar til endurskoðunar á niðurstöðu héraðsdóms.

Í seinna málinu krafðist stefnandi skaðabóta að fjárhæð 530 mkr vegna meints fjártjóns í formi missis hagnaðar og kostnaðar við þátttöku í útboðinu. Dómur í málinu var kveðinn upp hinn 16. júní sl. Héraðsdómur taldi skilyrðum skaðabótaábyrgðar vera fullnægt í málinu en taldi ætlað fjártjón stefnanda vegna missis hagnaðar nema 100 mkr. Áfrýja má dóminum til Hæstaréttar innan þriggja mánaða frá dómsuppsögu í héraðsdómi.

Nokkrir rammasamningshafar um framkvæmd tilfallandi akstursþjónustu fatlaðs fólks og fatlaðra skólabarna hafa kært Strætó til Kæruneftndar útboðsmála. Í málinu var þess krafist að kæruneftndin láti í ljós álit sitt á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintra brota gegn skilmálum rammasamnings við framkvæmd akstursþjónustunnar. Hinn 21. júní sl. komst kæruneftnd útboðsmála að Strætó hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt rammasamningi við forgangsröðun rammasamningshafa við framkvæmd akstursþjónustunnar og kaup á akstursþjónustu af aðilum utan rammasamnings. Lét

kærunefndin í ljós það álit að Strætó væri skaðabótaskyld gagnvart kærendum, en engin afstaða var tekin til umfangs hugsanlegs fjártjóns kæranda. Niðurstaðan kærunefndarinnar er til skoðunar hjá Strætó.

Meðfylgjandi tafla dregur saman **kennitölur** Strætó bs. fyrir 6 mánaða uppgjör árin 2012-2016:

Strætó	2012	2013	2014	2015	2016
Eiginfjárhlutfall	32,7%	48,2%	58,7%	65,7%	63,5%
Arðsemi eigin fjár	-9,3%	33,3%	17,0%	-2,0%	-5,0%
Veltufjárhlutfall	1,60	2,17	2,11	1,65	1,20
Langtímaskuldir/eigið fé	95,4%	41,6%	19,2%	10,3%	4,3%
Uppgreiðslutími	8	1	1	2	2

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaða félagsins var neikvæð á tímabilinu um 43 mkr sem 78 mkr betri afkoma en áætlun gerði ráð fyrir þrátt fyrir að gjaldfærð hafi verið 100 mkr varúðarniðurfærsla vegna yfirstandandi dómsmáls.
- Rekstrarhagræðing sem lagt var upp með í fjárhagsáætlun félagsins að fjárhæð 252 mkr fyrir árið í heild gengur í takt við áætlun og útlit er fyrir hagræðingarmarkmiðið náist fyrir árslok.
- Rekstrarúttekt á Strætó á vegum félagsins og stjórnar SSH stendur yfir og er niðurstöðu og tillagna að vænta á næstu vikum.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Í maí 2012 var undirritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. og voru markmið og tilgangur samningsins að efla almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Til að ná fram markmiðum samningsins myndi árlegt framlag ríkisins til Strætó nema 924 mkr m.v. árið 2013 og hækka í samræmi við verðlag ár hvert. Eigendur Strætó skuldbundu sig einnig til þess að árlegt framlag þeirra til reksturs Strætó bs yrði ekki lægra á samningstímanum en sem nemur 2.347 mkr. Að auki má nefna að í samningum kemur fram að 85% endurgreiðsla á olúgjaldinu er afnumin í áföngum á árunum 2013 og 2014 og að fullu 1. janúar 2015 sem hækkar kostnað Strætó um 218 mkr á ári, þ.s. Strætó þarf að endurgreiða verktökum þann hluta af olúgjaldinu sem þeir hefðu annars fengið endurgreiddan. Í meðfylgjandi töflu er sýnd samningsbundin fjárhæð ríkisins og hvað ríkið greiddi árin 2012 til júní 2016. Uppsafnaður mismunur nam 257 mkr í lok júní.

Allar fjárhæðir í mkr.	2012	2013	2014	2015	2016*
Framlagið skv. samningi, með hækkun vegna verðlagsbreytinga, gr. 6. liður iii	350	902	926	927	924
Framlagið - raun og áætlað 2016	350	903	823	806	890
Mismunur frá því sem fram kemur í samningi og raun framlagi	0	-1	103	121	34
Uppsafnaður mismunur	0	-1	102	223	257

*Fjárlög 2016

Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki

Fyrirtæki í B-hluta eru afar mismunandi hvað varðar þjónustuhlutverk, rekstrarform, rekstrarumfang og fjárhagslega stöðu og styrk. Í meðfylgjandi greinargerð um B-hluta fyrirtækin er reynt í stuttu máli að varpa ljósi á rekstur, afkomu og fjárhagslega stöðu. Í þessu sambandi blasir við hvað B-hluta fyrirtækin hafa flest fjarlægst hratt borgarráð og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og þekking og innsýn í rekstur þeirra og fjárhagsstöðu fer að sama skapi dvínandi. Samtímis er ljóst að Reykjavíkurborg ber ýmist beina eða óbeina ábyrgð á þessum fyrirtækjum og þjónustuhlutverkum þeirra og afkoma fyrirtækjanna getur haft afdrifarík áhrif á stöðu A-hluta borgarsjóðs.

Byggðasamlögin, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Sorpa og Strætó, eru samrekstrarfélög sveitarfélaga sem hvert um sig ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á rekstrinum. Í þessu ljósi er mikilvægt að ákvarðanir um fjárhagsskipan og fjárfestingar séu teknar með virkri aðkomu borgarráðs og hlutaðeigandi bæjarráða. Þá er einnig æskilegt að hlutaðeigandi sveitarfélög fjármagni sjálf aukin framlög eigenda vegna rekstrar eða fjárfestinga byggðasamlaga fremur en að fyrirtækin safni upp skuldum. Ennfremur ættu þau að gera upp lífeyrisskuldbindingar með samtímagreiðslum.

Félagsbústaðir er hlutafélag í 100% eigu Reykjavíkurborgar sem var stofnað 8. apríl 1997 um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem félagslegs úrræðis á ábyrgð eigandans. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn á grundvelli gangverðs eigna enda er fyrirtækið á skuldabréfamarkaði í kauphöll. Félagsbústaðir hf. eiga og reka yfir 2300 leiguíbúðir í Reykjavík.

Fyrirtækið **Faxaflóahafnir** er rekið sem sameignarfélag Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarfjarðarsveitar og er eignarhlutur borgarsjóðs 75,551%. Í þessu rekstrarformi felst að eigendur bera sameiginlega ábyrgð á rekstrinum. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið á og rekur fjórar hafnir, Reykjavíkurhöfn, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er 99% í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og 1% í eigu Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki, Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar og Grjótnám Reykjavíkurborgar, í eitt hlutafélag. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga. Malbiksmarkaður er að mestu í höndum tveggja fyrirtækja, Höfða og Hlaðbæjar Colas sem er í erlendri eigu.

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki. Við stofnun þess árið 1999 samanstóð fyrirtækið af Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Reykjavíkur, Vatnsveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og Hitaveitu Borgarness. Starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur hefur stækkað umtalsvert og þjónustusvæðið nær nú til Suður- og Vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins. Orkuveita Reykjavíkur sem er langstærsta fyrirtækið í B-hluta borgarinnar og stórfyrirtæki á landsvísi, er rekið sem sameignarfyrirtæki samkvæmt sérstökum lögum. Eigendur auk borgarinnar sem á 93,539% hlut eru Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. Reikningsskilaaðferðir samkvæmt alþjóðlegum stöðlum (IFRS) voru teknar upp við gerð ársreiknings 2007.

Þann 1. janúar 2014 kom til framkvæmda það ákvæði raforkulaga sem gerir fyrirtækjum á þeim markaði skylt að skilja á milli sérleyfis- og samkeppnishluta starfseminnar. Þá tók Orka náttúrunnar ohf., dótturfélag sem er alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, til starfa á samkeppnismarkaði raforku en félagið var stofnað til að uppfylla þetta lagaákvæði. Veitubjónustan verður áfram rekin undir merkjum Orkuveitu Reykjavíkur, bæði þau lögbundnu skylduverkefni sveitarfélaga sem vatns- og fráveita eru og sérleyfisþjónusta rafmagns- og hitaveitu. Í móðurfélagi breyttrar samstæðu, Orkuveitu Reykjavíkur, verður sameignleg stoðþjónusta við dótturfélög s.s. fjármál, gæða, umhverfis- og öryggismál auk sameiginlegs þjónustusviðs.

Íþrótt- og sýningarhöllin hf. er sjálfstætt fyrirtæki í 50% eigu borgarinnar og að jafnstórum hlut í eigu Samtaka iðnaðarins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir upp ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa, enda falli þau að tilgangi SHS og séu ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum. Stofnendur og eigendur SHS eru sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er í 60,82% eigu borgarsjóðs. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

Sorpa bs er 66,7% í eigu Reykjavíkurborgar sem á það með nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Sorpa annast urðun og meðferð sorps og rekur endurvinnslustöðvar.

Strætó bs er byggðasamlag í eigu Reykjavíkurborgar og nokkurra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Eignarhlutur borgarsjóðs er 60,3%. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn og annast almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Jörundur er einkahlutafélag í 100% eigu Reykjavíkurborgar, félagið er ekki lengur í rekstri og er í slitameðferð.

Aflvaki er hlutafélag í 95,7% eigu Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í samstæðu hennar. Fyrirtækið var ekki í rekstri það sem af er árinu 2016.




Greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta

Við framlagningu árshlutareiknings
Reykjavíkurborgar janúar – júní 2016

Lagt fram íborgarráði
25. ágúst 2016

1. Aðalsjóður	1
1.1 Íþrótt- og tómstundasvið	2
1.2 Menningar- og ferðamálasvið	4
1.3 Skóla- og frístundasvið	6
1.4 Umhverfis- og skipulagssvið	11
1.5 Velferðarsvið	13
1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir	16
1.6 Miðlæg stjórnsýsla	18
1.7 Sameiginlegur kostnaður	19
1.8 Framlög til B-hluta fyrirtækja	20
2. Eignasjóður	21
2.2 Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar (SEA)	22
2.3 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)	23
3. Bílastæðasjóður	24
4. Greining vöru- og þjónustuinnkaupa A-hluta	25
5. Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið	28
6. Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun	29
7. Innheimtuárangur	31
Viðauki 1: Árshlutauppgjör Aðalssjóðs	32
Viðauki 2: Árshlutauppgjör Eignasjóðs	36
Viðauki 3: Árshlutauppgjör Bílastæðasjóðs	40
Viðauki 4: Rekstrarniðurstaða grunnskóla, leikskóla og frístundastofnana	44

1. Aðalsjóður



Aðalsjóður (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	49.757	48.757	1.000	2,1%
Laun og launat.gj.	24.584	24.228	356	1,5%
Hækkun lífeyrisk.b	2.750	2.500	250	10,0%
Annar rekstrark.	26.927	27.347	-419	-1,5%
Fjármagnslíðir	2.404	2.158	245	11,4%
Rekstrarniðurstaða	-2.101	-3.159	1.058	-33,5%

áætlun í tekjum og hjá Skóla- og frístundasviði sem var 163 mkr yfir áætlun í tekjum. Önnur frávik voru minni. Nánari umfjöllun um frávik tekna er að finna í umfjöllun um hvert svið hér á eftir.

Rekstrargjöld voru 54.262 mkr eða 187 mkr yfir fjárheimildum. Launakostnaður var 24.584 mkr eða 356 mkr yfir fjárheimildum eða 1,5%. Það má einkum rekja frávik í launakostnaði á Velferðarsviði 204 mkr yfir fjárheimildum og hjá Skóla- og frístundasvið var launakostnaðurinn 138 mkr yfir fjárheimildum. Gjaldfærsla lífeyrisskuldabindingar nam 2.750 mkr og var 250 mkr yfir fjárheimildum. Annar rekstrarkostnaður var 26.927 mkr eða 419 mkr undir fjárheimildum². Ósamþykktir og ógjaldfærðir reikningar hjá Aðalsjóði námu 147 mkr.

Nettó fjármunatekjur voru 2.404 mkr eða 245 mkr yfir áætlun. Vaxtatekjur og verðbætur voru 146 mkr yfir áætlun, aðallega vegna hærri ávöxtunar af handbæru fé en áætlun gerði ráð fyrir. Auk þess sem arður af eignarhlutum var 131 mkr yfir áætlun.

Heildareignir voru 77.640 mkr, þar af fastafjármunir 55.262 mkr og veltufjármunir 22.377 mkr. **Skuldir og skuldbindingar** voru 46.433 mkr og eigið fé 31.207 mkr. **Eigið fé** lækkar úr 33.307 mkr í ársbyrjun í 31.207 mkr í lok tímabils. Þessi hækkun skýrist af rekstrarniðurstöðu tímabilsins.

Veltufé frá rekstri var neikvætt um 60 mkr. Handbært fé í lok tímabils nam 8.977 mkr.


Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 2.101 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 3.159 mkr og var niðurstaðan því um 1.058 mkr betri en áætlað var sem einkum má rekja til hærri útsvars í staðgreiðslu en það var 953 mkr yfir áætlun.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Aðalsjóðs á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 í samanburði við fjárheimildir. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrartekjur voru 49.757 mkr eða 1.000 mkr yfir áætlun.

Skatttekjur voru 38.986 mkr eða 605 mkr yfir áætlun. Þar af voru nettó útsvarstekjur um 30.762 mkr eða 612 mkr yfir áætlun eða um 2,0%. Hækkun útsvarstekna má aðallega rekja til þess að launahækkningar á fyrri hluta ársins voru meiri en gert var ráð fyrir í áætlun, m.a. vegna breytinga á kjarasamningi ASÍ við SA frá 21. janúar sl. Tekjur frá Jöfnunarsjóði voru 3.104 mkr eða 21 mkr yfir áætlun.¹


Þjónustutekjur og aðrar tekjur voru 7.667 mkr og voru 373 mkr yfir áætlun. Mestu frávikin má finna hjá Íþrótt og tómstundasviði sem var 195 mkr yfir



¹ Sjá umfjöllun frammar í kafla 4 um A-hluta.

² Sjá nánar umfjöllun á hverju sviði fyrir sig.

1.1 Íþróttta- og tómstundasvið



Rekstur ÍTR (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	997	802	195	24,3%
Laun og launat. gj.	1.023	979	44	4,5%
Annar rekstark.	3.509	3.503	6	0,2%
Rekstrarniðurstaða	3.535	3.680	-145	-3,9%

af öðrum rekstrarkostnaði **skíðasvæðanna** sem var 49,5 mkr yfir fjárheimildum. Annar rekstrarkostnaður **sundlauganna** var 15,5 mkr yfir fjárheimildum. Innri leiga var 9,9 mkr undir fjárheimildum vegna lægri verðbólgu.

Málaflokkar ÍTR (mkr)	Tekjur	Áætlun 2016	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2016	Frávik	Annar kosntaður	Áætlun 2016	Frávik	Rekstrar-niðurstaða	Áætlun 2016	Frávik	%
Húsaleigu- og æfingastyrkir	16	19	-4	0	0	0	1.245	1.276	-31	1.230	1.257	-27	-2,1%
Sundlaugar	463	407	56	445	429	17	615	599	15	597	620	-23	-3,8%
Skíðasvæðin á höfuðborgarsvæðinu	352	251	102	151	105	46	141	92	50	-59	-54	-6	10,3%
Frístundakort	0	0	0	2	5	-3	326	356	-29	328	361	-33	-9,0%
Fjölskyldu- og húsdýragarður	80	79	1	111	127	-16	70	71	0	102	118	-16	-13,9%
Hitt húsið	36	18	19	151	160	-10	59	62	-3	173	205	-32	-15,4%
Hátíðahöldin 17. júní	6	0	6	0	0	0	14	9	6	9	9	0	0,2%
Ylströndin	7	4	3	14	13	1	23	21	2	29	30	0	-0,4%
Siglunes	2	2	0	9	9	0	5	5	0	12	12	0	1,8%
Gervigrasvellir	0	0	0	0	0	0	32	31	1	32	31	1	3,0%
Yfirstjórn ÍTR	0	0	0	62	56	5	14	17	-3	76	73	3	3,9%

Húsaleigu- og æfingastyrkir: Rekstrarniðurstaða vegna húsaleigu- og æfingastyrkja var 1.230 mkr sem var 26,9 mkr eða 2,1% undir fjárheimildum sem skýrist af greiðsludreifing var ekki sú sama og áætlun gerði ráð fyrir.

Sundlaugar: Rekstrarniðurstaða vegna sundlauga var um 597 mkr sem var 23,3 mkr eða 3,92 % undir fjárheimildum. Tekjur sundlauga voru 55,6 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir eða 13,66% yfir áætlun. Skýrist það helst af meiri aðsókn. Annar rekstrarkostnaður var 15,5 mkr eða 2,58% yfir fjárheimildum.

Frístundakort: Kostnaður vegna frístundakorta var 328 mkr sem var 32 mkr eða 9,9 % undir fjárheimildum sem helgast af því að meira er ráðstafað á haustönn en vorönn.

Hitt húsið var 31,6 mkr undir fjárheimildum. Skýrist það af að tekjur voru 18,7 mkr yfir áætlun. Þá var launakostnaður 9,5 mkr undir fjárheimildum sem skýrist að mestu af undirmönnun í frístundastarfi fatlaðra. Annar rekstrarkostnaður var 3,4 mkr

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri íþróttta- og tómstundasviðs í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) á fyrstu sex mánuðum ársins 2016. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 3.535 mkr sem var 145 mkr eða 3,9% undir fjárheimildum.

Tekjur voru 997 mkr sem var 195 mkr eða 24,3% yfir áætlun. Tekjur af **skíðasvæðunum** voru 101,5 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Þá hækkan má einkum rekja til meiri aðsóknar og fleiri opnunardaga. Tekjur **sundlauganna** voru 55,6 mkr yfir áætlun. Tekjur **Hins Hússins** voru 18,7 mkr yfir áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru um 1.023 mkr, sem var 44 mkr eða 4,5% yfir fjárheimildum. Launakostnaður **skíðasvæðanna** var 46,4 mkr yfir fjárheimildum og launakostnaður í **sundlaugunum** var 16,8 mkr yfir fjárheimildum. Hitt húsið er 9,5 mkr undir fjárheimildum. Launakostnaður hjá **Fjölskyldu- og húsdýragarðinum** var 15,6 mkr undir fjárheimildum.

Langtímaveikindi hjá ÍTR voru 6,79 mkr eða 41,5% yfir áætlun. Starfsmenn íþróttamannvirkja eru margir komnir vel á aldur. Á þessu ári eru 10 manns í langtímaveikindum.

Annar rekstrarkostnaður var um 3.509 mkr, sem reyndist 6 mkr eða 0,2% yfir fjárheimildum. Skýrist það helst

undir fjárheimildum sem að mestu má rekja til styrkja sem komu inn fyrri hluta árs en kostnaður vegna þeirra mun falla til á seinni hluta ársins.


Yfirlit yfir helstu markmið sviðsins árið 2016 og sá árangur sem náðst hefur á árinu:

Mælikvarðar 2016	Hvað hefur verið gert á árinu	Markmið	Rauntölur	Árangur
Að skipta um gervigras og gúmmí á völlum hjá félögum.	Skipt hefur verið um gras á þremur völlum.			100%
Að lagfæra eog endurbæta Breiðholtslaug vegna opnunar líkamsræktarstöðvar í Breiðholti.	Framkvæmdir standa yfir, ráðgert að stöðin opni í september 2016.			75%
Að gera nýja samning við íþróttahreyfinguna til lengri tíma.	Vinna á lokastigi.			80%
Að gera jafnréttisúttekt hjá íþróttafélögum í samvinnu við félögin og mannréttindaskrifstofu.	Vinna á lokastigi.			80%
Að viðhalda góðum árangri, frá fyrri viðhorfskönnunum meðal starfsmanna.	Verkefnið er í gangi.			75%
Að vinna í samvinnu með ÍBR, greiningu á hagrænum áhrifum íþróttastarfs á borgarsamfélagið.	Vinna stendur yfir.			50%

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstur sviðsins var í góðu jafnvægi á tímabilinu.

1.2 Menningar- og ferðamálasvið



Rekstur MOF (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	200	180	20	11,1%
Laun og launat. gj.	579	588	-10	-1,6%
Annar rekstark.	1.691	1.739	-48	-2,7%
Rekstrarniðurstaða	2.070	2.147	-77	-3,6%

yfir fjárheimildum, þar af um 2,7 mkr vegna afturvirkra starfsmatsleiðréttinga en annar umframkostnaður fólst í orlofsuppgjöri og aukavöktum vegna aukins fjölda gesta. Kostnaðarauki og orlofsuppgjör á skrifstofu (undir liðnum annað í töflunni hér að neðan) var um 5,6 mkr yfir fjárheimildum en áætlað er að þau verði bætt að hluta með yfirfærslu 4,7 mkr afgangi frá árinu 2015. **Borgarbókasafn** var um 12,8 mkr undir fjárheimildum á launaliðnum og **Höfuðborgarstofa** var einnig um 9 mkr undir fjárheimildum. Hvort tveggja var vegna stöðugilda sem voru ósetin en gert er ráð fyrir að þau verði mönnuð að hluta til á seinni hluta ársins.

Annar rekstarkostnaður var 1.691 mkr og var 48 mkr eða 2,7% undir fjárheimildum ársins. Sundurliðað í töflunni hér að neðan eru **framlög** um 11 mkr undir fjárheimildum sem skýrast að mestu vegna stórra vístölubundinna samninga því vísitalan var lægri en forsendur gerðu ráð fyrir. **Styrkir** greiddust hraðar út en fjárheimildir gerðu ráð fyrir eða um 5 mkr. **Borgarsögusafn** var 11 mkr undir fjárheimildum og eru helstu skýringar þær að reikningur hefur ekki borist fyrir Viðeyjarferju um 5,5 mkr auk þess sem framkvæmdir vegna viðhalds og sýninga gengu hægar en ráðgert var. **Höfuðborgarstofa** var 15 mkr undir fjárheimildum og voru stærstu liðir vegna markaðsmála en gert er ráð fyrir að þau verði fyrirferðarmeiri á seinni hluta ársins.

Málaflokkar MOF (mkr)	Tekjur	Áætlun 2016	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2016	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2016	Frávik	Rekstrarniðurstaða	Áætlun 2016	Frávik	%
Styrkir og samstarfsamningar	0	0	0	0	0	0	714	709	5	714	709	5	0,8%
Framlög	0	0	0	0	0	0	395	406	-11	395	406	-11	-2,7%
Borgarbókasafn	28	27	1	254	267	-13	189	188	2	415	428	-12	-2,9%
Listasafn Reykjavíkur	51	40	11	87	88	0	150	152	-2	187	200	-13	-6,3%
Borgarsögusafn	98	84	14	134	129	5	165	177	-11	201	222	-21	-9,3%
Höfuðborgarstofa	21	29	-7	41	50	-9	45	61	-15	65	82	-17	-21,0%
Yfirstjórn	0	0	0	45	45	0	7	7	0	51	52	-1	-1,0%
Bókmenntaborg UNESCO	2	0	1	8	9	0	6	11	-6	12	19	-8	-38,8%
Annað	0	1	0	10	2	8	19	28	-9	29	30	-1	-2,6%
Samtals	200	180	20	579	589	-10	1.691	1.739	-47	2.070	2.147	-77	-3,6%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Menningar- og ferðamálasviðs á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 2.070 mkr sem var 77 mkr eða 3,6% undir fjárheimildum tímabilsins.

Tekjur fyrstu sex mánuði ársins voru um 200 mkr sem var 20 mkr eða 11% yfir áætlun. Stærstu frávik voru á **Borgarsögusafni** um 14 mkr eða 17% umfram áætlun sem skýrist að mestu vegna 7 mkr hærri tekna af aðgangseyri auk þess að tekjur af styrkjum og öðrum sértekjum voru 7 mkr yfir áætlun. **Listasafnið** var yfir tekjuáætlun um 11 mkr eða 27% og þar af voru 3,5 mkr vegna aðgangseyris og tæpar 8 mkr vegna styrkja og annarra sértekna. **Höfuðborgarstofa** var 7 mkr undir áætlun sem var vegna lægri tekna af markaðsmálum en gert er ráð fyrir auknum tekjum seinna á árinu. Vetrarhátíð var undir í tekjum um tæpar 2 mkr vegna styrkja sem brugðust en á móti kom aukning í veltutengdri þóknun frá Upplýsingamiðstöð.

Tekjur sviðsins í heild vegna **aðgangseyris** voru tæpum 11 mkr yfir áætlun eða 15%. Öll söfnin sem innheimta aðgangseyri voru yfir markmiði tímabilsins og skýrist það af markaðssókn og auknum fjölda erlendra ferðamanna.

Laun og launatengd gjöld voru 579 mkr sem var 10 mkr eða 1,6% undir fjárheimildum. **Borgarsögusafn** var um 5 mkr


Yfirlit yfir helstu markmið sviðsins árið 2016 og sá árangur sem náðst á tímabilinu

Mælikvarðar janúar - júní 2016	Hvað hefur verið gert á árinu	Markmið	Rauntölur	Árangur
Fjöldi barna og unglunga í skipulögðum heimsóknum.	Framboð viðburða og menningarstarfsemi var kynnt fulltrúum grunn- og leikskóla og frístundamiðstöðva. Sameiginlegur verkefnisstjóri barnamenningar hjá MOF og SFS miðlar upplýsingum um list- og menningaruppeldi og vinnur einnig með viðburðastjórum sviðsins að undirbúningi og framkvæmd Barnamenningarhátíðar. Unnið er skv. áætlun stofnana sviðsins að sérstökum miðlunar- og fræðsluverkefnum sem höfða til barna og ungmenna. Sérstakir rútustyrkir eru veittir til skóla vegna ferða á söfnin.	25.150	24.412	97%
Aðsókn að stofnunum sviðsins	Stöðugt er unnið að því að efla og samþætta kynningarstarf, með m.a. tilboðum í tengslum við Menningarkort Reykjavíkur og Gestakort Reykjavíkur. Dagskrá og þjónustuframboð er aðlagð að þörfum gestanna sem er m.a. mæld með reglulegum gesta- og viðhorfskönnunum.	731.900	738.787	101%
Kostnaður við rekstur stofnana sviðsins pr. gest	Kostnaður per gest hefur farið lækkandi. Kynningarstarf er í stöðugri þróun og miðar m.a. að því að fjölga fullborgandi gestum.	1.272	1.175	92%
Sértekjur stofnana sviðsins sem hlutfall af ramma	Stjórnendur eru hvattir til að sækja um styrki og samstarfsfé í sjóði og að afla samstarfsfjár m.a. frá atvinnulífinu. Einnig hefur kynningarstarf í tengslum við ferðaþjónustuna verið eflt sem og samstarf við önnur sveitarfélög. Áhersla er á að efla safnbúðir og þróa eigin safntengdar vörur sem höfða jafnt til ferðamanna og almennra gesta.	19%	23%	119%

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstur sviðsins var í góðu jafnvægi á tímabilinu.

1.3 Skóla- og frístundasvið



Rekstur SFS (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	2.130	1.967	163	8,3%
Laun og launat. gj.	14.219	14.081	138	1,0%
Annar rekstark.	8.895	8.781	114	1,3%
Rekstrarniðurstaða	20.984	20.894	89	0,4%

grunnskólahluta 230 mkr yfir fjárheimildum eða 4,7%. Hjá leikskólahluta var annar kostnaður 79 mkr yfir fjárheimildum eða 3,2%. Annar kostnaður frístundahluta var um 14 mkr undir fjárheimildum eða 3,8%. Annar kostnaður hjá yfirstjórn/miðlægum liðum var um 28 mkr undir fjárheimildum eða 18,1%. Annar kostnaður listaskóla og námsflokka var 92 mkr undir fjárheimildum eða 10,8%.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Skóla- og frístundasviðs á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 í samanburði við endurskoðaða áætlun tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 20.984 mkr sem var 89 mkr yfir fjárheimildum ársins eða 0,4%.

Tekjur voru 2.130 mkr sem var um 163 mkr yfir áætlun eða 8,2%. Þar af voru tekjur grunnskólahluta 158 mkr yfir áætlun eða 20,6%. Hjá leikskólahluta voru tekjur um 17 mkr yfir áætlun eða 2,1%. Tekjur frístundahluta voru 7 mkr undir áætlun eða 2,1%. Tekjur listaskóla og námsflokka voru um 7 mkr undir áætlun eða 20,7% og tekjur yfirstjórnar/miðlægra liða var 1 mkr yfir áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 14.219 mkr sem var um 138 mkr yfir fjárheimildum eða 1,0%. Þar af voru laun grunnskólahluta um 104 mkr yfir fjárheimildum eða 1,4%. Hjá leikskólahluta var launakostnaður 60 mkr yfir fjárheimildum eða 1,3%. Launakostnaður frístundahluta var 93 mkr undir

fjárheimildum eða 6,7%. Launakostnaður yfirstjórnar/miðlægra liða var um 7 mkr yfir fjárheimildum eða 2,1%. Launakostnaður listaskóla og námsflokka var 2 mkr yfir fjárheimildum eða 1,8%.

Annar rekstrarkostnaður var 8.894 mkr sem var 114 mkr yfir fjárheimildum eða 1,3%. Þar af var annar kostnaður

Grunnskólahluti

Grunnsk.hluti (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	925	767	158	20,6%
Laun og launat. gj.	7.750	7.646	104	1,4%
Annar rekstark.	5.103	4.873	229	4,7%
Rekstrarniðurstaða	11.928	11.752	176	1,5%

Grunnskólahluti SFS var 1,5% yfir fjárheimildum tímabilsins eða 176 mkr.

Tekjur grunnskólahluta voru 925 mkr sem var um 158 mkr eða 20,6% yfir áætlun. Helstu frávik voru að tekjur vegna sölu á máltíðum í grunnskólum voru 55,8 mkr lægri en áætlað var og tekjur vegna uppgjörss sveitarfélaga vegna skólakostnaðar

nemenda sem sækja skóla utan síns lögheimilissveitarfélags voru 103,6 mkr yfir áætlun. Aðrar sértekjur voru 10,2 mkr yfir áætlun og fengnir styrkir og önnur framlög 58,8 mkr umfram áætlun, kostnaður á móti styrkjum bókast ýmist á laun eða annan rekstrarkostnað.

Launakostnaður grunnskólahluta var 7.750 mkr sem var um 104 mkr eða 1,4% yfir áætlun. Í launakostnaði var áætlað fyrir kostnaðarliðum sem skólastjórnendur hafa val um að ýmist ráða starfsfólk í eða kaupa frá þriðja aðila, til dæmis ræstingar og geta því verið tilfærslur á milli liða.

Annar rekstrarkostnaður var 5.103 mkr sem var um 229 mkr eða 4,7% yfir áætlun.

Borgarreknir grunnskólar og tengdir liðir

Kostnaður vegna reksturs borgarrekinna grunnskóla og tengdra liða, að meðtöldum sér- og sameinuðum skólum, var 11.496 mkr. Fjárheimildir námu 11.354 mkr fyrir grunnskóla og tengda liði og var kostnaður því 142 mkr yfir fjárheimildum eða 1,3%.

Úthlutunarpottar grunnskóla og aðrir sameiginlegir liðir voru samanlagt með afgang á fjárheimildum á tímabilinu 31 mkr sem var hluti af rekstrarniðurstöðu grunnskólanna.

Borgarreknir grunnskólar: Á árinu voru 25 grunnskólar af 36 (með sér- og sameinuðum skólum) með hallarekstur en 11 með afgang. Samanlagður halli grunnskólanna 25 var 252 mkr. Átta grunnskólar voru 4% eða meira yfir áætlun, halli þeirra var 138,7 mkr. Samanlagður afgangur grunnskólanna 11 var 79,4 mkr.³

Stofnun	Rekstrarniðurstaða	Halli í %	Frávik	Frávik í tekjum	Frávik í launakostnaði	Frávik í öðrum rekstrarkostnaði
Háteigsskóli	Halli 4% og yfir	7,6%	20.971	1.198	3.709	16.063
Norðlingaskóli	Halli 4% og yfir	7,2%	32.452	-935	28.324	5.062
Ölduselsskóli	Halli 4% og yfir	4,7%	16.750	-3.481	14.487	5.744
Seljaskóli	Halli 4% og yfir	4,3%	15.761	-1.049	13.830	2.980
Hólabrekkuskóli	Halli 4% og yfir	4,2%	13.951	2.010	14.670	-2.729
Háaleitisskóli	Halli 4% og yfir	4,2%	17.381	1.464	9.285	6.632
Breiðholtsskóli	Halli 4% og yfir	4,1%	13.425	-3.943	13.279	4.089
Ártúnsskóli	Halli 4% og yfir	4,1%	8.051	77	3.111	4.863
Samtals			138.741	-4.659	100.696	42.705

Sameiginlegir liðir tengdir grunnskólum

Langtímaveikindapottur var 106,8 mkr til grunnskóla, en var lækkaður vegna hagræðingarkröfu um 14,2 mkr. Skráður kostnaður hjá skólum vegna langtímaveikinda var 154,3 mkr og bera skólar því halla af langtímaveikindum að fjárhæð 61,6 mkr.

Sérkennslupottur vegna sértækrar sérkennslu var með 461,4 mkr til ráðstöfunnar á tímabilinu. Hallinn í lok tímabils var 63,7 mkr meðal annars vegna úthlutanna til sjálfstætt starfandi grunnskóla. Heildarútgjöld vegna sérkennslu borgarrekkinna grunnskóla námu 889,3 mkr sem var 50,9 mkr yfir fjárheimildum en heildarútgjöld grunnskólahluta að meðtölum einkareknum grunnskólum námu 929 mkr sem var 90,6 mkr yfir fjárheimildum.

Endurúthlutunarpottur úthlutaði 16,2 mkr en óráðstafað var 46,6 mkr vegna verkefna sem ekki hafa farið af stað á árinu.

Skólaakstur, sundakstur og akstur með fatlaða nemendur. Heildarkostnaður við akstur skiptist þannig að akstur vegna fatlaðra var 125,5 mkr og annar skóla- og sundakstur var 66,2 mkr, samtals var kostnaður við akstur 191,7 mkr. sem var um 79 mkr umfram fjárheimildir. Til samanburðar má geta þess að akstur á sama tímabil á árinu 2015 skiptist þannig að akstur vegna fatlaðra var 44,2 mkr og annar skóla- og sundakstur var 61,5 mkr. Hækkun á akstri fatlaðra hækkar á milli ára um 81,3 mkr. Hækkun kemur til vegna breytinga á fyrirkomulagi á akstursþjónustu fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu.

Sjálfstætt starfandi grunnskólar útgjöld voru 432 mkr sem var 8,5% yfir fjárheimildum eða 34 mkr sem skýrist af því að nemendur voru fleiri en gert var ráð fyrir.

³ Nánari sundurliðun á rekstrarniðurstöðu grunnskóla er að finna í viðauka 4.

Leikskólahluti

Leikskólahluti (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	833	815	17	2,1%
Laun og launat. gj.	4.689	4.629	60	1,3%
Annar rekstark.	2.544	2.465	79	3,2%
Rekstrarniðurstaða	6.401	6.280	121	1,9%

Leikskólahluti SFS var 1,9% yfir fjárheimildum tímabilsins eða 121 mkr.

Tekjur leikskólahluta voru um 17 mkr yfir áætlun eða 2,1% sem skýrist að stærstum hluta vegna þessa að raunfjöldi barna var meiri en áætlaður.

Launakostnaður leikskólahluta var 4.689 mkr sem var 60 mkr yfir fjárheimildum eða 1,3%.

Annar rekstrarkostnaður leikskólahluta var 80 mkr yfir fjárheimildum eða 3,2%. Dagforeldrar voru hins vegar 62 mkr undir fjárheimildum.

Borgarreknir leikskólar og tengdir liðir:

Kostnaður vegna borgarrekinna leikskóla og tengdra liða var 5.164 mkr sem var 147 mkr yfir fjárheimildum eða 3%.

Launakostnaður borgarrekinna leikskóla og tengdra liða var 4.689 mkr sem var 60 mkr yfir fjárheimildum eða 1,3%.

Annar rekstrarkostnaður borgarrekinna leikskóla var 105 mkr yfir fjárheimildum.

Leikskólar með 4% eða meiri halla voru 26, halli þeirra var 173 mkr. Af 62 leikskólum voru 47 með hallarekstur, samtals að fjárhæð 216 mkr. Leikskólar með rekstrarafgang voru 15 að fjárhæð 25,4 mkr.⁴

Stofnun	Rekstrarniðurstaða	Halli í %	Frávik	Frávik í tekjum	Frávik í launakostnaði	Frávik í öðrum rekstrarkostnaði
Nóaborg	Halli 4% og yfir	17,4%	9.725	-276	8.415	1.586
Bakkaberg	Halli 4% og yfir	17,0%	15.773	-50	11.668	4.155
Miðborg	Halli 4% og yfir	13,1%	14.336	-96	13.436	996
Hagaborg	Halli 4% og yfir	11,6%	9.425	-122	8.059	1.489
Sjónarhóll	Halli 4% og yfir	11,6%	305	0	-185	490
Sunnuás	Halli 4% og yfir	11,4%	14.605	-845	6.867	8.583
Sólborg	Halli 4% og yfir	11,1%	11.057	-210	11.399	-132
Jörfi	Halli 4% og yfir	10,5%	6.575	-43	6.349	269
Geislabaugur	Halli 4% og yfir	10,0%	9.843	-9	6.609	3.243
Hólaborg	Halli 4% og yfir	8,6%	4.659	5	3.123	1.531
Hlíð	Halli 4% og yfir	8,4%	8.802	27	7.212	1.563
Múlaborg	Halli 4% og yfir	8,3%	7.741	30	8.271	-560
Brákaborg	Halli 4% og yfir	7,7%	3.270	-450	3.374	345
Vesturborg	Halli 4% og yfir	7,3%	4.384	-237	3.367	1.254
Borg	Halli 4% og yfir	6,7%	6.911	-1	1.685	5.227
Grandaborg	Halli 4% og yfir	6,6%	5.202	-89	4.330	961
Langholt	Halli 4% og yfir	6,3%	9.418	-477	9.832	63
Ösp	Halli 4% og yfir	5,7%	2.855	-888	2.498	1.245
Suðurborg	Halli 4% og yfir	5,4%	5.822	-1.637	3.850	3.610
Klambrar	Halli 4% og yfir	5,2%	3.438	-73	3.112	400
Álftaborg	Halli 4% og yfir	5,2%	4.003	0	-1.308	5.311
Reynisholt	Halli 4% og yfir	4,9%	3.556	-475	3.195	836
Grænaborg	Halli 4% og yfir	4,9%	3.110	-92	1.660	1.542
Maríuborg	Halli 4% og yfir	4,7%	3.612	6	3.065	540
Mýri	Halli 4% og yfir	4,4%	1.698	10	1.653	34
Seljakot	Halli 4% og yfir	4,3%	2.378	-33	1.763	648
Samtals			172.504	-6.025	133.298	45.231

Sérkennslupottur vegna sértækrar sérkennslu hvar með 391,1 mkr til ráðstöfunnar á tímabilinu þegar tekið hefur verið tillit til hagræðingartillögu sviðsins að fjárhæð 26,7 mkr. Heildarútgjöld borgarrekinna leikskóla námu 483,7 mkr og útgjöld vegna einkarekinna leikskóla námu 38,5 mkr. Í heildina var hallinn á sérkennslu í leikskólahluta 131,1 mkr, þar af bera leikskólar borgarinnar um 93 mkr. Ljóst er að þörfin er talsvert meiri en áætlað var.

⁴ Nánari sundurliðun á rekstrarniðurstöðu leikskóla er að finna í viðauka 4.

Langtímaveikindi útgjöld leikskóla námu um 143 mkr, til ráðstöfunar í potti voru upphaflega 79 mkr en hagræðingarkrafa nam 10 mkr og til úthlutunar úr potti til leikskóla voru því um 69 mkr. Leikskólar borgarinnar bera halla af því sem eftir stendur eða 74 mkr.

Endurúthlutun var rúmlega 50,7 mkr undir fjárheimildum. Endurúthlutunarpotturinn er ætlaður til að tryggja leikskólum fjármagn í samræmi við fjölda og aldur barna á hverjum tíma.

Sjálfstætt starfandi leikskólar útgjöld voru 980 mkr sem var um 36 mkr yfir fjárheimildum og stafar af því að greitt var með fleiri börnum en áætlað var.

Dagforeldrar útgjöld voru 257 mkr sem var um 62 mkr undir fjárheimildum og stafar af því að færri börn voru í vistun en áætlað var.

Frístundahluti

Frístundahluti (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	346	353	-7	-2,0%
Laun og launat. gj.	1.296	1.389	-93	-6,7%
Annar rekstark.	357	372	-14	-3,8%
Rekstrarniðurstaða	1.307	1.407	-100	-7,1%

Frístundahluti SFS var 7,1% undir fjárheimildum tímabilsins, eða 100 mkr.

Tekjur voru 346 mkr sem var um 7 mkr eða 2% undir áætlun. Tekjur vegna vistunargjalda voru lægri en gert var ráð fyrir, sem kemur til vegna uppgjors sem eftir er að ganga frá við önnur sveitarfélög, en á móti komu tekjur vegna

aðgangseyris, styrkja og annarra sértekna sem voru hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Laun og launatengd gjöld voru 1.296 mkr sem var 93 mkr eða 6,7% undir fjárheimildum.

Annar rekstrarkostnaður var 357 mkr sem var um 14 mkr eða 3,8% undir fjárheimildum.

Miðlægir liðir útgjöld voru 19 mkr eða 42 mkr undir áætlun eða 69%.

Langtímaveikindi í frístund voru 9,5 mkr og hafa frístundamiðstöðvar fengið úthlutun úr langtímaveikindapotti frístundar sem því nemur, í lok tímabils var afgangur sem nemur 4,7 mkr.

Frístundamiðstöðvar að meðtöldum frístundaheimilum og frístundaklúbbar voru rekin með afgangi ef frá er talin frístund Klettaskóla var rekin með halla að fjárhæð 22,2 mkr eða 14,2%, sem kemur til af uppgjöri gagnvart öðrum sveitarfélögum sem á eftir að ganga frá og greiðir niður halla.⁵

Yfirstjórn og miðlægir liðir

Yfirstjórn SFS og miðlægir liðir útgjöld voru 483 mkr sem var 22 mkr undir fjárheimildum eða 4,4%.

Ráð og yfirstjórn útgjöld voru 424 mkr sem var um 6,5 mkr undir fjárheimildum eða 1,5% undir fjárheimildum..

SFS Yfirstjórn (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	1	0	1	
Laun og launat. gj.	356	349	7	2,1%
Annar rekstark.	128	156	-28	-18,1%
Rekstrarniðurstaða	483	505	-22	-4,4%

Miðlægir liðir/styrkir SFS útgjöld voru 58,4 mkr eða um 15,5 mkr undir fjárheimildum eða 21%. Skýringin liggur í námsstyrkjum og styrkjum sem eftir er að greiða út.

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar útgjöld voru samtals 865 mkr eða um 83 mkr undir fjárheimildum eða 8,8% á tímabilinu sem skiptist þannig :

Listaskólar og skólahljómsveitir útgjöld voru 793,6 mkr sem var 89,9 mkr eða 10,2% undir fjárheimildum sem skýrist af því að uppgjörum tónlistarskólana vegna eldri skulda við SFS, en uppgjöri lýkur á árinu. Framlög til tónlistarskóla vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik sem Reykjavíkurborg ber kostnaðinn af nam 447,8 mkr og framlög til tónlistarskóla frá Jöfnunarsjóði námu 220,5 mkr.

SFS Listaskólar (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	25	32	-7	-20,7%
Laun og launat. gj.	127	125	2	1,8%
Annar rekstark.	762	854	-92	-10,8%
Rekstrarniðurstaða	865	948	-83	-8,8%

Fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar útgjöld voru 71,1 mkr, sem var 6,8 mkr yfir heimildum eða 10,5%. Námsflokkar Reykjavíkur voru 7,1 mkr yfir fjárheimildum en framlög til

framhaldsskóla voru 0,3 mkr undir fjárheimildum.

⁵ Nánari sundurliðun á rekstrarniðurstöðu frístundamiðstöðva er að finna í viðauka 4.


Yfirlit yfir helstu markmið sviðsins árið 2016 og sá árangur sem náðst hefur á tímabilinu.

Mælikvarðar 2016	Markmið	Rauntölur	Árangur
Hlutfall starfsstaða sem heldur sin innan fjárhagsramma	75%	31%	
Hlutfall starfsstaða sem skila frávikagreiningu	85%	90%	

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstrarniðurstaða sviðsins var 89 mkr eða 0,4% yfir fjárheimildum en þá eftir að taka tillit til ósamþykktra reikninga tímabilsins að fjárfhæð 78,3 mkr.
- Grunnskólahlutinn var 176 mkr yfir fjárheimildum sem er meiri halli en allt síðasta ár. Sérkennsla var 90,6 mkr og langtímaveikindi voru 61,6 mkr yfir fjárheimildum en potturinn var lækkaður um 14,2 mkr í hagræðingartillögum sviðsins. Skólaakstur var 79 mkr yfir fjárheimildum einkum vegna nýs samnings um akstur fatlaðra barna. Aksturinn hækkaði um 81,3 mkr samanborið við sama tímabil 2015. Alls voru 25 af 36 grunnskólum í halla á tímabilinu og samanlagður halli nam 252 mkr. Mikilvægt er að finna á síðari hluta ársins 2016 leiðir til þess að koma rekstri grunnskóla í jafnvægi.
- Leikskólahluti sviðsins var 121 mkr yfir fjárheimildum. Sérkennslan var 131 mkr og langtímaveikindi voru 74 mkr og sjálfstætt starfandi leikskólar 36 mkr yfir fjárheimildum en á móti kom m.a. að dagforeldrar voru 62 mkr undir fjárheimildum. Alls voru 47 leikskólar af 62 í halla, samtals að fjárfhæð 216 mkr. Mikilvægt er að finna á síðari hluta ársins 2016 leiðir til þess að koma rekstri leikskóla í jafnvægi.

1.4 Umhverfis- og skipulagssvið



Rekstur USK (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	1.031	1.001	31	3,1%
Laun og launat. gj.	893	910	-17	-1,8%
Annar rekstark.	3.350	3.261	89	2,7%
Rekstrarniðurstaða	3.212	3.170	42	1,3%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 3.212 mkr eða 42 mkr yfir fjárheimildum sem var einkum vegna vetrarþjónustu en á móti voru ýmsir aðrir þættir lægri en áætlun gerði ráð fyrir, svo sem leiga gatna.

Tekjur voru 1.031 mkr sem var 31 mkr yfir áætlun eða um 3,1%. Tekjur **byggingarfulltrúa** voru 20 mkr yfir áætlun á tímabilinu.

Laun og launatengd gjöld námu 893 mkr sem var 17 mkr undir fjárheimildum tímabilsins eða um 1,8%. Launakostnaður **sorphirðunnar** var 16 mkr yfir fjárheimildum en á móti voru aðrir starfstaðir undir fjárheimildum á tímabilinu.

Annar rekstarkostnaður nam 3.350 mkr sem var 89 mkr yfir fjárheimildum eða um 2,7%. Helstu frávikin voru vegna **reksturs gatna og opinna svæða** sem var 297 mkr yfir fjárheimildum, sem skýrist einkum af vetrarþjónustu sem var 295 mkr yfir áætlun tímabilsins. **Viðhald gatna** var 36 mkr undir fjárheimildum tímabilsins og **leiga gatna** var 117 mkr undir fjárheimildum, einkum vegna verðbótapáttar

leigunnar. **Skipulagsfulltrúi** var 12 mkr undir fjárheimildum á tímabilinu.

Málaflokkar USK (mkr)	Tekjur	Áætlun 2016	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2016	Frávik	Annar kosntaður	Áætlun 2016	Frávik	Rekstrar- niðurstaða	Áætlun 2016	Frávik	%
Skrifstofa sviðstj. og miðlæg þjónusta	152	147	5	184	197	-13	238	257	-20	270	308	-38	-12,2%
Skipulag byggingar og borgarhönnun	119	91	28	228	217	11	76	105	-30	185	232	-47	-20,3%
Umvhverfsgæði	752	745	7	447	459	-12	528	536	-8	223	249	-26	-10,4%
Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	0	0	0	0	0	0	371	407	-36	371	407	-36	-8,8%
Rekstur og umhirða borgarlands	9	18	-9	34	36	-2	2.137	1.956	182	2.163	1.974	188	9,5%

Rekstur og umhirða borgarlandsins er samtals 188 mkr umfram fjárheimildir á tímabilinu og er það vegna vetrarþjónustu sem er alls 295 mkr yfir fjárheimildum. Ekki er fyrir séð að hægt verði að hagræða á móti umframkostnaði við vetrarþjónustu nema að litlum hluta og því er gert ráð fyrir að rekstur sviðsins fari fram úr áætlun sem því nemur.

Fyrir liggur uppgjör á rekstri endurvinnslustöðva SORPU vegna ársins 2015 og nam hallinn um 60 mkr, þar af nam hlutur Reykjavíkurborgar 36 mkr sem ekki hefur enn verið gjaldfærður. Óskað hefur verið eftir frekari skýringu á uppgjöri og reikna má með að kostnaður endurvinnslustöðva verði umfram fjárheimildir sem þessu nemur.


Yfirlit yfir helstu markmið sviðsins árið 2016 og sá árangur sem náðst hefur á tímabilinu.

Mælikvarðar 2016	Hvað hefur verið gert á árinu	Markmið	Rauntölur	Árangur
Innleiðing aðalskipulags	Unnið við uppfærslu innleiðingaráætlunar aðalskipulags ásamt endurskoðun mælikvarða í umhverfis- og auðlindastefnu.			81-100%
Hverfaskipulag (4 borgarhlutahlutar sem eru BH7 Árbær, BH6 Breiðholt, BH5 Háaleit-Bústaðir og BH3 Hlíðar)	Verkefnið fylgir verkáætlun og er stefnt að því að leggja fram tillögu að hverfiskipulagi í umræddum fjórum borgarhlutum í byrjun árs 2017.			81-100%
Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum	Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum var samþykkt í borgarráði 30. júní.			81-100%
Aðgerðaráætlun í úrgangsstjórnun	Boðið hefur verið upp á flokkun á plasti við heimili og flokkun glers á 12 af 57 grenndarstöðvum.			81-100%
Nýr þjónustustaðall	Nýr þjónustustaðall hefur verið kynntur öllum starfsmönnum sviðsins			81-100%
Hjólreiðaráætlun	Verkefni samkvæmt endurskoðaðri hjólreiðaráætlun á áætlun.			81-100%
Innleiðing verkefnastofu og breytts verklags verkefnisstjórnunar	Lokið er við að setja verkefnastofu á laggirnar innan sviðsins, sem og þjálfa um 70 starfsmenn í notkun aðferðafræðinnar og hugbúnaðar. Framundan er að styðja starfseiningar og starfsmenn sviðsins í að koma verklaginu í vinnslu og þróa það áfram.			81-100%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstrarniðurstaða sviðsins var 42 mkr eða 1,3% yfir fjárheimildum. Helsta ástæða hallareksturs var vetrarþjónusta sem var 295 mkr yfir fjárheimildum. Mikilvægt er að endurskoða áætlun vegna vetrarþjónustu í ljósi reynslu síðustu missera.

1.5 Velferðarsvið



Rekstur VEL (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	1.875	1.788	88	4,9%
Laun og launat. gj.	6.516	6.311	205	3,3%
Annar rekstrark.	3.892	3.710	182	4,9%
Rekstrarniðurstaða	8.533	8.233	300	3,6%

mkr eða 3,3% umfram fjárheimildir. **Búsetuúrræði** voru 101,7 mkr umfram fjárheimildir, þ.a. voru 4 sambýli alls 155,3 mkr umfram fjárheimildir, sem skýrist af því að þjónustuþyngd var meiri en áætlun gerði ráð fyrir. **Dagþjónusta** var 14,5 mkr eða 8% umfram fjárheimildir. **Heimahjúkrun** var 57,5 mkr umfram fjárheimildir eða 11%, sem skýrist af kjarasamningshækkunum, en sótt verður um bætingu til Sjúkratrygginga Íslands. **Hjúkrunarheimili** voru 40 mkr umfram fjárheimildir eða 9% en ófærð er viðbótarfjárveiting vegna Seljahlíðar að fjárhæð 5,7 mkr. **Þjónustuíbúðir** voru 15,5 mkr eða 8% umfram fjárheimildir og **Stuðningsþjónusta** var 17 mkr eða 3% umfram fjárheimildir. **Félagsmiðstöðvar** voru 27 mkr eða 14% innan fjárheimilda vegna hagræðingaraðgerða. Af 15 félagsmiðstöðvum voru einungis 3 með umfram launafrávik. Nýtt launakerfi SAP var tekið í notkun á tímabilinu, ekki liggja fyrir listar til greiningar á frávikum. **Veikindastundir** á tímabilinu hjá Velferðarsviði voru alls 114,5 þúsund og fækkaði um 3 þúsund stundir samanborið við sama tímabil 2015.

Annar rekstrarkostnaður var 3.892 mkr sem var 182 mkr umfram fjárheimildir eða 5%. Frávikid má aðallega rekja til vistunarþjónustu við börn með þroska- og geðraskanir sem var 100 mkr umfram fjárheimildir, kostnað vegna samnings við ÁS styrktarfélag sem var 72 mkr umfram fjárheimildir, einkum vegna kjarasamningsbundinna launahækkana og loks ferðaðþjónustu fatlaðs fólks sem var 48 mkr umfram fjárheimildir

Málefni fatlaðs fólks

Málefni fatlaðs fólks (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	106	94	12	12,3%
Laun og launat. gj.	2.457	2.360	97	4,1%
Annar rekstrark.	1.278	1.169	109	9,3%
Rekstrarniðurstaða	3.629	3.435	194	5,7%

var. Á móti kom að launakostnaður annarra sambýla var innan fjárheimildar, sem lækkar launafrávikid í heild. Annar rekstrarkostnaður var 1.278 mkr sem var 109 mkr eða 9,3% umfram fjárheimildir. Undir málefni fatlaðs fólks var færður kostnaður vegna vistþjónustu barna með þroska- og geðraskanir. Frávik vegna þeirrar þjónustu námu 100 mkr umfram fjárheimildir og kostnað vegna samnings við ÁS styrktarfélag sem var 72 mkr umfram fjárheimildir.

Myndin hér til hliðar og taflan fyrir neðan sýnir niðurstöðu í rekstri Velferðarsviðs á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 án bundinna liða þ.e. fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins í heild var 10.559 mkr sem var 81,9 mkr eða 1% innan fjárheimilda.

Reglubundinn rekstur sviðsins án bundinna liða var 8.533 mkr sem var 300 mkr eða 3,6% umfram fjárheimildir. Stærstu frávikin liggja annars vegar í launakostnaði sem var 205 mkr umfram fjárheimildir og vistunarþjónustu vegna barna með þroska- og geðraskanir sem var 100 mkr umfram fjárheimildir.

Tekjur voru 1.875 mkr sem var 87,7 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir eða 4,9%. Mestu munar um tekjur vegna

þróunarverkefna sem voru 48,7 mkr hærri en áætlun, en styrkir vegna hælisleitenda og flóttamannaverkefnis frá fyrra ári voru millifærðir á móti kostnaði. Tekjur vegna **dagþjónustu** voru 13,7 mkr hærri en áætlun, m.a. vegna hærri daggjalda og uppgjors frá fyrra ári.

Laun og launatengd gjöld voru 6.516 mkr sem var 205

Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs í málefnum fatlaðs fólks var 3.629 mkr sem var 194 mkr umfram fjárheimildir eða 5,7%. Tekjur voru 12 mkr yfir áætlun eða 12,3%. Launakostnaður var 2.457 mkr sem var 97 mkr umfram fjárheimildir eða 4,1%. Helstu frávik má rekja til fjögurra sambýla en launafrávik þeirra nam samtals 155,3 mkr sem skýrist af því að þjónustuþyngd þeirra var meiri en áætlað

Þjónustubættir:

Þjónustubættir VEL (mkr)	Tekjur	Áætlun 2016	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2016	Frávik	Annar kosnaður	Áætlun 2016	Frávik	Rekstrar- niðurstaða	Áætlun 2016	Frávik	%
Skrifstofur, nefndir og ráð	18	0	17	1.317	1.308	9	383	356	27	1.682	1.663	19	1,1%
Samningar, framlög og styrkir	63	56	6	11	12	0	1.483	1.302	181	1.432	1.257	175	13,9%
Búsetuúrræði	39	35	4	2.178	2.076	102	231	251	-19	2.370	2.292	79	3,4%
Félagsmiðstöðvar	68	74	-6	173	200	-27	241	230	11	346	356	-10	-2,8%
Dagþjónusta	76	62	14	186	171	15	67	68	-1	177	177	-1	-0,4%
Heimaþjónusta	67	67	0	726	730	-4	185	180	5	844	843	1	0,1%
Heimahjúkrun	661	660	1	571	513	58	120	144	-24	30	-3	33	-1076,2%
Hjúkrunarheimili	506	516	-10	463	423	40	201	210	-9	159	118	41	34,6%
Þjónustuíbúðir	75	74	2	208	192	15	120	141	-21	252	259	-7	-2,8%
Stuðningsfjölskyldur, stuðnings- þjónusta og frekari liðveisla	0	0	0	514	497	17	223	271	-48	737	768	-31	-4,0%
Framleiðslueldhús	129	120	9	47	58	-11	123	109	14	41	47	-6	-13,2%
Unglingasmiðja og stuðningsheimili	1	1	0	31	31	0	1	5	-4	31	35	-4	-11,4%
Barnavernd	0	0	0	8	7	0	195	161	34	202	168	34	20,2%
Virkniverkefni	0	0	0	49	57	-8	15	10	5	63	67	-4	-5,6%
Borgarverðir	0	0	0	14	13	1	2	6	-3	16	19	-3	-13,6%
NPA	0	0	0	0	0	0	134	131	3	134	131	3	2,4%
Hælisleitendur	142	100	42	19	16	2	111	85	26	-12	1	-13	-1485,9%
Flóttamannaverkefni	7	0	7	1	0	1	6	0	6	0	0	0	

Helstu frávik

Skrifstofur nefndir og ráð voru 19 mkr umfram fjárheimildir eða 1%. Umfram frávik í launakostnaði jafnast út á móti auknum tekjum. Umframfrávik í öðrum rekstrarkostnaði má að mestu leyti rekja til reksturs þjónustumiðstöðva eða 19 mkr umfram fjárheimildir.

Samningar, framlög og styrkir voru 175 mkr umfram fjárheimildir eða 14%. Frávik má aðallega rekja til vistunarþjónustu vegna barna með þroska- og geðraskanir sem var 100 mkr umfram fjárheimildir, kostnaðar vegna samnings við ÁS styrktarfélag sem var 72 mkr umfram fjárheimildir og vegna ferðaþjónustu fatlaðs fólks sem var 48 mkr umfram fjárheimildir. Á móti var kostnaður vegna atvinnu með stuðningi í samvinnu við Vinnumálastofun (AMS) og Reykjadalss alls 47 mkr undir fjárheimildum þar sem kostnaðardreifing var önnur en áætlun gerði ráð fyrir.

Búsetuúrræði voru 79 mkr umfram fjárheimildir eða 3,4%. Frávik má aðallega rekja til fjögurra sambýla en launafrávik þeirra nam samtals 155,3 mkr. Á móti kom að launakostnaður annarra sambýla var innan fjárheimildar og annar rekstrarkostnaður búsetuúrræða var almennt innan fjárheimilda.

Heimahjúkrun var 33 mkr umfram fjárheimildir en samkvæmt samningi við ríkið er gert ráð fyrir að heimahjúkrun sé að fullu fjármögnuð af ríkinu. Sótt verður um bætingu vegna kjarasamningshækkana til Sjúkratryggingar Íslands.

Hjúkrunarheimili voru 41 mkr eða 35% umfram fjárheimildir, þar af var frávik af rekstri Droplaugastaða 8 mkr umfram fjárheimildir en rekstur Seljahlíðar var 33 mkr eða 101% umfram fjárheimildir. Þar sem rekstrareiningin er smá, með aðeins 20 rými, er hún afar óhagkvæm í rekstri og útilokað er að reka eininguna á daggjöldum, og viðbættu smæðarálagi. Ófærð er viðbótarfjárveiting vegna smæðarálags Seljahlíðar að fjárhæð 5,7 mkr og tekjufærsla vegna breytinga á greiðslufyrirkomulagi frá áramótum að fjárhæð 20 mkr.

Skammtíma vistun, stuðningsfjölskyldur, stuðningsþjónusta og frekari liðveisla voru 31 mkr eða 4% innan fjárheimilda. Gert er ráð fyrir að fjárheimild verði fullnýtt á árinu þegar ráðið hefur verið í viðbótarstöðugildi.

Barnavernd – úrræði voru 34 mkr eða 20% umfram fjárheimildir. Frávik skýrist af auknum vistgjöldum í kjölfar fækkunar á úrræðum Barnaverndarstofu á s.l. árum, sem stóðu Barnavernd til boða. Auk þess eru börn sem fara í vistun með fjölþættari vanda en áður.

Yfirlit yfir helstu markmið sviðsins árið 2016 og sá árangur sem náðst hefur á tímabilinu.

Mælikvarðar 2016	Hvað hefur verið gert á árinu	Markmið	Rauntölur	Árangur
Stuðningsþjónusta, rekstur innan fjárheimilda	Aukin fjárheimild veitt á árinu 2016, í því skyni að fækka biðlistum og mæta brýnni þörf. Skammtímavistun færð undir stuðningsþjónustu. Stofnaður miðlægur pottur vegna stórra beingreiðslusamninga til að stuðla að samkvæmni í þjónustu í öllum hverfum borgarinnar.	768	737	
Hlutfall notenda sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu í 12 mánuði eða lengur	Áframhaldandi átaksverkefni og stuðningur til virkni, atvinnutengd úrræði og vinnumiðlun, samstarfsverkefni við Vinnumálastofnun. Sérstök áhersla á ungt fólk (18-24 ára) og þá sem hafa fengið fjárhagsaðstoð til langs tíma með virkniúrræðum og markmiðasetningu með félagsráðgjafa.	15%	17,2%	
Meðalfjöldi mánaða með framfærslustyrk á sl. 12 mánuðum	Áhersla á þétt samstarf við Vinnumálastofnun og verklag sem tryggir að einstaklingar nýti sér viðeigandi úrræði sem allra, allra fyrst.	4,6	5,7	
Hlutfall barnafólks sem fær framfærslustyrk og aðstoð skv. gr. 16. a	Áhersla á upplýsingar til barnafólks um rétt til aðstoðar og hvatning til að nýta sér aðstoðina	80%	51%	

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs án bundinna liða var 300 mkr yfir fjárheimildum eða 1,4%. Frávik í rekstri Velferðarsviðs voru einkum vegna launakostnaðar 205 mkr yfir fjárheimildum sem einkum má rekja til 4 sambýla þar sem þjónustuþyngd er veruleg og vegna vistunarþjónustu barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir 100 mkr yfir fjárheimildum.
- Mikilvægt er að klára samninga við ríkið um þau atriði sem tengdust málefnum fatlaðs fólks en voru skilin eftir við endurskoðun á fjármögnun málaflokksins á síðasta ári, það er NPA, lengd viðvera og þjónusta við börn með alvarlegar þroska og geðraskanir.
- Heildstæða greiningu á tekjum og útgjöldum Reykjavíkurborgar vegna málefna fatlaðs fólks er að finna undir kafla 5 en þar kemur fram að halli borgarsjóðs skv. bráðabirgðauppgjöri var 973 mkr.
- Hallarekstur hjúkrunarheimila nam 159 mkr á fyrrihluta ársins 2016. Mikilvægt er að tryggja fulla fjármögnun á rekstrinum eða að skila honum ella. Ríkisstjórnin samþykkti þann 18. mars 2016 að fela ráðherrum heilbrigðis- og fjármála að ræða við rekstraraðila hjúkrunarheimila um mögulega styrkingu á rekstrargrunni heimilanna.

1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir

Bundnir liðir VEL (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	639	723	-85	-11,7%
Laun og launat. gj.	11	12	-1	-10,1%
Annar rekstrark.	2.654	3.119	-465	-14,9%
Rekstrarniðurstaða	2.026	2.408	-382	-15,9%

Taflan hér til hliðar sýnir niðurstöðu á bundnum liðum Velferðarsviðs, þ.e. fjárhagsaðstoð og húsaleigubótum, fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2016 í samanburði við áætlun tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða bundinna liða var 2.026 mkr sem var 382 mkr eða 16 % innan áætlunar.



Fjárhagsaðstoð VEL (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Framfærslustyrkur	949	1.186	-237	-19,9%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoð	235	294	-59	-20,1%
Heimildargreiðslur - Átakverkefni	44	53	-9	-17,6%
Heimildargreiðslur 16.gr. a v/barna	21	23	-2	-8,6%
Rekstrarniðurstaða	1.249	1.556	-307	-19,7%

Fjárhagsaðstoð: Kostnaður vegna fjárhagsaðstoðar var 1.249 mkr sem var 307 mkr eða 20% innan áætlunar. Fjárhagsaðstoð pr. notanda á mánuði var 142.084 kr og hafði hækkað um 3% milli ára. Notendur fjárhagsaðstoðar alls voru 2.453 sem var fækkun um 614 eða 20% frá fyrra ári.

Framfærslustyrkur nam 949 mkr sem var 237 mkr eða 20% innan áætlunar þar sem notendum fækkaði mikið á milli ára. Notendur framfærslustyrks voru alls 1.840 sem var fækkun um 564 eða 23,5% miðað við síðasta ár.

Heimildargreiðslur voru alls 300 mkr sem var 70 mkr innan áætlunar. Notendur heimildargreiðslna voru 1.188 sem var fækkun um 226 eða 16% á milli ára.

Húsaleigubætur: Kostnaður vegna húsaleigubóta var 1.416 mkr sem var 160 mkr eða 10% lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur frá Jöfnunarsjóði voru 639 mkr og voru 85 mkr undir áætlun eða 11,6%. Nettó frávik frá áætlun nam 75 mkr eða 8,8% innan fjárheimilda.




Almennar húsaleigubætur voru 939 mkr og 112 mkr eða 11% lægri en áætlun. Notendur almennra húsaleigubóta voru 6.934 sem var fækkun um 365 eða 5% á milli ára. **Sérstakar húsaleigubætur** voru 160 mkr eða 25 mkr lægri en áætlun. Notendur sérstakra húsaleigubóta voru 1.048 sem var fækkun um 89 eða 7,8% á milli ára. **Sérstakar húsaleigubætur í félagslegu húsnæði** voru 318 mkr eða 22 mkr lægri en áætlun. Notendur sérstakra húsaleigubóta í félagslegu húsnæði voru 2.143 sem var fækkun um 2 eða 0,1% á milli ára.

Húsaleigubætur janúar - júní 2016 (mkr)	Tekjur Raun	Tekjur Áætlun	Húsál.b. Raun	Húsál.b. Áætlun	Nettó Raun	Nettó Áætlun
Alm. húsaleigub.	498	574	939	1.051	440	477
Sérst. húsaleigub.	47	53	160	185	113	132
Sérst. húsaleigub. v/fél. íbúða	93	96	318	340	225	244
Rekstrarniðurstaða	639	723	1.416	1.576	778	852

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Kostnaður við fjárhagsaðstoð var 307 mkr undir áætlun og notendum þjónustunnar fækkar áfram samanborið við sama tímabil á síðasta ári. Heildarkostnaður við fjárhagsaðstoð var 1.249 mkr tímabilið janúar-júní 2016 en var 1.579 mkr á sama tíma árið 2015. Kostnaðurinn var því 330 mkr lægri í ár. Notendum fækkaði um 614 milli ára.
- Húsaleigubætur (brúttó) voru 160 mkr lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir, einkum almennar húsleigubætur sem voru 112 mkr undir áætlun (brúttó). Framlag Jöfnunarsjóðs vegna húsaleigubóta var jafnframt undir fjárhagsáætlun sem þýðir að nettó frávík var 75 mkr.

1.6 Miðlæg stjórnsýsla



Rekstur RHS (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	794	767	27	3,6%
Laun og launat. gj.	1.251	1.295	-44	-3,4%
Annar rekstark.	877	939	-62	-6,6%
Rekstrarniðurstaða	1.334	1.468	-133	-9,1%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri hjá skrifstofum Ráðhúss á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða var 1.334 mkr eða 133 mkr innan fjárheimilda.

Tekjur voru 794 mkr eða 27 mkr yfir áætlun. Tekjur voru 9 mkr hærri hjá Borgarlögmanni m.a. vegna tildæmds málskostnaðar. Tekjur voru 8 mkr lægri hjá innri endurskoðun vegna þess að gert var ráð fyrir því að innri endurskoðun Reykjavíkurborgar sinnti innri endurskoðun fyrir öll B-hluta fyrirtæki innan samstæðu borgarinnar. Tekjur voru 4 mkr hærri vegna tollkrítar. Tekjur upplýsingatæknideildar voru 14 mkr hærri en áætlað var vegna aukinnar þjónustu við fagsvið. Aðrar tekjur voru 8 mkr yfir áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 1.251 mkr eða 44 mkr undir fjárheimildum.


Annar rekstrarkostnaður var 877 mkr, sem var 62 mkr undir fjárheimildum, sem skýrist m.a. af því kostnaðardreifing var önnur en áætlun gerði ráð fyrir.

Málaflókkar RHS (mkr)	Tekjur	Áætlun 2016	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2016	Frávik	Annar kosntaður	Áætlun 2016	Frávik	Rekstrar-niðurstaða	Áætlun 2016	Frávik	%
Borgarlögmaður	11	1	9	53	54	-1	10	6	3	52	59	-7	-11,9%
Innri endurskoðun	4	12	-8	45	52	-7	4	7	-2	45	47	-1	-3,1%
Fjármálaskrifstofa	20	15	5	376	380	-4	96	106	-10	451	471	-19	-4,1%
Mannréttindaskrifstofa	2	1	1	47	63	-16	16	16	0	61	78	-17	-22,0%
Skrifst.borgarstjóra og borgarritara	25	21	4	232	246	-14	114	122	-9	321	347	-27	-7,7%
Skrifstofa borgarstjórnar	0	0	0	119	125	-5	47	50	-3	167	175	-8	-4,6%
Skrifstofa þjónustu og rekstarar	732	717	15	379	377	2	591	632	-41	238	292	-54	-18,5%

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstur miðlægrar stjórnsýslu var 133 mkr eða 9,1% undir fjárheimildum en þá á eftir að taka tillit til ósamþykktra reikninga að fjárhæð 31,4 mkr. Helstu frávik var að finna hjá upplýsingatæknideild, þar sem annar rekstrarkostnaður var 49 mkr undir fjárheimildum og skýrist af því að kostnaðardreifing var ekki sú sama og áætlun gerði ráð fyrir.

1.7 Sameiginlegur kostnaður



Rekstur ÖNN (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	0	65	-65	-100,1%
Laun og launat. gj.	92	52	40	78,3%
Breyting lífeyriskb.	2.750	2.500	250	10,0%
Annar rekstark.	710	908	-198	-21,8%
Rekstrarniðurstaða	3.552	3.394	157	4,6%

gert ráð fyrir getur hækkun lífeyriskuldbindingar á árinu orðið í kringum 6-7 mkr eða um 1-2 mkr yfir upphaflegri áætlun.

Annar kostnaður hjá sameiginlegum kostnaði var 198 mkr undir fjárheimildum.

Rekstur miðlægra tölvukerfa var 11 mkr yfir áætlun vegna reksturs miðlægs launakerfis.

Starfsmannakostnaður var 32 mkr yfir fjárheimildum. Þar af voru slysabætur 32 mkr yfir fjárheimildum þar sem kröfur vegna slysabóta hafa aukist og bætur hafa hækkað.

Kosningar voru 7 mkr yfir fjárheimildum en uppgjör frá ríkinu fer fram í júlí.

Ýmis kostnaður var 138 mkr undir áætlun þar á meðal var innri leiga húsnæðis, áhalda og tækja 6 mkr undir áætlun, ófyrirséð var 101 mkr undir áætlun og annað í ýmsum kostnaði var 31 mkr undir áætlun.

Málaflokkar ÖNN (mkr)	Tekjur	Áætlun 2016	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2016	Frávik	Annar kosntaður	Áætlun 2016	Frávik	Rekstrarniðurstaða	Áætlun 2016	Frávik	%
Styrkir og ýmis framlög			0			0	171	206	-35	171	206	-35	-17,0%
Atvinnumál	-1	0	-1	79	7	73	2	24	-23	82	31	51	162,9%
Rekstur miðlægra tölvukerfa			0			0	70	59	11	70	59	11	19,1%
Innheimtukostnaður skattekna			0			0	168	188	-20	168	188	-20	-10,7%
Starfsmannakostnaður			0	5	5	0	52	21	32	57	25	32	126,6%
Kosningar	0	65	-65	0	33	-33	6	32	-26	7	0	7	
Ýmis kostnaður	1	0	1	8	7	0	241	378	-137	248	385	-138	-35,7%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu á öðrum útgjöldum á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.


Rekstrarniðurstaða var 3.552 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 3.394 mkr sem var 157 mkr eða 4,6% yfir fjárheimildum tímabilsins.

Tekjur voru 65 mkr undir áætlun þar sem reikningur vegna kosninga var gerður í júlí.

Laun voru 40 mkr yfir fjárheimildum vegna atvinnumála og atvinnuáttaksverkefna vegna starfólks með fötlun, en ekki var áætlað fyrir skuldbindingum á árinu 2016 sem stofnað var til 2015.

Gjaldfærsla lífeyriskuldbindingar nam 2.750 mkr og var 250 mkr yfir fjárheimildum. Við ákvörðun gjaldfærslu er tekið mið af væntinum um að lífeyriskuldbinding hækki alls um 5,5 mkr á árinu 2016 í stað áætlaðra 5,0 mkr. Er þarf horft til tveggja meginþátta: Annars vegar er útlit fyrir að launahækkningar reynist meiri en gert var ráð fyrir í áætlun, sem eykur skuldbindingu borgarsjóðs, og hins vegar að ávöxtun eigna verði lakari vegna lágrar verðbólgu og gengislækkana á hlutabréfamarkaði. Á móti hefur krafa HFF34-flokksins á markaði verið hærri á árinu en gert var ráð fyrir í áætlun og dregur sú þróun úr framangreindum áhrifum. Verði þróun helstu áhrifaþátta enn óhagstæðari en hér er

1.8 Framlög til B-hluta fyrirtækja



Myndin hér til hliðar sýnir framlög til B-hluta fyrirtækja á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Framlög til B-hluta fyrirtækja námu 1.349 mkr og voru 38 mkr undir fjárheimildum.


Strætó: Framlag til Strætó var 948 mkr eða 38 mkr undir fjárheimildum. Þar af var framlag til nemaverkefni 73,7 mkr eða 8,8 mkr yfir fjárheimildum.

Reglubundið framlag var 46,4 mkr undir fjárheimildum.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins: Framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins var 401 mkr eða á pari við fjárheimildir tímabilsins.

Framlög (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Strætó	948	986	-38	-3,8%
Slökkvilið hbsv.	401	401	0	0,0%
Rekstrarniðurstaða	1.349	1.387	-38	-2,7%

2. Eignasjóður



Eignasjóður (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	11.500	11.297	203	1,8%
Laun og launat.gj.	783	784	-1	-0,1%
Annar rekstrark.	4.113	3.623	490	13,5%
Afskriftir	2.224	2.128	96	4,5%
Fjármagnsliðir	-2.758	-2.739	-19	0,7%
Rekstrarniðurstaða	1.622	2.023	-401	-19,8%

fjárheimildum. Ósamþykktir reikningar hjá Eignasjóði námu 159 mkr, þar af voru reikningar vegna fjárfestinga um 150 mkr.

Nettó fjármagnsgjöld voru 2.758 mkr eða 19 mkr undir fjárheimildum og skýrist það nánast alfarið af lægri verðbólgu en gert var ráð fyrir í áætlun.

Fjárfestingar í janúar - júní námu voru um 3.577 mkr eða um 1.060 mkr yfir áætlun tímabilsins. Tekjur vegna gatnagerðar-gjalda námu 1.782 mkr en áætlað var að tekjur vegna þeirra yrðu 762 mkr á tímabilinu og voru því 1.020 mkr yfir áætlun. Nettó fjárfesting tímabilsins nam 1.794 mkr og reyndist 40 mkr hærri en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Athygli er vakin á verðbólga hafði töluverð áhrif á Eignasjóð, en leigutekjur vegna innri leigu voru 202 mkr lægri en áætlað var.
- Áhætta vegna lána Eignasjóðs tengist fyrst og fremst innlendu verðlagi.
- Tekjur af sölu fasteigna og byggingarréttar var 92 mkr yfir áætlun.
- Vetrbjónusta sem 295 mkr yfir áætlun, bæði tekju- og gjaldamegin.
- Viðhald fasteigna var 63 mkr yfir fjárheimildum.

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 1.622 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 2.023 mkr og niðurstaðan því 401 mkr lakari en áætlað var.

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu í rekstri Eignasjóðs á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 í samanburði við fjárheimildir. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrartekjur voru 11.500 mkr eða 203 mkr yfir áætlun sem jafngildir 1.79% fráviki.


Leigutekjur voru 8.686 mkr eða 212 mkr undir áætlun, þar af voru leigutekjur af gatnakerfi 119 mkr undir áætlun og önnur innri leiga 83 mkr undir áætlun.

Aðrar tekjur voru 2.814 mkr og eru 415 mkr yfir áætlun sem skýrist helst af því að tekjur vegna reksturs gatna voru 300 mkr yfir áætlun einkum vegna vetrarþjónustu en tekjur af sölu fasteigna og byggingarréttar voru 92 mkr yfir áætlun.

Rekstrargjöld voru 7.120 mkr eða 585 mkr yfir fjárheimildum.

Annar rekstrarkostnaður var 4.113 mkr sem var 490 mkr yfir fjárheimildum. Þar af var skrifstofa eigna og atvinnuþróunar 99 mkr yfir fjárheimildum og Umhverfis- og skipulagssvið tæplega 391 mkr yfir

2.2 Skrifstofa eigna- og atvinnupróunar (SEA)



SEA (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	9.654	9.774	-120	-1,2%
Laun og launat.gj.	72	75	-3	-3,4%
Annar rekstrark.	2.524	2.424	99	4,1%
Afskriftir	2.224	2.128	96	4,5%
Fjármagnsliðir	-2.758	-2.739	-19	0,7%
Rekstrarniðurstaða	2.076	2.408	-332	-13,8%

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu hjá SEA fyrstu sex mánuði ársins 2016 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða SEA var jákvæð um 2.076 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á 2.408 mkr og var niðurstaðan því 332 mkr lakari en áætlað var.

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 4.834 mkr eða 313 mkr verri en áætlun gerði ráð fyrir. Helstu frávik voru þau að annar rekstrarkostnaður var 99 mkr yfir áætlun og afskriftir voru 96 mkr umfram áætlun á móti kemur að fjármagnsliðir voru 19 mkr undir áætlun.

Tekjur voru 9.654 mkr eða 120 mkr undir áætlun sem jafngildir -1,2% frávik.

Leigutekjur voru 8.686 mkr sem eru 212 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir sem helgast að mestu leiti af því að verðbólga var lægri en gert var ráð fyrir í áætlun. Leigutekjur af gatnakerfi voru 119 mkr undir áætlun og önnur innri leiga 83 mkr undir áætlun, þar af var innri leiga fasteigna 79 mkr undir áætlun.

Aðrar tekjur voru 92 mkr umfram áætlun sem skýrist að mestu á því að tekjur af sölu byggingarréttar voru liðlega 144 mkr umfram áætlun en tekjur af sölu fastafjármuna voru 57 mkr undir áætlun.


Laun og launatengd gjöld námu 72 mkr sem var tæplega 3 mkr undir fjárheimildum eða -3,4%.

Annar rekstrarkostnaður var 2.524 mkr eða 99 mkr hærri en áætlun og jafngildir það 4,1% frávik, þar af voru 60 mkr tilkomnar vegna fasteignagjalda sem ekki hafði verið áætlað fyrir.

Afskriftir voru 2.224 mkr eða 96 mkr umfram það sem áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir.

Fjármagnsliðir Fjármagnsgjöld að frádregnum fjármunatekjum námu 2.758 mkr og voru 19 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir sem helgast nánast alfarið af lægri verðbólgu en gert var ráð fyrir við gerð áætlunar.

2.3 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)



USK (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	1.846	1.523	323	21,2%
Laun og launat. gj.	711	709	2	0,2%
Annar rekstrark.	1.590	1.199	391	32,6%
Rekstrarniðurstaða	-454	-385	-69	18,0%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði á fyrstu 6 mánuðum ársins 2016 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða Umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði var neikvæð um 454 mkr en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri afkomu upp á 385 mkr. Rekstrarniðurstaðan var því 69 mkr lakari en áætlun gerði ráð fyrir eða um 18,0%.

Tekjur voru 1.846 mkr eða 323 mkr yfir áætlun sem jafngildir 21,2%. Tekjur vegna **reksturs gatna og opinna svæða** (sem færast sem útgjöld hjá Aðalsjóði) voru um 300 mkr yfir áætlun, einkum vegna vetrarþjónustu, þá voru tekjur vegna **viðhalds gatna og opinna svæða** (sem færast jafnframt sem útgjöld hjá Aðalsjóði) 36 mkr undir áætlun. Tekjur af **útseldri þjónustu** voru 19 mkr lægri en áætlað var og tekjur vegna verkefna sem unnin voru fyrir **Vegagerðina**, einkum vegna vetrarþjónustu og reksturs umferðarljósa, námu 18 mkr en ekki var gert ráð fyrir þessum tekjum í áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 711 mkr sem var 2 mkr yfir fjárheimildum eða um 0,2%.

Annar rekstrarkostnaður var 1.590 mkr og reyndist 391 mkr yfir fjárheimildum eða um 32,6%. **Rekstur gatna og opinna svæða** var um 324 mkr yfir fjárheimildum tímabilsins, sem einkum má rekja til vetrarþjónustu eða 295


mkr. Þá var **viðhald gatna og opinna svæða** 36 mkr undir fjárheimildum og kostnaður við verkefni unnin fyrir **Vegagerðina**, einkum vegna vetrarþjónustu og umferðarljósa 19 mkr sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun. Þá var **viðhald fasteigna** um 63 mkr yfir fjárheimildum en á móti var kostnaður vegna **ferlimála fatlaðra** 20 mkr undir fjárheimildum tímabilsins.

Viðhald fasteigna Viðhaldskostnaður fasteigna nam 409 mkr sem var 63 mkr yfir fjárheimildum, kostnaður var því um 18% umfram fjárheimildir. Viðhaldskostnaður húsnæðis vegna menningarmála nam 20 mkr og reynist 27% undir fjárheimildum, grunnskóla 173 mkr eða 36% yfir fjárheimildum, íþróttamála 59 mkr eða 8% yfir fjárheimildum, leikskóla 78 mkr eða 7% yfir fjárheimildum, velferðarmála 36 mkr eða 196% yfir fjárheimildum og aðrar fasteignir 36 mkr sem reyndist 16% undir fjárheimildum.

Ferlimál fatlaðra Kostnaður við ferlimál fatlaðra í húsnæði á vegum borgarinnar nam 9 mkr sem var 20 mkr undir fjárheimildum eða um 68%. Kostnaður við ferlimál í grunnskólum 4 mkr, í íþróttamannvirkjum 4 mkr og öðrum eignum 1 mkr.

Útseld þjónusta Tekjur af útseldri þjónustu námu 42 mkr sem var 19 mkr undir áætlun eða um 31%. Kostnaður við útselda þjónustu var 61 mkr eða á pari við áætlun. Reikningar sem nema mismun á gjöldum og tekjum voru sendir út eftir að uppgjörstímabilinu lauk.

3. Bílastæðasjóður



Bílastæðasjóður (mkr)	Raun 2016	Áætlun 2016	Frávik	%
Tekjur	562	459	103	22,4%
Laun og launat.gj.	101	124	-23	-18,9%
Hækkun lífeyrisk.b	6	6	-1	-7,9%
Annar rekstrark.	247	219	27	12,4%
Afskriftir	39	42	-3	-7,1%
Fjármagnsliðir	0	0	0	0,0%
Rekstrarniðurstaða	169	67	102	153,5%

Rekstrarniðurstaða Bílastæðasjóðs var jákvæð um 169 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 67 mkr og var niðurstaðan því 102 mkr betri en áætlað var. Fráviknið má skýra með því að tekjur voru yfir áætlun og launakostnaður undir áætlun.

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu í rekstri Bílastæðasjóðs á fyrstu 6 mánuðum ársins 2016 í samanburði við fjárheimildir. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrartekjur voru 562 mkr eða 103 mkr yfir áætlun eða 22,4%. Rekstrartekjur jukust um 13,3% frá sama tímabili í fyrra. Tekjur vegna **aukastöðugjalda** voru 12,8% undir áætlun og tekjur vegna **stöðubrotsgjalda** voru 77,3% eða 38 mkr yfir áætlun. Þann 1. ágúst 2015 tók í gildi 100% hækkun stöðubrotsgjalda, í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að tekjur vegna stöðubrotsgjalda myndu lækka í framhaldi af hækkuninni. Tekjur vegna **stöðu- og miðamæla** jukust um 17,9 mkr milli ára fyrstu sex mánuði ársins og voru 4,5% yfir áætlun. Tekjur í **bílastæðahúsum** jukust um 16,5 mkr milli ára og voru 13,5% yfir áætlun, sem má skýra með aukinni notkun skammtímagesta.

Rekstrargjöld voru 393 mkr og voru á pari við áætlun.

Launakostnaður var 23 mkr undir fjárheimildum eða 18,9%. Launakostnaður hefur undanfarin ár verið talsvert undir fjárheimildum, það má skýra með viðvarandi starfsmannaveltu sem hefur leitt til þess að ekki hefur tekist að fjölga starfsmönnum jafnhliða útvíkkun starfssvæða sjóðsins. Ástæða starfsmannaveltu má m.a. skýra með erfiðu starfsumhverfi og lágum launum.

Annar rekstrarkostnaður var 27 mkr yfir fjárheimildum eða 12,4%.

Fjármagnsliðir voru jákvæðir um 46 þúsund kr.

Heildareignir námu 2.577 mkr, og hækkuðu um 9% frá áramótum. Fastafjármunir námu 1.449 mkr og veltufjármunir námu 1.128 mkr.

Heildarskuldir námu 362 mkr og skiptast skuldirnar í lífeyrisskuldbindingar að fjárhæð 251 mkr og skammtímaskuldir að fjárhæð 110 mkr, engar **langtímaskuldir** voru til staðar á árinu. **Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahags** námu 875 mkr vegna byggingar bílakjallara í Hörpu.


Eigið fé hækkaði úr 2.046 mkr í ársbyrjun í 2.215 mkr í lok tímabils, þessi hækkun skýrist af rekstrarniðurstöðu tímabilsins.

Veltufé frá rekstri var jákvætt um 214 mkr. Handbært fé í árslok nam 1,6 mkr.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaða tímabilsins var 154% hærri en áætlun gerði ráð fyrir og 59% hærri en árið 2015. Tekjurnar hækkuðu um 13% milli ára en rekstrargjöldin hækkuðu um 1% milli ára.
- Vakin er athygli á skuldbindingum Bílastæðasjóðs utan efnahags vegna bílakjallara Hörpunnar um 875 mkr.

4. Greining vöru- og þjónustuinnkaupa A-hluta



Innkaupagreining Innkaup á vörum og þjónustu A-hluta samanstendur af Aðalsjóði, Eignasjóði og Bílastæðasjóði.

Innkaupagreiningu er ætlað að veita yfirsýn á einfaldan hátt hvernig innkaupum borgarinnar á vörum og þjónustu er háttað og sjá þróun innkaupa í þessum flokkum hjá borginni á milli ára. Innkaupagreining varpar ljósi á þau tækifæri sem liggja í miðlægum innkaupum, auk þess að meta áhrif af miðlægum innkaupasamningum. Þá er hægt að sjá hversu mikið af **rekstrarfé** borgarinnar fer í aðföng og þjónustu. Allar tölur í innkaupagreiningunni eru settar fram á **verðlagi hvors árs** í mkr.

Myndin sýnir heildarveltu sjóðanna sem standa fyrir A-hluta og þá flokka sem vega mest í heildarinnkaupum A-hluta. Kostnaður við innkaup á matvælum hækkaði um tæp 6%, innkaup á sérfræðiþjónustu óx um rúm 10% og rekstur húsnæðis hefur hækkað um rúm 15%.

Vísitala neysluverðs á tímabilinu hækkaði úr 430,8 stigum í 436,3 stig eða um 1,3% á tímabilinu desember 2015 til júní

2016.

Innkaupadeild hefur gert **rammasamninga** um alla helstu vöruflokka sem tengjast almennum innkaupum á vörum og þjónustu þvert á svið. Vöruverð í rammasamningum á að gefa heildinni kost á góðum kjörum hvort sem eining er lítil eða stór. Að ákveðnum forsendum uppfylltum er heimilt að beita svokölluðum **örútboðum** innan rammasamninga og hefur þeirri aðferð verið beitt við innkaup á matvælum og vörum tengdum upplýsingatækni. Öll örútboðin hafa skilað umtalsvert betri kjörum heldur en lægstþjóðandi bauð í sjálfu rammasamningsútboðinu. Helstu ástæður þess er skipulagning innkaupa, stærðarhagkvæmni og lækun viðskiptakostnaðar.

Á töflunum hér til hliðar má sjá **heildarumfang** innkaupanna brotið niður á hvern sjóð fyrir sig. Heildarhækkun innkaupakostnaðar í **Aðalsjóði** nam um 2% milli tímabila. Í Aðalsjóði hefur húsnæðiskostnaður hækkað mest eða um 12% á milli tímabila.

Innkaupakostnaður **Eignasjóðs** hækkaði um 16% milli tímabila.

Kostnaður **Bílastæðasjóðs** hækkaði um 12% á milli tímabila.

A-hluti	2016	2015	Breyting
Þjónustukostnaður	1.943	1.874	4%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3.150	2.986	5%
Húsnæðiskostnaður	1.627	1.498	9%
A-hluti samtals	6.720	6.358	6%

Aðalsjóður	2016	2015	Breyting
Þjónustukostnaður	1.769	1.685	5%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2.044	2.129	-4%
Húsnæðiskostnaður	1.085	968	12%
Aðalsjóður samtals	4.898	4.782	2%

Eignasjóður	2016	2015	Breyting
Þjónustukostnaður	167	180	-8%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	1.055	813	30%
Húsnæðiskostnaður	516	507	2%
Eignasjóður samtals	1.738	1.500	16%

Bílastæðasjóður	2016	2015	Breyting
Þjónustukostnaður	8	9	-12%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	51	44	15%
Húsnæðiskostnaður	26	23	14%
Bílastæðasjóður samtals	84	75	12%

Þjónustukostnaður (kjarnastarfsemi)		
Undirflokkur	2016	2015
Bækur, kennsluefni og leikföng	109	103
Matvæli	1.071	1.014
Vörukaup	94	98
Önnur innkaup	37	35
Akstur og vélaleiga	532	513
Ferðir og viðburðir	37	53
Tryggingar og bætur	64	57
Samtals	1.943	1.874

Í töflu **skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar** er A-hlutinn brotinn niður til að hægt sé að gera sér grein fyrir breytingum á milli tímabila. Flokkurinn dregur saman þá þætti sem tengjast upplýsingatækni, stoðþjónustu, kynningu og rekstri. Heildarhækkun nam rúmum 5%.

Húsnæðiskostnaður		
Undirflokkur	2016	2015
Leiga	25	23
Viðhald og framkvæmdir	246	284
Rekstur húsnæðis	787	684
Ræsting og sorp	569	507
Samtals	1.627	1.498

Á meðfylgjandi töflu má sjá **þjónustukostnað** (kjarnastarfsemi) A-hluta brotinn niður svo hægt sé að gera sér grein fyrir breytingum á milli tímabila. Undir flokknum þjónustukostnaður falla þættir sem búið er að flokka sem beinan kostnað við veitingu þjónustu borgarinnar. Samanlögð heildarhækkun á flokknum þjónustukostnaður var tæp 4%.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Undirflokkur	2016	2015
Rekstur skrifstofu	389	426
Banka og fjármálaþjónusta	204	155
Auglýsingar og kynningar	92	103
Prentun	42	56
Sérfræðiþjónusta	1.098	1.225
Tölvur og fjárskipti	764	667
Ferðakostnaður	47	65
Starfsmannakostnaður	191	211
Risna, gjafir, verðlaun ofl.	15	16
Annar kostnaður	308	63
Samtals	3.150	2.986

Taflan hér til hliðar sýnir kostnað A-hluta sem fellur til vegna reksturs **húsnæðis** en þar nam heildarhækkun tæpum 9%.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Innkaup eru á ábyrgð hvers sviðs fyrir sig og ákvörðunarvald um samræmingu innkaupa er hjá sviðsstjórum. Hlutverk innkaupadeildar er að finna tækifærin og kynna möguleikana.
- Innkaup hafa veruleg áhrif á skilvirkni í rekstri og fjárhagslega afkomu og samræmd innkaup geta aukið skilvirkni í innkaupum.
- Skilgreining innkaupa strax í upphafi þarfagreiningar hefur mikil áhrif á kostnað en skipulagðir innkaupaferlar skila besta mögulega verði hverju sinni.

Framgangur aðgerðaáætlunar innkaupadeildar:

Aðgerð 1. Bætt skipulag - samræmd innkaup – mæling á árangri – sérhæfing	Markmið	Staða
Stofnaður samráðshópur með fulltrúum fagsviða, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og skrifstofu þjónustu og reksturs í þeim tilgangi að skapa sameiginlegan vettvang sem hefur það verkefni bæta skipulag innkaupa, greina möguleika á samræmingu innkaupa hjá Reykjavíkurborg, setja fram sameiginlega aðgerðaáætlun með árangursmælikvörðum varðandi innkaup og leggja fyrir innkauparáð.	Markmiðið er að bæta skipulag innkaupa, greina möguleika á samræmingu innkaupa hjá Reykjavíkurborg, setja fram sameiginlega aðgerðaáætlun með árangursmælikvörðum varðandi innkaup og leggja hana fyrir innkauparáð.	Aðgerðir í yfirstandandi hagræðingarvinnu sem settar hafa verið í gang af borgarráði skarast við þessa aðgerð og verður beðið með að stofna samráðshóp þar til niðurstöður hagræðingarvinnu liggja fyrir.
Aðgerð 2. Bætt upplýsingagjöf – stjórnendaupplýsingar – eftirlit - innkaupagreiningar		
Innkaupadeild samræmi framsetningu á efni sem innkauparáð fær til eftirlits með það að leiðarljósi að afurðir eftirlits nýtist betur öðrum sviðum/skrifstofum.	Markmiðið er að skilgreina og samræma upplýsingagjöf vegna innkaupa til stjórnenda og vegna eftirlits með innkaupum.	Staðlaðar greiningar á rekstrarkostnaði ásamt innkaupakostnaði eru tilbúnar til notkunar í Agresso. Skýrslur sem hægt er að styðjast við til eftirfylgni með fjárhagsáætlun eru einnig til staðar.
Innkaupadeild áformar enn fremur í samstarfi við bókhaldsdeild fjármálaskrifstofu að skilgreina leiðir til að UNSPSC flokkun nýtist bæði til að greina innkaup og eins til að auka sjálfvirkni í bókun rafrænna reikninga, vinnan gagnast einnig eftirliti með innkaupum.		Vinna ekki hafin
Aðgerð 3 : Aukin nýting upplýsingartækni		
Aukin nýting upplýsingatækni er innkaupadeild mikið kappsmál og ráðist hefur verið í þau verkefni sem innkaupadeildin gat unnið sjálf. Önnur verkefni krefjast aðkomu annarra sviða/skrifstofa sem og fjármögnun verkefnanna.	Markmiðið að auka upplýsingagjöf, fagmennsku, sérhæfingu og einsleitni í vinnubrögðum, enda mikilvægt að innkaupaaðilar Reykjavíkurborgar hafi góðan skilning og þekkingu á innkaupaumhverfinu.	Vinna við innri vef hefur tafist en öðrum skilgreindum verkefnum er lokið
Aðgerð 4: Rafrænt útboðskerfi		
	Markmiðið að taka í notkun rafrænt útboðskerfi í samræmi við skyldur opinberra aðila.	Útboðskerfið er í notkun hjá innkaupadeild
Aðgerð 5: Auka þekkingu innkaupafólks		
Innkaupadeild mun kanna vilja útboðs- og innkaupaaðila hjá Reykjavíkurborg, öðrum sveitarfélögum sem og ríkisstofnunum til að hittast reglubundið og skipast á reynslu og þekkingu á málefnum sem varða innkaup og innkaupaaðferðir.	Afar mikilvægt er fyrir þá aðila sem sinna opinberum innkaupum á Íslandi að vera í góðum tengslum við aðrar þjóðir í Evrópu til að viðhalda þekkingu og miðla áfram hér innan lands. Innkaupa opinberra snerta fyrst undirbúning innkaupanna síðan ferlið sjálft og að lokum hvernig samningum er stjórnað á samningstíma.	Ekki hafið

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Innkaupaáætlun sem Reykjavíkurborg stefnir að því að birta í upphafi hvers árs mun hvetja til samkeppni, nýsköpunar og leiða til hagkvæmari innkaupa.

5. Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið

Málefni fatlaðs fólks Heildarkostnaður vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 3.915 mkr og tekjur sem komu á móti voru 2.942 mkr rekstrarniðurstaða var neikvæð um 973 mkr eða 125 mkr yfir fjárheimildum.

Málefni fatlaðs fólks janúar - júní 2016			
Tekjur:	í mkr	Rauntölur	Áætlun
Framlag frá Jöfnunarsjóði		2.260	2.200
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. NPA þjónustu		0	0
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. lengdrar viðveru		0	20
Útsvarstekjur 0,25% RVK		576	560
Þjónustutekjur		35	28
Útsvarstekjur 0,25% Seltjarnarnes		25	23
Dagþjónusta við önnur sveitarfélög		46	43
Tekjur alls		2.942	2.874
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld		2.457	2.360
Húsaleiga		161	142
Annar rekstrarkostnaður		207	238
Þjónustugjöld (samningar)		875	756
Þjónustugjöld (Seltjarnarnes)		11	9
Stjórnunarkostnaður		25	25
Lengd viðvera ÍTR		56	61
Lengd viðvera SFS		124	132
Gjöld alls		3.915	3.722
Niðurstaða		-973	-848

Hjúkrunarheimili Hallarekstur hjúkrunarheimila hefur verið mikill síðustu ár. Þegar Reykjavíkurborg tók að sér að annast rekstur hjúkrunarheimila fyrir hönd ríkissjóðs var gert ráð fyrir að rekstur hjúkrunarheimilanna yrði að fullu fjármagnaður með framlögum úr ríkissjóði. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2016 voru hjúkrunarheimilin rekin með 159 mkr halla. Meðfylgjandi mynd sýnir uppsafnaðan halla hjúkrunarheimilanna á árunum 2008-2016.

Hjúkrunarheimili Reykjavíkurborgar			
Hallarekstur 01.01.2008-30.06.2016 (í mkr á verðlagi hvers árs)			
Ár	Droplaugarstaðir	Seljahlíð	Samtals
2008	157	57	214
2009	200	74	274
2010	166	68	234
2011	84	70	154
2012	135	80	215
2013	137	103	240
2014	156	113	270
2015	138	131	269
2016	93	65	159
Samtals	1.266	762	2.028

Tónlistarskólar Útgjöld vegna einkarekinna tónlistarskóla í Reykjavík námu 668,4 mkr janúar til júní 2016. Af því voru greiðslur Jöfnunarsjóðs til tónlistarskólanna sem Reykjavíkurborg hefur milligöngu um 220,5 mkr.

6. Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun

Í reglum um gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar er kveðið á um að fjárhagsáætlunargerð skuli byggjast á aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlunargerðar. Markmiðið er að samþætta **fjármála- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar**. Stefnt er að réttlátri dreifingu gæða og fjármuna með tilliti til stöðu borgarbúa í anda mannréttindastefnunnar. Til þess að ná þeim markmiðum er unnið að innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) og er búið að skipta innleiðingarferlinu í fjóra áfanga sem ná yfir tímabilið 2011-2018. Miðað við þá skiptingu er borgin komin í **lokaáfanga** innleiðingarinnar sem snýr að áframhaldandi **greiningu á þjónustubáttum** borgarinnar, **jafnréttismati** á liðum fjárhagsáætlunar, söfnun og birtingu **tölfræðigagna** og enn frekara **samstarfi** við innlenda og erlenda aðila. Það mun að vonum leiða til bættra verkferla og réttlátari ráðstöfunar fjármuna.

Markmið

Í samræmi við samþykktir borgarráðs um kynjaða fjárhagsáætlunargerð skal miða við:

- Að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 verði hægt að taka ákvarðanir um leiðréttingar á ráðstöfunum fjármuna borgarinnar út frá greiningum á öllum megin þjónustubáttum borgarinnar með það að markmiði að mæta þörfum fólks í ólíkri stöðu og jafna hana eins og frekast er unnt.
- Að á árinu 2015 og næstu árum fram til ársins 2018 verði unnið kerfisbundið að því að afla nægjanlegra kyngreindra gagna auk gagna um jaðarsetta hópa sem sækja þjónustu borgarinnar, skrá þau og greina þannig að þau verði tiltæk vegna fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2019. Lögð er sérstök áhersla á opinbera birtingu gagna.
- Í samræmi við reglur um gerð fjárhagsáætlunar ber að gera jafnréttismat á breytingartillögum á samþykkttri áætlun og vegna nýrra verkefna á áætlun komandi árs. Jafnréttismat felur í sér að áhrif tillagna á kynin og á þá hópa sem mannréttindastefnan tekur til eru metin. Árið 2018 er ráðgert að jafnréttismat verði gert á öllum tillögum sem hafa áhrif á fólk en gera skal grein fyrir þeim tillögum sem undirganga ekki slíkt mat.

Til þess að ná ofangreindum markmiðum er unnið að eftirfarandi:

- Unnið er að því að greina þjónustu borgarinnar út frá aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Stórir þjónustubættir hafa verið greindir árlega og lagðar hafa verið til úrbætur þar sem þeirra er þörf.
- Unnið hefur verið að áætlun á öllum fagsviðum borgarinnar þar sem greint er frá því með hvaða hætti og í hvaða röð þjónustubættir hvers sviðs verða greindir til ársins 2018.
- Á öllum sviðum er unnið að því að bæta gagnagrunn og verklag varðandi innköllun kyngreindra tölfræðigagna og aðgengi að gögnum. Sömu leiðis er lögð áhersla á að bæta skráningu um stöðu jaðarsettra hópa. Slík gagnasöfnun er forsenda þess að kynjuð fjárhagsáætlun nái fram að ganga.
- Í samræmi við samþykktir borgarráðs ber að gera jafnréttismat á breytingartillögum vegna fjárhagsáætlunar. Gera þarf jafnréttismat á öllum breytingartillögum við samþykktu fjárhagsáætlun sem fela í sér ný verkefni eða breytt verklag og vegna nýrra verkefna á áætlun komandi árs. Breytingartillögum og jafnréttismati á að skila til fjármálaskrifstofu sem yfirfer gögnin og gerir umsögn sem fylgir tillögunni til borgarráðs.

Verkefni ársins 2016

Til þess að ná markmiðum um að ljúka greiningum á þjónustubáttum borgarinnar árið 2018 hafa fagsvið borgarinnar unnið að áætlun þar sem greint er frá því hvernig og með hvaða hætti þjónustubættir verði greindir næstu árin. Unnið verður eftir áætlunum til ársins 2018.

Lögð verður sérstök áhersla á að fylgja eftir þeim greiningum á þjónustubáttum sem gerðar hafa verið á síðustu árum. Í því skyni verður kallað eftir, þegar við á, hvort þær tillögur sem settar voru fram í kjölfar greiningar hafi skilað árangri.

Stýrihópurinn gegnir mikilvægu hlutverki í hagræðingaraðgerðum næstu fimm ára en í leikreglum þeirrar vinnu segir að rýna beri áhrif aðgerða á jaðarsetta hópa með aðferðafræði KFS og jafnréttismati.

Innleiðingarferli Reykjavíkurborgar hefur sem fyrr vakið **athygli** hérlandis sem og erlendis og hafa fulltrúar haldið erindi víða, svarað fyrirspurnum og fengið gesti heim.

Samstarf er hafið við **Háskóla Íslands**. Fulltrúar stýrihóps KFS hafa unnið að kynningum innan Háskólans og lagt til verkefni sem nemendur geta unnið að. Nú þegar hafa nokkrir nemendur valið sér verkefni sem tengjast kynjaðri fjárhagsáætlun hjá Reykjavíkurborg og skiluðu skýrslum í lok apríl 2016. Skýrslur þessar hafa verið kynntar stýrihópi og munu niðurstöður þeirra koma að miklu gagni í innleiðingarferlinu.

Gefin verða út **fréttabréf** í samstarfi við verkefnisstjórn kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar hjá **ríkinu** og einn sameiginlegur **fræðslufundur** verður haldinn á árinu.

Upplýsingasiða KFS á vefnum verður eflid og **ensk síða** útbúin. Unnið verður að þýðingum á hluta þess efnis sem er til nú þegar.

Samstarf við **erlenda aðila** hefur skipt sköpum í innleiðingarferlinu. Stýrihópurinn vinnur nú að því að koma á formlegu og markvissu samstarfi við erlenda aðila. Markmið samstarfsins verður þekkingarsköpun og öflun gagna.

Á árunum 2014-2015 hefur starfshópur fjármálaskrifstofu unnið að því að efla skráningu og innköllun **kyngreindra gagna** í samráði við stýrihóp KFS og fagsvið borgarinnar. Stefnt er að því að birta slík gögn undir **Árbók Reykjavíkurborgar**. Nú stendur til að setja saman **miðlægan starfshóp** sem tryggir söfnun gagna og birtingu þeirra sem mun leiða til þess að gagnagrunnurinn verði betri og aðgengilegri almenningi.

Stýrihópurinn hóf vinnu við að þróa leið til þess að innleiða aðferðafræði KFS inn á stofnanir borgarinnar. Markmiðið er að gera KFS að sjálfbærum hluta innan þeirra. Verið er að stilla upp **Fjólubláum jafnréttisskrefum** í anda Grænna skrefa þar sem sjónarmiðum KFS er haldið á lofti.

Stýrihópurinn mun sjá um að kynna KFS og verklag við **jafnréttismat** fyrir starfsfólki borgarinnar. Samhliða því er mikilvægt að stýrihópurinn tryggi áframhaldandi vinnu fagsviða til þess að markmiðum innleiðingarinnar verði náð árið 2018.

Um önnur fyrirhuguð verkefni á árinu 2016 má lesa í starfsáætlun stýrihóps KFS 2016.

Verkefni fagsviða

Á öllum fagsviðum borgarinnar og miðlægum skrifstofum er nú unnið markvisst að innleiðingu á KFS. Öll svið hafa frá árinu 2012 unnið að greiningu á þjónustupáttum borgarinnar. Jafnréttismat hefur sömuleiðis spilað stórt hlutverk á árinu og mun gera áfram. Markvisst er unnið að því að bæta gagnagrunn og verklag varðandi innköllun kyngreindra tölfraðigagna og aðgengi að gögnum.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Jafnréttismat: Reykjavíkurborg stendur frammi fyrir því að þurfa að ganga í gegnum hagræðingu. Jafnréttismeta þarf tillögur sem hafa áhrif á stöðu fólks. Við mótun aðgerðaáætlunar er mikilvægt að halda til haga markmiðum og aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlunar og rýna áhrif aðgerða á jaðarsetta hópa.
- Kyngreind gögn: Fyrir liggur erindisbréf um skipan starfshóps yfir tölfraðigögnum, bæði varðandi gagnasöfnun og birtingu gagna.
- Fagsvið þurfa að ljúka áætlun um það hvernig ná eigi markmiðum um greiningu á þjónustupáttum.
- Þjónustupættir: Tryggja þarf að vinna fagsviða og skrifstofa með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar sé að skila sér í bættum verkferlum og réttlátari ráðstöfunum fjármuna þegar við á.

7. Innheimtuárangur

Fjárhæðir í þús.kr.

Innheimta krafna í lög- og milliinnheimtu

	30.6.2015		30.6.2016	
	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð
Mál í löginnheimtu	2.047	254.325	1.064	533.244
Kröfur í milliinnheimtu	16.638	551.670	15.048	480.645
Samtals	18.685	805.995	16.112	1.013.889

Innheimtuhlutföll 2012-2016

Taflan hér að neðan sýnir hversu hátt hlutfall krafna innheimtist tímabilið janúar-júní á útgáfuári þeirra.

Útgefnar kröfur 2012-2016 innheimtar á útgáfuári	30.6.2012	30.6.2013	30.6.2014	30.6.2015	30.6.2016
Fasteignagjöld	94,23%	95,09%	97,84%	94,40%	95,10%
Íþróttá- og tómstundasvið	99,03%	98,69%	99,76%	96,54%	93,00%
Skóla- og frístundasvið	92,86%	94,60%	94,81%	94,09%	92,72%
Menningar- og ferðamálasvið	96,09%	90,31%	92,91%	96,15%	96,20%
Umhverfis- og skipulagssvið RK	92,66%	92,08%	93,91%	88,06%	84,90%
Velferðarsvið	87,98%	94,15%	60,49%*	90,46%	87,23%
Aðrar kröfur	97,46%	96,13%	97,08%	95,19%	99,70%

*Lágt innheimtuhlutfall Velferðarsviðs árið 2014 skýrist af höfnun ríkisins á þátttöku í rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila að fjárhæð 240 mkr.

Taflan hér að neðan sýnir hversu hátt hlutfall krafna hvers árs hefur innheimst þann 30.06.2016.

Útgefnar kröfur 2012-2016 innheimtar 2016	31.12.2012	31.12.2013	31.12.2014	31.12.2015	30.6.2016
Fasteignagjöld	99,99%	99,99%	99,98%	96,84%	95,10%
Íþróttá- og tómstundasvið	99,95%	99,92%	99,94%	99,94%	93,00%
Skóla- og frístundasvið	99,67%	99,31%	98,92%	98,72%	92,72%
Menningar- og ferðamálasvið	99,60%	99,28%	98,94%	97,05%	96,20%
Umhverfis- og skipulagssvið RK	98,84%	98,31%	97,98%	91,52%	84,90%
Velferðarsvið	97,16%	97,70%	98,35%	98,59%	87,23%
Aðrar kröfur	100,00%	99,43%	98,76%	97,61%	99,70%

Viðauki 1: Árshlutauppgjör Aðalssjóðs

Rekstrarreikningur janúar - júní 2016

	Árshlutareikningur jan. - júní 2016	Fjárhagsáætlun jan. - júní 2016	Árshlutareikningur jan. - júní 2015
REKSTRARTEKJUR			
Skatttekjur	38.986.346	38.381.505	35.155.157
Framlög frá Jöfnunarsjóði s veitarfélaga	3.103.505	3.082.173	2.717.266
Aðrar tekjur	7.667.266	7.293.776	7.259.292
Rekstrartekjur samtals	49.757.117	48.757.454	45.131.715
REKSTRARGJÖLD			
Laun og launatengd gjöld	24.584.310	24.228.133	22.847.264
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	2.750.000	2.500.000	1.150.004
Annar rekstrarkostnaður	26.927.417	27.346.652	26.720.772
Rekstrargjöld samtals	54.261.727	54.074.785	50.718.040
Rekstrarniðurstaða			
fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(4.504.611)	(5.317.331)	(5.586.326)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	2.403.742	2.158.424	2.520.453
Rekstrarniðurstaða	(2.100.869)	(3.158.908)	(3.065.873)

Efnahagsreikningur 30. júní 2016

	Árshlutareikningur 30.06.2016	Ársreikningur 2015
EIGNIR		
FASTAFJÁRMUNIR		
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Eignarhlutir í félögum	8.367.535	8.377.535
Langtímakröfur, víkjandi skuldabréf	11.935.797	12.825.889
Langtímakröfur	34.959.081	32.889.359
Fastafjármunir samtals	55.262.412	54.092.782
VELTUFJÁRMUNIR		
Skammtímakröfur:		
Óinnheimtar tekjur	7.827.996	7.390.557
Næsta árs afborganir langtímakrafna	3.821.837	3.534.294
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki	59.077	85.077
Aðrar skammtímakröfur	1.691.384	2.090.777
Handbært fé	8.976.801	5.283.209
Veltufjármunir samtals	22.377.095	18.383.915
EIGNIR SAMTALS	77.639.507	72.476.696

Efnahagsreikningur 30. júní 2016

	Árshlutareikningur 30.06.2016	Ársreikningur 2015
SKULDIR OG EIGÐ FÉ		
EIGÐ FÉ		
Eiginfjárreikningur	31.206.542	33.307.410
Eigið fé samtals	31.206.542	33.307.410
SKULDBINDINGAR		
Lífeyrisskuldbinding	27.485.856	25.600.200
Skuldbindingar samtals	27.485.856	25.600.200
SKAMMTÍMASKULDIR		
Viðskiptaskuldir	1.000.094	1.840.605
Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindingar	2.054.000	2.054.000
Skuldir við eigin fyrirtæki	8.334.182	2.657.217
Aðrar skammtímaskuldir	7.558.833	7.017.265
Skammtímaskuldir samtals	18.947.109	13.569.086
Skuldir og skuldbindingar samtals	46.432.965	39.169.286
SKULDIR OG EIGÐ FÉ SAMTALS	77.639.507	72.476.696

Yfirlit yfir sjóðstreymi janúar - júní 2016

	Árshlutareikningur jan. - júní 2016	Fjárhagsáætlun jan. - júní 2016	Árshlutareikningur janúar - júní 2015
REKSTRARHREYFINGAR			
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi	(2.100.869)	(3.158.908)	(3.065.873)
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður eigna	(6.563)	0	0
Verðbætur og gengismunur langtímakrafna	(702.683)	(744.655)	(883.052)
Breyting lífeyrisskuldbindinga	2.750.000	2.500.000	1.150.004
Niðurfærsla langtímakrafna	0	0	231.820
Veltufé frá rekstri	(60.114)	(1.403.562)	(2.567.100)
 Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Óinnheimtar tekjur (hækkun), lækkun	(437.439)	0	(265.006)
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun), lækkun	399.393	0	(107.294)
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun	(148.942)	0	929.469
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga	(864.344)	(975.000)	(813.149)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	(1.051.332)	(975.000)	(255.980)
Handbært fé frá rekstri	(1.111.446)	(2.378.562)	(2.823.080)
 FJÁRFESTINGARHREYFINGAR			
Eignarhlutar í félögum, breyting	(133.438)	(128.000)	(50.000)
Verðbréf, breyting	(764.490)	2.352.015	(1.270.204)
Fjárfestingarhreyfingar	(897.927)	2.224.015	(1.320.204)
 FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR			
Eigin fyrirtæki, breyting	5.702.965	(205.298)	4.681.563
Fjármögnunarhreyfingar	5.702.965	(205.298)	4.681.563
 HÆKKUN (LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ	3.693.592	(359.846)	538.279
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN	5.283.209	2.550.058	7.993.077
HANDBÆRT FÉ Í LOK TÍMABILS	8.976.801	2.190.212	8.531.357

Viðauki 2: Árshlutauppgjör Eignasjóðs

Rekstrarreikningur janúar til júní 2016

	Árshlutareikningur jan.- júní 2016	Fjárhagsáætlun jan.- júní 2016	Árshlutareikningur jan.-júní 2015
REKSTRARTEKJUR			
Leigutekjur	8.686.145	8.898.590	8.422.368
Aðrar tekjur	2.813.863	2.398.907	2.068.885
Rekstrartekjur samtals	11.500.008	11.297.497	10.491.254
REKSTRARGJÖLD			
Laun og launatengd gjöld	782.900	783.922	724.861
Annar rekstrarkostnaður	4.113.315	3.623.336	3.941.268
Afskriftir	2.223.780	2.127.843	2.021.139
Rekstrargjöld samtals	7.119.995	6.535.101	6.687.268
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	4.380.013	4.762.396	3.803.985
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(2.757.815)	(2.738.950)	(2.967.798)
Rekstrarniðurstaða	1.622.198	2.023.447	836.187

Efnahagsreikningur 30. júní 2016

	Árshlutareikningur 30.6.2016	Ársreikningur 2015
EIGNIR		
FASTAFJÁRMUNIR		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteignir og lóðir	90.203.472	89.389.737
Götur	11.760.897	12.811.060
Áhöld og tæki	3.978.052	3.957.122
Leigugeignir	7.338.595	7.653.336
	113.281.015	113.811.255
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Langtímakröfur	1.200.329	1.483.261
	1.200.329	1.483.261
Fastafjármunir samtals	114.481.344	115.294.516
VELTUFJÁRMUNIR		
Skammtímakröfur:		
Viðskiptakröfur	1.048.830	886.768
Næsta árs afborganir langtímakrafna	729.470	593.715
Inneign hjá Aðalsjóði	7.348.609	1.817.666
Aðrar skammtímakröfur	769.695	238.839
Handbært fé	10.312	313.334
Veltufjármunir samtals	9.906.917	3.850.321
EIGNIR SAMTALS	124.388.261	119.144.837

Efnahagsreikningur 30. júní 2016

SKULDIR OG EIGÐ FÉ	Árshlutareikningur 30.6.2016	Ársreikningur 2015
EIGÐ FÉ		
Eiginfjárreikningar	41.082.875	39.460.677
	41.082.875	39.460.677
LANGTÍMASKULDIR		
Langtímaskuldir	63.806.103	60.719.185
Leiguskuldir	12.009.858	12.119.302
Langtímaskuldir samtals	75.815.960	72.838.487
SKAMMTÍMASKULDIR		
Viðskiptaskuldir	1.088.380	1.320.788
Næsta árs afborganir langtímaskulda	4.269.098	4.100.937
Næsta árs afborganir leiguskulda	748.335	725.216
Aðrar skammtímaskuldir	1.383.612	698.732
Skammtímaskuldir samtals	7.489.425	6.845.673
Skuldir samtals	83.305.386	79.684.160
SKULDIR OG EIGÐ FÉ SAMTALS	124.388.261	119.144.837

Yfirlit yfir sjóðstreymi janúar - júní 2016

	Árshlutareikningur jan.- júní 2016	Fjárhagsáætlun jan.- júní 2016	Árshlutareikningur jan.-júní 2015
REKSTRARHREYFINGAR			
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi	1.622.198	2.023.447	836.187
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	2.223.780	2.127.843	2.021.139
Sölutap (-hagnaður) eigna	(960.582)	(872.960)	(278.103)
Verðbætur og gengismunur krafna/skulda	1.193.932	1.200.425	1.378.072
Veltufé frá rekstri	4.079.328	4.478.755	3.957.295
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(692.919)	0	(275.549)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)	452.472	0	950.469
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(240.447)	0	674.920
Handbært fé frá rekstri	3.838.881	4.478.755	4.632.215
FJÁRFESTINGAHREYFINGAR			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(3.568.635)	(2.516.404)	(3.769.297)
Innborguð gatnagerðargjöld	1.782.409	762.228	724.933
Sala byggingaréttar	574.268	430.000	278.280
Söluverð fasteigna	479.000	1.507.497	9.587
Langtímakröfur, breyting	150.511	126.075	56.380
Fjárfestingahreyfingar	(582.447)	309.395	(2.700.116)
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR			
Tekin ný lán	3.151.319	1.123.010	4.056.202
Afborganir langtímalána	(1.179.832)	(991.208)	(1.016.659)
Krafa á Aðalsjóð, breyting	(5.530.943)	(2.024.192)	(4.583.563)
Fjármögnunarahreyfingar	(3.559.456)	(1.892.390)	(1.544.021)
HÆKKUN(LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ.....	(303.022)	2.895.760	388.078
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN	313.334	2.881.218	11.076
HANDBÆRT FÉ Í LOK TÍMABILS	10.312	5.776.978	399.154

Viðauki 3: Árshlutauppgjör Bílastæðasjóðs

Rekstrarreikningur janúar - júní 2016

	Árshlutareikningur jan. - júní 2016	Fjárhagsáætlun jan. - júní 2016	Árshlutareikningur jan. - júní 2015
REKTRARTEKJUR			
Þjónustugjöld og álagningar	496.014	450.750	441.928
Aðrar tekjur	65.968	8.500	54.294
Rekstrartekjur samtals	561.982	459.250	496.222
REKSTRARGJÖLD			
Laun og launatengd gjöld	100.999	124.467	100.056
Hækkun lífeyrisskuldbindingar	5.985	6.500	6.179
Annar rekstrarkostnaður	246.790	219.468	253.552
Afskriftir	39.115	42.100	30.645
Rekstrargjöld samtals	392.889	392.536	390.432
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	169.093	66.714	105.790
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	46	0	53
Rekstrarniðurstaða	169.139	66.714	105.843

Efnahagsreikningur 30. júní 2016

	Ársreikningur 30.06.2016	Ársreikningur 2015
EIGNIR		
FASTAFJÁRMUNIR		
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fastafjármunir	1.448.048	1.469.639
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Eignarhlutur í félögum	919	919
Fastafjármunir samtals	1.448.967	1.470.558
VELTUFJÁRMUNIR		
Skammtímakröfur:		
Viðskiptakröfur	122.729	65.024
Aðrar kröfur	1.117	1.219
Aðalsjóður	1.002.380	830.528
Handbært fé	1.619	406
Veltufjármunir samtals	1.127.845	897.176
EIGNIR SAMTALS	2.576.812	2.367.733

Efnahagsreikningur 30. júní 2016

	Ársreikningur 30.06.2016	Ársreikningur 2015
SKULDIR OG EIGÐ FÉ		
EIGÐ FÉ		
Eiginfjárreikningur	<u>2.214.761</u>	<u>2.045.621</u>
SKULDBINDINGAR		
Lífeyrisskuldbindingar	<u>251.428</u>	<u>251.428</u>
SKAMMTÍMASKULDIR		
Viðskiptaskuldir	34.736	26.712
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar	14.400	14.400
Ýmsar skammtímaskuldir	<u>61.487</u>	<u>29.573</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>110.623</u>	<u>70.684</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals	<u>362.051</u>	<u>322.112</u>
 SKULDIR OG EIGÐ FÉ SAMTALS	 <u>2.576.812</u>	 <u>2.367.733</u>
 <i>Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahags</i>	 <u>874.760</u>	 <u>850.017</u>

Yfirlit yfir sjóðstreymi janúar - júní 2016

	Árshlutareikningur jan. - júní 2016	Fjárhagsáætlun jan. - júní 2016	Árshlutareikningur jan. - júní 2015
REKSTRARHREYFINGAR			
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi	169.139	66.714	105.843
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	39.115	42.100	30.645
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	5.985	6.500	6.179
Veltufé frá rekstri	214.240	115.314	142.666
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Aðrar skammtímakröfur, lækkun	(57.603)	0	3.251
Skammtímaskuldir, hækkun	39.939	0	14.193
Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar	(5.985)	0	(6.179)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(23.649)	0	11.265
Handbært fé frá rekstri	190.591	115.314	153.932
FJÁRFESTINGAHREYFINGAR			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(17.525)	(349.000)	(21.588)
Sala eigna	0	154.000	0
Fjárfestingahreyfingar	(17.525)	(195.000)	(21.736)
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR			
Breyting inneignar/skuldar við Aðalsjóð	(171.852)	205.266	(131.680)
Fjármögnunarahreyfingar	(171.852)	205.266	(131.680)
HÆKKUN Á HANDBÆRU FÉ	1.214	115.325	516
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN	406	517	517
HANDBÆRT FÉ Í LOK TÍMABILS	1.619	115.842	1.033

Viðauki 4: Rekstrarniðurstaða grunnskóla, leikskóla og frístundastofnana

Fjárhæðir eru í þús.kr.

Meðfylgjandi tafla sýnir rekstrarniðurstöðu borgarrekinnna **grunnskóla** tímabilið janúar til júníloka 2016:

Stofnun	Rekstrarniðurstaða	Halli í %	Frávik	Frávik í tekjum	Frávik í launakostnaði	Frávik í öðrum rekstrarkostnaði
Háteigsskóli	Halli 4% og yfir	7,6%	20.971	1.198	3.709	16.063
Norðlingaskóli	Halli 4% og yfir	7,2%	32.452	-935	28.324	5.062
Ölduselsskóli	Halli 4% og yfir	4,7%	16.750	-3.481	14.487	5.744
Seljaskóli	Halli 4% og yfir	4,3%	15.761	-1.049	13.830	2.980
Hólabrekuskóli	Halli 4% og yfir	4,2%	13.951	2.010	14.670	-2.729
Háaleitisskóli	Halli 4% og yfir	4,2%	17.381	1.464	9.285	6.632
Breiðholtsskóli	Halli 4% og yfir	4,1%	13.425	-3.943	13.279	4.089
Ártúnsskóli	Halli 4% og yfir	4,1%	8.051	77	3.111	4.863
Rimaskóli	Halli 2-3,9%	3,8%	14.088	2.493	12.936	-1.340
Hagaskóli	Halli 2-3,9%	3,7%	11.467	-4.013	6.869	8.612
Vesturbæjarskóli	Halli 2-3,9%	3,6%	8.828	1.105	-4.476	12.199
Foldaskóli	Halli 2-3,9%	3,5%	13.682	495	13.859	-673
Sæmundarskóli	Halli 2-3,9%	3,1%	11.215	1.216	7.665	2.334
Ingunnarskóli	Halli 2-3,9%	2,9%	8.795	-3.786	9.251	3.330
Hlíðaskóli	Halli 2-3,9%	2,9%	11.326	533	6.613	4.179
Langholtsskóli	Halli 2-3,9%	2,7%	12.189	-4.639	13.526	3.301
Dalskóli	Halli 2-3,9%	2,5%	5.209	-2.141	2.075	5.276
Fossvogsskóli	Halli 2-3,9%	2,1%	4.649	-365	-6.879	11.894
Selásskóli	Halli 0-1,9%	1,2%	2.393	-715	87	3.022
Melaskóli	Halli 0-1,9%	1,1%	4.081	-5.527	-2.888	12.496
Grandaskóli	Halli 0-1,9%	0,8%	1.772	-2.089	-2.227	6.088
Fellaskóli	Halli 0-1,9%	0,6%	2.006	-959	4.117	-1.153
Hamraskóli	Halli 0-1,9%	0,5%	763	-3.725	398	4.090
Breiðagerðisskóli	Halli 0-1,9%	0,2%	443	-533	-6.924	7.900
Vogaskóli	Halli 0-1,9%	0,1%	369	-92	-7.461	7.922
Vættaskóli	Afgangur	-0,1%	-552	-3.566	3.195	-181
Laugalækjarskóli	Afgangur	-0,2%	-561	-7.842	4.780	2.501
Kelduskóli	Afgangur	-0,8%	-2.839	-913	-8.017	6.090
Húsaskóli	Afgangur	-1,1%	-2.019	-1.905	-1.451	1.337
Árbæjarskóli	Afgangur	-1,1%	-4.741	-2.710	-1.052	-979
Klébergsskóli	Afgangur	-1,5%	-2.675	36	-5.170	2.459
Austurbæjarskóli	Afgangur	-2,3%	-7.637	688	-6.139	-2.185
Laugarnesskóli	Afgangur	-2,6%	-8.705	-2.443	-9.378	3.116
Klettaskóli	Afgangur	-3,5%	-15.601	-1.477	-27.523	13.399
Réttarholtsskóli	Afgangur	-6,8%	-17.527	39	-18.346	780
Brúarskóli	Afgangur	-7,3%	-16.569	852	-23.445	6.024

Meðfylgjandi tafla sýnir rekstrarniðurstöðu borgarrekinnna **leikskóla** tímabilið janúar til júníloka 2016:

Stofnun	Rekstrarniðurstaða	Halli í %	Frávik	Frávik í tekjum	Frávik í launakostnaði	Frávik í öðrum rekstrarkostnaði
Nóaborg	Halli 4% og yfir	17,4%	9.725	-276	8.415	1.586
Bakkaberg	Halli 4% og yfir	17,0%	15.773	-50	11.668	4.155
Miðborg	Halli 4% og yfir	13,1%	14.336	-96	13.436	996
Hagaborg	Halli 4% og yfir	11,6%	9.425	-122	8.059	1.489
Sjónarhóll	Halli 4% og yfir	11,6%	305	0	-185	490
Sunnúás	Halli 4% og yfir	11,4%	14.605	-845	6.867	8.583
Sólborg	Halli 4% og yfir	11,1%	11.057	-210	11.399	-132
Jörfi	Halli 4% og yfir	10,5%	6.575	-43	6.349	269
Geislabaugur	Halli 4% og yfir	10,0%	9.843	-9	6.609	3.243
Hólaborg	Halli 4% og yfir	8,6%	4.659	5	3.123	1.531
Hlíð	Halli 4% og yfir	8,4%	8.802	27	7.212	1.563
Múlaborg	Halli 4% og yfir	8,3%	7.741	30	8.271	-560
Brákaborg	Halli 4% og yfir	7,7%	3.270	-450	3.374	345
Vesturborg	Halli 4% og yfir	7,3%	4.384	-237	3.367	1.254
Borg	Halli 4% og yfir	6,7%	6.911	-1	1.685	5.227
Grandaborg	Halli 4% og yfir	6,6%	5.202	-89	4.330	961
Langholt	Halli 4% og yfir	6,3%	9.418	-477	9.832	63
Ösp	Halli 4% og yfir	5,7%	2.855	-888	2.498	1.245
Suðurborg	Halli 4% og yfir	5,4%	5.822	-1.637	3.850	3.610
Klambrar	Halli 4% og yfir	5,2%	3.438	-73	3.112	400
Álftaborg	Halli 4% og yfir	5,2%	4.003	0	-1.308	5.311
Reynisholt	Halli 4% og yfir	4,9%	3.556	-475	3.195	836
Grænaborg	Halli 4% og yfir	4,9%	3.110	-92	1.660	1.542
Maríuborg	Halli 4% og yfir	4,7%	3.612	6	3.065	540
Mýri	Halli 4% og yfir	4,4%	1.698	10	1.653	34
Seljakot	Halli 4% og yfir	4,3%	2.378	-33	1.763	648
Bjartahlíð	Halli 2-3,9%	3,9%	4.752	-476	3.947	1.280
Lyngheimar	Halli 2-3,9%	3,9%	2.554	23	1.842	688
Rofaborg	Halli 2-3,9%	3,6%	3.552	-332	3.077	808
Hulduheimar	Halli 2-3,9%	3,4%	2.255	-60	-2.785	5.101
Tjörn	Halli 2-3,9%	3,4%	2.826	4	1.090	1.731
Bakkaborg	Halli 2-3,9%	3,3%	3.058	0	2.714	344
Gullborg	Halli 2-3,9%	3,2%	2.356	2	2.139	215
Steinahlíð	Halli 2-3,9%	3,0%	1.576	12	420	1.145
Sæborg	Halli 2-3,9%	3,0%	2.014	-73	1.503	584
Laugasól	Halli 2-3,9%	2,8%	4.014	-138	3.654	498
Árborg	Halli 2-3,9%	2,7%	1.419	15	974	430
Rauðhóll	Halli 2-3,9%	2,5%	4.778	0	4.587	191
Sunnufold	Halli 0-1,9%	1,9%	2.406	-125	-465	2.996
Fífuborg	Halli 0-1,9%	1,9%	1.252	-100	1.126	226
Engjaborg	Halli 0-1,9%	1,9%	1.212	0	-3.665	4.877
Rauðaborg	Halli 0-1,9%	1,6%	720	3	161	556
Blásalir	Halli 0-1,9%	1,5%	1.017	-130	88	1.059
Hraunborg	Halli 0-1,9%	1,0%	533	-54	-1.197	1.784
Drafnarsteinn	Halli 0-1,9%	0,9%	914	-2.184	2.821	276
Hálsaskógur	Halli 0-1,9%	0,5%	532	-1.269	1.016	785
Heiðarborg	Halli 0-1,9%	0,0%	21	-125	-1.160	1.306

Stofnun	Rekstrarniðurstaða	Afgangur %	Frávik	Frávik í tekjum	Frávik í launakostnaði	Frávik í öðrum rekstrarkostnaði
Stakkaborg	Afgangur	-0,4%	-264	2	138	-403
Jöklaborg	Afgangur	-0,5%	-411	-222	-831	642
Furuskógur	Afgangur	-0,7%	-748	-29	-2.492	1.774
Seljaborg	Afgangur	-0,9%	-425	-270	-1.456	1.301
Ægisborg	Afgangur	-1,2%	-914	6	-1.315	395
Klettaborg	Afgangur	-1,5%	-1.004	5	-4.910	3.901
Brekkuborg	Afgangur	-1,7%	-1.089	3	-679	-413
Laufskálar	Afgangur	-1,8%	-1.338	-881	-1.512	1.055
Hof	Afgangur	-2,0%	-1.864	-537	-1.392	66
Kvistaborg	Afgangur	-2,4%	-1.270	-373	-3.427	2.529
Austurborg	Afgangur	-3,1%	-2.360	-30	-3.963	1.633
Garðaborg	Afgangur	-3,3%	-1.501	-88	-1.572	160
Holt	Afgangur	-3,8%	-3.479	0	-3.640	161
Vinagerði	Afgangur	-4,0%	-2.451	-6	-6.422	3.976
Hamrar	Afgangur	-8,2%	-6.349	-30	-5.609	-710

Meðfylgjandi tafla sýnir rekstrarniðurstöðu **frístundamiðstöðva** árið janúar-júní 2016:

Stofnun	Rekstrarniðurstaða	Afgangur í %	Frávik	Frávik í tekjum	Frávik í launakostnaði	Frávik í öðrum rekstrarkostnaði
Frístundamiðstöðin Ársel	Afgangur	-9,6%	-15.064	327	-15.544	153
Frístundamiðstöðin Kringlumýri	Afgangur	-7,8%	-21.292	3.278	-26.258	1.687
Frístundamiðstöðin Frostaskjól	Afgangur	-6,0%	-10.552	-2.200	-8.594	242
Frístundamiðstöðin Gufunesbær	Afgangur	-5,4%	-10.213	-6.186	-6.037	2.010
Frístundamiðstöðin Miðberg	Afgangur	-3,5%	-6.889	-7.980	-259	1.350
Frístundamiðstöðin Kampur	Afgangur	-1,0%	-1.279	-3.178	4.346	-2.447
Frístund Klettaskóla	Afgangur	14,2%	22.198	-1.821	16.298	7.721
Frístundaklúbbar	Afgangur	-21,1%	-15.156	346	-19.200	3.698



Borgarráð Reykjavíkur Ráðhúsinu 101 Reykjavík

Erindi: Umsógn endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar vegna árshlutareiknings A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar – júní 2016.

Meðal verkefna endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, annast eftirlit með innra eftirliti, innri endurskoðun og áhættustýringu og eftirlit með ytri endurskoðun. Í samræmi við eftirlitshlutverk sitt hefur nefndin farið yfir árshlutareikninga sem lagðir eru fyrir borgarráð.

Nefndin hefur átt fund með fjármálastjóra og borgarþóttara um árshlutareikning Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar – júní 2016. Á fundinum var rætt um framkvæmd könnunar samkvæmt alþjóðlegum staðli ISRE 2410, óskað upplýsinga um helstu álitamál og mikilvæga liði í reikningsskilunum og farið yfir atriði sem varða framsetningu árshlutareikningsins. Nefndin hefur með sama hætti rætt við ytri endurskoðendur Orkuveitu Reykjavíkur en árshlutareikningur Orkuveitunnar hefur töluvert vægi í árshlutareikningi samstæðu Reykjavíkurborgar. Samkvæmt upplýsingum endurskoðenda verður árshlutareikningur Orkuveitunnar fyrir tímabilið janúar - júní 2016 áritaður með könnunaráritun endurskoðenda án ábendingar eða fyrirvara.

Til grundvallar umsagnar endurskoðunarnefndar um reikningsskil Reykjavíkurborgar er sérstök úttekt Innri endurskoðunar frá janúar 2014 á vinnuferli við gerð reikningsskila A-hluta og samstæðu borgarinnar sem nefndin hefur áður gert grein fyrir. Að tilmælum endurskoðunarnefndar lagði fjármálastjóri fram tímasetta áætlun um viðbrögð Fjármálaskrifstofu við ábendingum Innri endurskoðunar sem gerði ráð fyrir því að öllum úrbótum skyldi lokið fyrir árslok 2014. Úrbætur Fjármálaskrifstofu hafa enn ekki gengið að fullu eftir. Á meðal alvarlegra ábendinga eru skortur á verklagsreglu um afstemmingu almennra viðskiptakrafna og aðkomu fagsviða á afstemmingu óinnheimtra krafna. Fjármálaskrifstofa áformar nú að viðbrögðum við þessum ábendingum verði lokið 1. október 2016. Endurskoðunarnefndin hefur fengið úrbótaáætlun fjármálaskrifstofu við alvarlegum ábendingum um innra eftirlit sem fram koma í skýrslu ytri endurskoðenda til borgarstjóra dags. í apríl 2016 og mun fylgja áætlunum fjármálaskrifstofu eftir.

Ofangreind yfirferð og skoðun endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar á árshlutareikningi borgarinnar fyrir tímabilið janúar – júní 2016 hefur ekki leitt í ljós annað en að árshlutareikningurinn sé gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglur sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga.



Nefndin telur rétt að vekja athygli á samandregnum niðurstöðum og helstu ábendingum sem fram koma í greinargerðum fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu 6 mánaða uppgjörs Reykjavíkurborgar 2016.

Reykjavík, 23. ágúst 2016


Ólafur B. Kristinsson


Inga Björg Hjaltadóttir


Sunna Jóhannsdóttir